



Áð minnsta kosti 24 flóttamenn, þar á meðal börn og ólétt kona, drukknuðu þegar gúmmibátur sem þau sigldu á áleiðis til grísku eyjarinnar Lesbos sökk. Hér hugar tyrkneskur hermaður að karlmanni sem skolaði upp á land á Ayvalik í Tyrklandi. Sjá síðu 10 FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Reyndur maður sætir rannsókn

Ríkissaksóknari fær aðstoð lögreglu við rannsókn á alvarlegum brotum reynds lögreglumanns sem sætir gæsluvarðhaldi. Þingmaður Pírata segir nauðsynlegt að koma upp virku eftirliti með störfum lögreglu.

LÖGREGLUMÁL „Hann hefur starf- að hjá lögreglunni í nokkur ár,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson aðstoðarríkissaksóknari um lögreglumann sem hefur sætt gæsluvarðhaldi í nokkra daga vegna gruns um alvarleg brot í starfi. Lögreglu- maðurinn er karlmaður á fimmtugsaldri og er í einangrun sökum rannsóknarhagsmuna.

Helgi Magnús neitar því ekki að rannsóknin snúi að óeðlilegum samskiptum hans við brotamenn og segir að málið verði rannsakað af embætti ríkissaksóknara með aðstoð lögreglu. „Við höfum lögregluna okkur til aðstoðar, en ekki lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.“

Hann segir mál lögreglumanns- ins og yfirmanns í fikniefnadeild lögreglunnar, sem var fluttur til í starfi, ekki nátengd. „Málin eru ekki nátengd og eru ekki rannsökuð sem eitt og sama málið. Ég get þó ekki tjáð mig um það, hvort við séum að rannsaka hitt málið.“

Í nóvember skilaði nefnd, sem innanríkisráðherra skipaði, skýrslu um meðferð kærumála gagnvart lögreglu. Í henni er lagt til að ráðherra skipi þriggja manna eftirlitsnefnd með störfum lögreglu sem hafi það verkefni að taka við erindum frá almenningi.

Helgi Hrafn Gunnarsson, þing- maður Pírata, segir tillögur nefndar-

Embætti lögreglu er mannleg stofnun. Það eru brestir í öllum mannlegum stofnunum.

Helgi Hrafn Gunnarsson þingmaður Pírata



innar ekki duga. Mikilvægt sé að koma upp sjálfstæðri stofnun sem hafi eftirlit með störfum lögreglunnar og hafi frumkvæði að því að skoða einstök mál.

„Embætti lögreglu er mannleg stofnun. Það eru brestir í öllum mannlegum stofnunum. Lögreglan er hins vegar eina mannlega stofnunin sem hefur heimild til að beita líkamlegu valdi. Í því sambandi er mikilvægt að hafa eftirlit með lögreglumönnum.“

Eftirlitið sem við viljum er miklu víðtækara en einfaldlega það hvort þeir fara eftir hegningarlögum eða ekki,“ segir Helgi Hrafn.

„Það er svo mikilvægt að fyrirbyggja þessa hluti og að lögreglumenn viti að þeir séu ekki einu varðmennirnir, heldur séu líka aðrir varðmenn að fylgjast með varðmönnum.“ – kbg, ngy

Fréttablaðið í dag

MARKAÐURINN Golfklúbbarnir velta samtals 2 milljörðum. Forseti **Golfsambandsins** telur unnt að reka íþróttina án opinbers stuðnings.



SKOÐUN Sindri Sigurgeirsson skrifar um hátíðarkveðjur úr Högum. **12-13**

SPORT Svona komast handbolta- strákarnir okkar á ÓL í Ríó. **16**

MENNING Elmar Gilbertsson og Guðrún Ingimarsdóttir syngja með Sinfóníunni á Vinartón- leikum þrjá næstu daga. **22**

LÍFIÐ Leiðarvísir að nothæfum og skynsamlegum kaupum á útsölum. **28-30**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Viltu vinna 30 milljóna króna íbúð á nýju ári?


Kaupu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.

DREGIÐ Á MORGUN!



DRÖGUM ÚT ÍBÚÐ 28. JANÚAR - DREGIÐ Í HVERRI VIKU!

Veður



Í dag má búast við austan 13 til 23 metrum á sekúndu, hvassast syðst á landinu. Með fylgir dálítil snjóköma eða slydda, en síðan hlánar um kvöldið með rigningu um landið sunnan- og austanvert í kvöld. **SJÁ SÍÐU 20**



Sumarhús hafa verið við Elliðaavatn í nær hundrað ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vonast eftir sátt við Elliðaavatn

UMHVERFISMÁL Orkuveitan bindur vonir við að sátt náist við eigendur sumarhúsa sem fyrirtækið vill að hverfi af leigulöðum á landi hennar við Elliðaavatn. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu sendi lögmaður hluta húseigendanna Orkuveitunni bréf þar sem kröfum og sjónarmiðum fyrirtækisins er hafnað.

„Það er stefna OR að sumarhúsa-byggðin víki af vatnsverndarsvæðinu með tíð og tíma enda skuli verndun drykkjarvatns fyrir höfuðborgarsvæðið hafa forgang fram yfir hagsmuni einstaklinga. Fyrirtækið vinnur enn að því markmiði,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR. Vonandi náist sátt við flesta. – gar

Gerður að heiðursborgara í Palestínu

PALESTÍNA „Ég er komin með nýtt palestínsk vegabréf sem heiðursborgari og þykir afskaplega vænt um það. Þetta er mikil viðurkenning fyrir mig,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður félagsins Ísland-Palestína, en hann var gerður að heiðursborgara í Palestínu af Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, í borginni Ramalla í gær. Hann hlaut í viðurkenningarskyni nýtt vegabréf.

„Þetta er auðvitað líka viðurkenning fyrir félagið Ísland-Palestína og sýnir mikilvægi stuðningsins sem Íslendingar hafa veitt réttmætri baráttu palestínsku þjóðarinnar fyrir rétti sínum, friði og mannréttindum. Þá á ég líka við Alþingi,“ segir Sveinn Rúnar og bætir við að heiðursverðlaunin séu hvatning til áframhaldandi baráttu. – ngy

Leikarar lásu saman fyrir Mamma Mia



Opinn samlestur fyrir Mamma Mia fór fram í forsal Borgarleikhússins í gær. Unnur Ösp Stefánsdóttir leikstýrir hópnum sem samanstendur af fjórtán leikurum og tíu dönsurum. Verkið verður frumsýnt þann 11. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Minntist þeirra sem fórust

FRAKKLAND François Hollande, forseti Frakklands, heiðraði í gær minningu þeirra sem féllu í árs íslamskra hryðjuverkamanna á ritstjórnarskrifstofu Charlie Hebdo.

Árásin var gerð þann 7. janúar í fyrra. Auk starfsmanna ritstjórnarinnar lét lögreglumaður lífið þegar hann elti árásmennina.

Ekkja lögreglumannsins sem fórst í árásinni ætlar að höfða mál gegn hinu opinbera vegna mistaka hjá lögreglu. Hún segir að hótanir í garð Charlie Hebdo hafi ekki verið teknar nógu alvarlega.

Skjöldur var minningar um árásirnar var afhjúpaður fyrir utan fyrrverandi skrifstofu Charlie Hebdo. Þau leiðu mistök urðu aftur á móti að nafn eins þeirra sem fórst var rangt stafað. Það olli mikilli hneykslan viðstaddra og var skjöldurinn umsvifalaust hulinn aftur. – jhh

Ráðalaus vegna tólf ára dóttur í mikilli neyð

Einstæð fjögurra barna móðir telur úrræði vanta til að hjálpa tólf ára dóttur sinni. Biðlistar gríðarlangir og enga hjalp að fá. Dóttirin skaðar sjálfa sig og hefur leitað í áfengi til að lina þjáningar. Reyndi sjálfsvíg fyrir einu og hálfu ári.

SAMFÉLAG Valdís Ósk Valsdóttir, einstæð fjögurra barna móðir í Reykjanæsbæ, segist koma að lokuðum dyrum vegna veikinda 12 ára dóttur sinnar. Dóttir hennar sýnir af sér sjálfskaðandi hegðun og hefur litla sem enga hjalp fengið í heilbrigðiskerfinu í um eitt og hálf ár. „Þetta er spurning um líf og dauða,“ segir Valdís.

„Það er um eitt og hálf ár síðan dóttir mín reyndi sjálfsvíg. Ég enda með hana á spítala á þriðjudegi og fæ í kjölfarið neyðartíma á BUGL. Sá neyðartími var fjórum sólarhringum seinna og því þurfti ég að biða eftir honum og vaka yfir dóttur minni. Viðtalið á BUGL var um 20 mínútur að lengd. Svo fæ ég bara viku seinna blað inn um lúgunu um að barnið mitt sé útskrifað af stofnuninni og sagt að ekki þurfi að greina málið frekar,“ segir Valdís Ósk.

„Nú er svo komið að hún er skorin um allan líkama vegna sjálfskaðandi hegðunar og ég hef tilkynnt allt til barnaverndaryfirvalda til að fá hjalp en ekkert gerist. Í minni tilfelli er þetta spurning um líf og dauða barnsins.“

Valdís Ósk segir að hún komi að lokuðum dyrum í heilbrigðiskerfinu. Ef hún væri með líkamlega sjúkdóma væri hún búin að fá aðstoð fyrir löngu síðan en þar sem dóttir hennar eigi við andleg veikindi að stríða sé lítið hægt að gera. Langir biðlistar eftir aðstoð geri lítið fyrir hana. Barnið hennar hafi fyrir skömmu leitað í áfengi til að lina þjáningar sínar, þá aðeins 12 ára gömul.

„Ef ekkert verður að gert mun



„Dóttir mín gerir sér grein fyrir því að hún þarf á hjalp að halda,“ segir Valdís Ósk, fjögurra barna einstæð móðir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

barnið enda á kafi í fikniefnum innan árs því hún leitar í hvaðeina til að deyfa sársaukann innra með sér. Því skiptir máli að gera eitthvað sem fyrst fyrir barnið því hún þarf svo sannarlega á hjalp að halda,“ segir Valdís Ósk.

Hún segist ekki vilja óska sínum versta óvini að takast á við þessar raunir. „Ég hef nú verið með barnið mitt í gjörgæslu nánast í eitt og hálf ár og þetta er gríðarlega erfitt. En ég gefst ekki upp og held áfram að berjast fyrir barnið mitt.“

sveinn@frettabladid.is

Tvíþættur tilgangur

Við sjálfskaða framleiðir líkaminn endorfin sem er nokkurs konar náttúrulegt verkjalyf líkamans. Því má segja að tilgangur sjálfskaðans sé tvíþættur. Annars vegar að kalla fram líkamlegan sársauka sem yfirgnæfir andlegan sársauka eða er skiljanlegri en andlegi sársauki. Hins vegar deyr endorfinviðbragðið sársauka, bæði líkamlegan og andlegan.



TENNIS

er skemmtileg hreyfing

- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.



Skráning og upplýsingar í síma 564 4030 eða á tennishollin.is

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur en fjölskylda Þórhalls hefur stundað garðyrkju þar frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi, pakkað og komið beint til neytenda svo ferskleikinn er tryggður.

- Gúrkusafi Þórhalls og Erlu sem hressir, bætir og kætir! -

// 1 stk gúrka // 1 stk epli // 2 cm engifer // ca 10 blöð og stöngull af myntu //
Lítið mál að bæta við steinselju, selleri, kóríander, spínati. Því grænni því betri!

Allt sett í safavélina. Auðvelt að setja á flösku og taka með í vinnuna eða bara njóta áður en vinnudagurinn hefst.



Launakostnaður hækkað mikið í sorphirðu

REYKJAVÍK Ekki verður gefið út hefðbundið sorphirðudagatal fyrr en reynsla er komin á nýtt fyrirkomulag á breyttri hirðutíðni tunna í Reykjavík sem tók gildi um áramótin. Nú er almennt sorphirt á fjórtán daga fresti í stað tíu daga. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins gagnrýndi breytinguna í Fréttablaðinu í gær.

Þangað til reynsla er komin á fyrirkomulagið verða borgarbúar að leita upplýsinga um áætlað hirðu- svæði á heimasíðu borgarinnar.

Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, segir að í stuttu máli byggist breytingin á hirðutíðninni á að verið er að mæta þeirri rúmmálsminnkun sem aukin flokkun og skil plastics hefur í för með sér.

Þá séu gjöld árið 2016 á íbúð í Reykjavík að jafnaði 26.320 kr. á ári sem sé sambærilegt við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. „Í Reykjavík er boðið upp á hirðu

á pappír og plasti við heimili auk blandaðs úrgangs og net grenndarstöðva er hvað þéttast í Reykjavík en 85% íbúa hafa aðgengi að grenndarstöð í 500 m fjarlægð eða minna.“

Í Reykjavíkurborg eiga tekjur að standa undir þeim kostnaði sem fellur til vegna starfsemi sorphirðunnar. Eygerður segir kostnaðinn samanstanda af fimm meginþáttum. „Launakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn eða um 46% og hefur hann hækkað töluvert undanfarið ár,“ segir Eygerður. – kbg



Nú verður rusl hirt á fjórtán daga fresti í stað tíu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Írakar teknir með fölsuð skilríki

LÖGREGLUMÁL Þrjú mál eru til rannsóknar hjá lögreglunni á Suðurnesjum sem varða framvísun falsaðra skilríkja í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Einstaklingarnir sem um ræðir eru allir íraskir karlmenn en lögreglan á Suðurnesjum gat ekki veitt upplýsingar um hvaðan þeir ferðudust við komu til landsins. Mennirnir framvísuðu breytifölsuðum skilríkjum, þar á meðal ísraelsku og ítölsku vegabréfi.

Mennirnir hafa verið leiddir fyrir dómara og sitja nú í gæsluvarðhaldi að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum og eru málin komin í hefðbundið ferli. – pv

Fortitude II í tókur í febrúar

KVIKMYNDAGERÐ Tökur á annarri syrpu bresku spennuþáttanna Fortitude hefjast í Fjarðabyggð í febrúar.

„Kvikmyndatökur verða á tveimur tímabilum; 1. febrúar til 28. febrúar og síðan frá 28. mars til 25. apríl,“ segir bæjarráð Fjarðabyggðar þar sem á dögunum var tekið jákvætt í erindi kvikmyndafélagsins Pegasusar vegna nauðsynlegra leyfisveitinga fyrir framleiðsluna. Fyrri þáttaröðin, sem tekin var að stórum hluta upp á Reyðarfirði fyrir tæpum tveimur árum, var meðal annars sýnd í Bretlandi, Bandaríkjunum, Kanada og Ástralíu og fékk góðar viðtökur. – gar

HEILBRIGÐISMÁL

Samið um heimahjúkrun Sjúkratryggingar Íslands og Reykjavíkurborg hafa gert með sér nýjan samning til fjögurra ára um rekstur og framkvæmd heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu. Árlegur kostnaður við samninginn nemur rúmum 1,3 milljörðum króna.

Sameining safna enn í umræðu

Hugmynd hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar fær framhaldslif í hugmyndum Viðskiptaráðs um fækkun ríkisstofnana. Borðleggjandi, segir formaður fjárlaganefndar. Hugmyndin hafi þó verið drepin í kerfinu.

STJÓRNSÝSLA Hluta hugmynda Viðskiptaráðs um fækkun ríkisstofnana má finna stað í tillögum hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar um aukna framleiðni og skilvirkni í ríkisrekstri frá 2013. Tillögurnar lúta að sameiningu á yfirstjórn safna á vegum hins opinbera, og þar á meðal allra höfuðsafnanna þriggja.

Viðskiptaráð birti 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana um miðjan desember og lagði reyndar til að ríkisstofnunum yrði fækkað um rúmlega 100, úr 188 í 70. Ein þessara tillagna laut að samrekstri safna sem ríkið rekur í dag, eða níu talsins. Slikur samrekstur, samkvæmt hugmyndum ráðsins, myndi fela í sér sameiningu án þess að slíkt þurfi að fela í sér breytingu á fjölda eða skipulagi starfsstöðva, en hægt væri að ná fram hagræðingu í stjórnunarkostnaði, stoðþjónustu, samræmdum vinnubrögðum og sérfræðiþekkingu án þess að draga úr kjarnastarfsemi á hverjum stað.

Í nóvember 2013 birti hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar 111 sparnaðartillögur og tvær þeirra, númer 36 og 37, fjölluðu um að yfirstjórnir Náttúruminjasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Einarssonar og Listasafns Íslands yrðu sameinaðar, annars vegar. Hins vegar að yfirstjórnir Landsbókasafns Íslands, Kvikmyndasafns Íslands, Hljóðbókasafns Íslands og Þjóðskjalasafns Íslands yrðu sameinaðar.

Hugmynd Viðskiptaráðs er að öll söfnin sem hér eru nefnd fyrir ofan rynn saman í eina stofnun – Safnastofnun.

Eftir að tillögurnar lágu fyrir var stofnaður samráðshópur um innleiðingu og eftirfylgni þeirra með fulltrúum allra ráðherra. Nokkrar þeirra hafa þegar náð fram að

Kerfið vill ekki minnka; það ver sig sjálft. Það er ekki nokkur leið að hreyfa við neinu, enda hefur kerfið sína málsvara á þingi, samanber umræðuna um Þróunarsamvinnustofnun.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis



ganga, en minna farið fyrir öðrum.

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, sem sat einnig í hagræðingarhópnum, segir að tillögur Viðskiptaráðs hafi efnislega ekkert komið til umræðu í fjárlaganefnd eða í hennar hópi. Hugmynd hagræðingarhópsins telur hún heldur ekki hafa náð lengra enda hafi „kerfið tekið öllum þessum hugmyndum mjög illa. Kerfið vill ekki minnka; það ver sig sjálft. Það er ekki nokkur leið að hreyfa við neinu, enda hefur kerfið sína málsvara á þingi, samanber umræðuna um Þróunarsamvinnustofnun“. Þar vísar Vigdís til andstöðu stjórnarandstöðunnar á Alþingi á liðnum vikum.

Hugmyndin um eina stofnun sem annaðist öll söfn í umsjón ríkisins telur Vigdís hins vegar vera algjörlega borðleggjandi og eiga að vera einfalda í framkvæmd. „Heilbrigð skynsemi segir okkur að þetta sé eina vitið,“ segir Vigdís. svavar@frettabladid.is



Þjóðminjasafnið, auk hinna höfuðsafnanna, er sagt eiga heima innan einnar stofnunar til viðbótar við fleiri minni söfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

/// Dæmi um samrekstur

SAFNASTOFNUN

Listasafn Einarssonar	Náttúruminjasafn Íslands	Listasafn Íslands	Þjóðminjasafn Íslands	Hljóðbókasafn Íslands	Kvikmyndasafn Íslands	Landsbókasafn Íslands	Þjóðskjalasafn Íslands
-----------------------	--------------------------	-------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------	-----------------------	------------------------

STÓR-ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI 15-50% ASLÁTTUR AF MÚRBÚÐARVERÐI það er gott verð!

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

CITROËN C4



umtalaði

HVER ER ÞESSI CACTUS?

Hugmyndafræðin að baki Citroën C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus er líka sérstaklega sparneytinn en hann eyðir einungis frá 3,4 l/100 km og losar aðeins 89 g/km.

C4 Cactus hefur aldeilis slegið í gegn. Nú þegar hefur hann hlotið 25 verðlaun viðsvegar um heiminn. Þar á meðal hlaut hann titilinn Bíll ársins 2016 á Íslandi í sínum flokki.

VERÐ FRÁ EINUNGIS **2.690.000** KR.

Velkomin í reynsluakstur

 Frá **3,4** l/100 km

 Frá **89** g/km

CRÉATIVE TECHNOLOGIE


Öruggur staður til að vera á

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshófa 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050


CITROËN

Rólegrí dagur í kauphöllum heimsins

EFNAHAGSMÁL Rólegra var á kínverskum hlutabréfamörkuðum í gær en í byrjun viku þegar gengi bréfa hriðféll svo að kauphöllum í Sjanghæ var lokað. Hlutabréfin héldu áfram að falla í gær en um var að ræða mun minni lækkun. Sjanghæ-úrvalsvísitalan féll um 0,3 prósent og Hang Seng í Hong Kong féll um 0,7 prósent.

Evrópskir markaðir virðast einnig hafa tekið við sér og hækkuðu lítillega, eftir lækkunir á mánudag. FTSE 100 vísitalan í Bretlandi hækkaði um 1,09 prósent strax í gærmorgun eftir 2,6 prósent lækkun á mánudag. Bandarískir markaðir lækkuðu hins vegar aðeins. –sg

Leggja til að 16 ára fái að kjósa

SVÍÐJÓÐ Formaður lýðræðisnefndarinnar, sem sænsk stjórnvöld settu á laggirnar, leggur til að kosningaaldurinn verði í tilraunaskyni miðaður við 16 ár í sveitarstjórnarkosningunum 2018.

Í aðsendri grein í dagblaðinu Expressen færir formaðurinn, Olle Wästberg, rök fyrir tillögunni. Hann bendir meðal annars á að reynslan af slíkum tilraunum í Noregi hafi verið góð. Rannsóknir hafi jafnframt leitt í ljós að ekki sé mikill munur á þroska 16 ára unglina og 18 ára.

Wästberg bendir einnig á að Evrópuþingið hafi mælt með því við aðildarríki Evrópusambandsins að kosningaaldurinn verði 16 ár í Evrópuþingskosningum. –ibs

Vitringarnir þrír í Baskalandi



Opinberunardagurinn Karlmenn klæddir sem vitringarnir þrír koma á kameldýrum í skrudgöngu í San Sebastian í Baskalandi í gær. Í dag er 6. janúar. Þá er minnst fæðingar Kristis í Betlehem, skírnar í ánni Jórdan og fyrsta kraftaverksins í brúðkaupinu í Kana í Galíleu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fimmtungur starfsmanna án samnings

Í vikunni hafa verið skipulagðir samningafundir sveitarfélaga við tónlistarkennara og félög iðnaðarmanna. VLFA biður niðurstöðu Félagsdóms í lok janúar. Formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum vongóð um að fundað verði og samningar náist.

KJARAMÁL Samband íslenskra sveitarfélaga á eftir að ná kjarasamningum við tvo fimmtu þeirra verkalýðsfélaga sem samið er við, eða 27 af 67 félögum. Samkvæmt upplýsingum frá sambandinu ná þeir kjarasamningar sem búið er að gera þó til um 82 prósent starfsmanna sveitarfélaganna.

Sveitarfélögin áttu alla sína samninga eftir þegar niðurstaða náðist í viðræðum SALEK-hópsins í lok október. Í desemberbyrjun var samningum lokið við rúman helming.

Meðal þeirra sem út af standa eru félag tónlistarskólakennara, þrjú félög iðnaðarmanna og Verkalýðsfélag Akraness (VLFA). Sveitarfélögin hafa samið við 19 af 24 félögum ASÍ, en tón-

listarkennarar eru eina félag Kennarasambandsins (KÍ) sem ekki hefur verið samið við.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, segist vongóð um að samningar náist og bjóst við að fundað yrði í deilunni í vikunni. „Okkar vonir standa til að við fáum sams konar meðferð og kollegar okkar við samningaborðið og það komi núna sem eftir á að leiðrétta í okkar kjarasamningi,“ segir hún. „Við erum bjartsýn á að þetta verði bæði málefnalegt og sanngjarnt núna.“ Félagið var í fimm vikur í verkfalli síðla hausts 2014.

Í dag hefur verið boðað til fundar samninganefndar sveitarfélaga við

Við teljum SALEK-samkomulagið brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og á stjórnarskrá og erum að láta reyna á það.

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA



sameiginlega samninganefnd VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna, Matviss og Samiðnar. Þar er nokkuð í land enn þá og ýmis atriði undir hjá

hverju félagi, svo sem óánægja með ákvæði um starfsmat hjá matreiðslufólki.

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA, segir hins vegar ekki stranda á öðru en ákvæði um SALEK-samkomulagið sem sveitarfélögin geri kröfu um að verði hluti af nýjum kjarasamningi. Aðalmeðferð í máli sem verkalýðsfélagið hafi höfðað fyrir Félagsdómi vegna þessa fari fram 27. janúar og viðræður tilgangslausar þar til dómur hafi fallið. „Við teljum SALEK-samkomulagið brot á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur og á stjórnarskrá og erum að láta á það reyna. Um launabreytingarnar sem slíkar er enginn ágreiningur,“ segir hann. olkr@frettabladid.is

Samið við 40 félög af 67

Sveitarfélögin eiga eftir sjúkraliða og slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn. Þá eru eftir öll félög Bandalags háskólanna (BHM). Eins er ólokið samningum við hjúkrunarfræðinga, Félag skipstjórnarmanna, Kjarafélag tæknifræðingafélags Íslands, Stéttarfélag byggingafræðinga, Stéttarfélag verkfræðinga og Verkstjórásamband Íslands. Samið hefur verið við félög Kennarasambands Íslands, nema Félag tónlistarkennara, og samningum lokið við 19 af 23 félögum ASÍ. Þar standa út af VM, Matvís, Samiðn og VLFA.



Andaðu með nefinu



- Loft innan fárra mínútna
- Illmur af mentól og eukalyptus



Otrivin®

Otrivin Menthol ukonservet, nefúði, lausn. Inniheldur xylometazólinhýdróklóríð. Ábendingar: Bólgur og aukin slimmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Otrivin Menthol 1,0 mg/ml er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Fyrir fyrstu notkun á að ýta 4 sinnum á úðarann til að undirbúa dæluna. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Frábendingar: Ofnæmi fyrir xylometazólini eða einhverju innihaldsefnanna. Ekki má nota Otrivin Menthol eftir heiladingsnáám, skurðaðgerðir um nef/munn, hjá sjúklingum með þrönghornsgláku eða nefslímubólgu með óeðlilega þurri nefslímhúð eða með slímhúðarvisnun. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhöf, sykursýki, háþrýsting, hjarta og æðasjúkdóma, slagæðargulpi, erfiðleika við þvaglát, æxli í nyrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Má ekki nota handa börnum yngri en 12 ára og ekki lengur en í 10 sólarhringa. Sérstaklega skal gæta þess að fara ekki yfir ráðlagðan skammt hjá börnum og öldruðum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfshafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.

LÁNSHÆFT NÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FJARKENNSLA
Í BEINNI



LÁNSHÆFT
NÁM

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

- L** Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að gera sér frama á upplýsingatækni sviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein.

VIÐFANGSEFNI

Meðal viðfangsefna: • Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA • MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaragráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

Hefst: **25. og 26. janúar 2016** • Lýkur: **janúar 2017**
Lengd: **546 std.** • Dag- og kvöldhópar • Verð án prófa: **899.000 kr.**
Verð með 8 alþjóðlegum prófum: **1.099.000 kr.**

AÐRAR LÁNSHÆFAR NÁMSBRAUTIR TÆKNINÁMS

- L** Netstjórnun – CCNA
Hefst **25. janúar** • **250 std.** • **649.000 kr.**

- L** Kerfisstjórnun: MCSA+O365
Hefst **25. janúar** • **250 std.** • **649.000 kr.**

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM

Fimmtudaginn
14. janúar kl. 17:30

VIÐURKENNDUR BÓKARI

Þriðjudaginn
19. janúar kl. 18:00

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

- L** Markmiðið er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Nemendur læra einnig námstækni í MindManager hugarkortshugbúnaðinum.

Námið skiptist í fimm hluta: • **Bókhald – grunnur** • **Bókanám fyrir lengra komna** • **Skattskil einstaklinga með rekstur** • **Viðurkenndur bókari.**

Námsbrautin er unnin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ).

Hefst: **3. feb.** • Lýkur: **19. des. 2016** • Lengd: **413 std.**
Morgun- og kvöldhópar • Verð: **529.000 kr.**

LÁNSHÆFT NÁM

NÝTT

Sérstakur samstarfssamningur Promennt og Framtíðarinnar námslána-sjóðs gerir nemendum Promennt á völdum námsbrautum nú mögulegt að sækja um námslán (skólagjöld) og framfærslulán.

FJARKENNSLA

NÝTT

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem býðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námsins á ákveðnum námsleiðum.**

PROMENNT

Ávísa pillunni án tillits til áhættuþátta

Tvær konur segja heimilislækni ekki hafa farið yfir áhættu eða spurt um fjölskyldusögu þegar þær fengu ávísað getnaðarvarnarpillunni. Þær fengu báðar blóðtappa sem hægt hefði verið að komast hjá. Kvensjúkdómalæknir segist trúna því að heimilislæknar fari eftir bestu vitneskju. En skoða þurfi samstarf heimilislækna og sérfræðilækna. Aðrir áhættuþættir, eins og reykingar, séu líklegri til að valda tappa.

HEILBRIGÐISMÁL Síðustu daga hefur fjöldi ungra kvenna sagt frá reynslu sinni af blóðtöppum á samfélagsmiðlum. Flestar hafa verið kornungar þegar þær hafa greinst með blóðtappa og í flestum tilfellum hafa blóðtapparnir verið raktir til getnaðarvarnarpillunnar.

Í kvöldfréttum Stöðvar tvö í gær sagði Áróra Owen frá því að það tók hana mörg ár að fá greiningu á blóðtöppum sem hún var búin að vera með í níu ár, því hún var ekki tekin trúanleg. Fréttablaðið ræddi við tvær ungar konur sem fengu blóðtappa fyrir tvítugt en þær voru báðar í áhættuhópi að fá blóðtappa. Þær voru aftur á móti ekki spurðar út í fjölskyldusögu þegar þær fengu lyfseðil hjá heimilislækni þrátt fyrir að blóðtappi sé þekktur, en sjaldgæfur, fylgikvilli pillunnar.

„Ég var 17 ára þegar ég fékk blóðtappa. Ég fór til heimilislækni og var ekkert spurð um heilsufar eða fjölskyldusögu áður en ég fékk pilluna en það er mikið um blóðtappa í minni nánustu fjölskyldu,“ segir Ása Magnea Vigfúsdóttir. „Ég fór nokkrum sinnum til læknis vegna verkja áður en þetta var rannsakað því það þótti ekki líklegt að ég fengi blóðtappa svona ung.“

Inga Lára Magnúsdóttir hefur sömu sögu að segja: „Ég var búin að vera þrjá mánuði á pillunni þegar ég fékk blóðtappa. Ég fór til heimilislækni og fékk skrifað upp á pilluna án viðtals eða skoðunar. Margir nánir fjölskyldumeðlimir hafa fengið blóðtappa og því hefði þurft að velja sérstaklega pillu með það í huga, eða aðra getnaðarvörn.“

Ósk Ingvarsdóttir kvensjúkdómalæknir segist ekki trúna því að heimilislæknar fari ekki eftir bestu þekkingu hverju sinni með því að fara yfir aukaverkanir og



Læknir segir ofþyngd, hreyfingarleysi og reykingar vera mun alvarlegri áhættuþætti þegar kemur að blóðtappa. NORDICPHOTOS/GETTY

áhættuatriði með konum sem vilja fara á pilluna. Hún segir að alltaf eigi að byrja á að gefa konum pillur með minnstu áhættu fyrir blóðtöppum. Eingöngu sé skipt yfir í aðra tegund ef aðrar aukaverkanir verða miklar. „En ef þetta er svona er það eitthvað

sem þarf að kíkja á og leysa. Það þarf að gefa þessu gaum,“ segir hún. „Það má líka skoða það að fá kvensjúkdómalækna á heilsugæsluna til að fræða og færa þá nær konum. Fá sérfræðinga og heimilislækna til að vera í meira samstarfi.“

Ósk tekur þó fram að aðrir áskapaðir áhættuþættir vegi mun þyngra en pillan þegar komi að blóðtöppum. „Til dæmis reykingar. Það er mun mikilvægara að hætta að reykja en að hætta á pillunni ef maður vill forðast blóðtappa. Hreyfingarleysi og ofþyngd geta líka haft áhrif og

svo þessar löngu flugferðir sem fólk er að leggja á sig. Ég tala nú ekki um ef alkóhól er inni í dæminu.“

Ósk segir að ef umræða skapast um lyf og læknisfræði á samfélagsmiðlum sé rétt að hvetja fólk til að fara inn á áreiðinlegar upplýsingasíður og leita sér upplýsinga. „Samfélagsmiðlarnir eru ekki besta fræðslan um lyf og læknisfræði,“ segir Ósk.

Að lokum bendir Ósk á að pillan sé ekki eina getnaðarvörn in boði fyrir ungar konur sem ekki hafa eignast börn. „Hormónalykkjan er mun áhættuminni og engin áhætta fylgir koparlykkjunni. Það er gömul mýta að konur sem hafa ekki eignast börn geti ekki farið á lykkjuna.“

erlabjorg@frettabladid.is

Ég var búin að vera þrjá mánuði á pillunni þegar ég fékk blóðtappa. Ég fór til heimilislækni og fékk skrifað upp á pilluna án viðtals eða skoðunar.

Inga Lára Magnúsdóttir



Það er mun mikilvægara að hætta að reykja en að hætta á pillunni ef maður vill forðast blóðtappa. Hreyfingarleysi og ofþyngd geta líka haft áhrif og svo þessar löngu flugferðir sem fólk er að leggja á sig.

Ósk Ingvarsdóttir



Ég fór til heimilislækni og var ekkert spurð um heilsufar eða fjölskyldusögu áður en ég fékk pilluna.

Ása Magnea Vigfúsdóttir



Mismikil áhætta eftir tegundum

Helmingi meiri hætta er á að fá blóðtappa ef kona tekur pillu af þriðju eða fjórðu kynslóð heldur en af annari kynslóð. Samt sem áður kemur fram í danskri rannsókn frá 2011 að 80% danskra kvenna taki pillu af þriðju og fjórðu kynslóð. Þannig gætu 150 danskur konur sloppið við að fá blóðtappa ef þær myndu skipta um pillutegund.

80%
danskra kvenna taki pillu af þriðju og fjórðu kynslóð

Þar sem fyrsta kynslóð pillunnar er nær aldrei notuð eru hér dæmi um pillur af annari til fjórðu kynslóðar.

2. kynslóð

Neogentrol
Neogynon
Trinordiol
Triminetta
Triquilar
Cynartrol

Malonetta
Microgyn
Microgynon
Fironetta
Rigevidon
Cilest

3. kynslóð

Desorelle
Femelle
Marvelon
Microdiol
Gracial
Femigen
Mercilon
Novynette
NUVARING

Gestinyl 30
Gestoden 30
Gynera
Lindynette
Milligest
Minulet
Milvane
Modina
Triminulet

4. kynslóð

Yasmin
Yasmin 28
Yasminelle
Yasminelle 28
Yaz

*Heimild: Politiken.

Sádi-Arabía geti ekki geta falið glæpina

ÍRAN Hassan Rúhani, forseti Írans, segir að Sádi-Arabía geti ekki „falið glæpi sína“ með því að slíta tengslin við Íran. Hann á þar við aftökuna á sjá-klerkinum Nimr al Nimr, sem Íranar hafa fordæmt harðlega.

Þetta sagði hann á fundi með utanríkisráðherra Danmerkur, Kristian Jensen, sem skrapp í heimsókn til Írans að hitta þarlenda ráðamenn. Jensen segir spennuna milli Írans og Sádi-Arabíu vera allsráðandi umræðuefni í Íran þessa dagana, en vonaðist þó til að geta rætt samskipti Írans og Danmerkur við íranska ráðamenn.

Aftakan í Riad, höfuðborg Sádi-Arabíu, um helgina hefur þó ekki víða verið fordæmd. Hins vegar hafa ríki víða um heim fordæmt harðlega framferði íranskra mótmælenda, sem meðal annars kveiktu í sendiráði Sádi-Arabíu í Teheran á sunnudag.

Þannig fordæmdi öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í fyrrinótt ikveikjuna harðlega og skoraði á írönsk stjórnvöld að vernda sendiráð og



Íranar í Teheran mótmæla aftökunni á sjá-klerknum Nimr al Nimr í Sádi-Arabíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

aðrar byggingar erlendra sendifulltrúa gegn árásum eða skemmdum.

Í gær bættist Kúveit við þau ríki, sem slitið hafa stjórnmalatengsl við Íran vegna ikveikjunnar. Sádi-Arabía reið þar á vaðið, síðan gerðu Barein og Súdan slíkt hið sama. Sameinuðu

arabísku furstadæmin létu sér hins vegar nægja að kalla sendiherra sinn heim frá Íran.

Sádi-Arabía segir þó að þessi stíru samskipti við Íran eigi ekki að hafa nein áhrif á viðleitni beggja ríkjanna til að koma á friði í Sýrlandi. – gb

Pentel
MJÓIR ÁHERSLUPENNAR
VERÐ 227 KR.
Verð áður: 379 kr.

Penninn Eymundsson
Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Tilboðsverð gildir út janúar 2016. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

ÚTSALA
25-60%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM



35%

Skautbúningasvunta / Herrasvunta
Nú 3.894 kr
Áður 5.990 kr



35%

Geldingahnappur 140x200
Nú 10.264 kr
Áður 15.790 kr

25-50% afsláttur af rúmfötum



50%

Hettupeysa
Nú 2.895 kr
Áður 5.790 kr



40%

Bókapúði
Nú 7.104 kr
Áður 11.840 kr



40%

Dúnsæng 140x200
Nú 23.994 kr
Áður 39.990 kr



50%

Barna leggings
Nú 995 kr
Áður 1.990 kr



60%

Hringlaga jólatréðúkur 110cm
Nú 3.996 kr
Áður 9.990 kr

60% afsláttur af öllum jólavörum



30%

100% Dúnúlpa
Nú 11.186 kr
Áður 15.980 kr



SENDUM FRÍTT ÚR VEFVERSLUN

Lin
DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS

Obama herðir eftirlit með skotvopnum

Með því að herða eftirlit með skotvopnakaupum gengur Barack Obama fram hjá þinginu, sem ekki hefur viljað herða byssulöggjöfina. Aðgerðirnar ganga þó hvergi nærri jafn langt og Obama sjálfur telur nauðsynlegt. Hann spyr hvernig málið gat orðið svo flokkspólítískt.

BANDARÍKIN „Hvernig stendur á því að þetta varð svona flokkspólítískt,“ spurði Barack Obama Bandaríkjaforseti í gær, þegar hann kynnti nýjar ráðstafanir til að herða eftirlit með skotvopnum í Bandaríkjunum og draga úr líkunum á því að þau kosti fólk lífið.

Aðgerðirnar felast einkum í því að bakgrunnur einstaklinga, sem vilja kaupa skotvopn, verði kannaður betur en nú er gert.

„Við vitum að við getum ekki stöðvað öll ofbeldis- eða illskuverk í heiminum,“ sagði hann, „en kannski getum við komið í veg fyrir eitt slíkt.“

Barack Obama sagðist engu að síður styðja 2. viðauka bandarísku stjórnarskrárinnar, sem tryggir öllum rétt til þess að bera vopn: „En ég trúi því líka að við getum dregið úr fjölda dauðsfalla af völdum skotvopna án þess að ganga gegn 2. viðauka,“ sagði hann.

Viðstödd var meðal annars Gabriele Gifford, bandarísk þingkona sem varð fyrir skotárás fyrir utan verslun í Arizona fyrir fimm árum.

Obama hefur árum saman, án árangurs, reynt að fá Bandaríkjaþing til þess að samþykkja herta byssulöggjöf. Hann hefur ítrekað ávarpað þjóðina í kjölfar fjöldamórða og sagt ástandið í Bandaríkjunum vera einsdæmi í hinum síðaða heimi: Á ári hverju láti til dæmis meira en 30 þúsund manns lífið þar af völdum skotvopna.

30.000

láta lífið af völdum skotvopna í Bandaríkjunum á ári hverju

„Eins og ég hef sagt áður þá dofnum við gagnvart þessum tölum. Við förum að telja þær eðlilegar,“ sagði Obama í gær.

Þingið hefur hins vegar ekki sýnt nein viðbrögð, enda vantar mikið upp á að þar sé meirihluti fyrir því að herða löggjöf um skotvopn.

Aðgerðirnar, sem hann grípur til nú, eru því byggðar á núgildandi löggjöf og reynt að nýta heimildir hennar til hins ýrasta. Þó vantar mikið upp á að með þeim sé gengið jafn langt og Obama hefur sjálfur óskað eftir.

„Ég dreg ekki dul á það að þingið þarf enn að grípa til aðgerða,“ sagði Obama í gær.

Til dæmis er ekki sett sú regla að kanna þurfi bakgrunn allra sem kaupa sér skotvopn í Bandaríkjunum. Ekki er heldur verið að banna hríðskotabyssur eða önnur stærri skotvopn, sem dregið geta marga á stuttum tíma. Þá er heldur ekki verið að banna sölu á skotvopnum til þeirra, sem eru á lista yfir grunaða hryðjuverkamenn og mega því ekki fara um borð í flugvél. gudsteinn@frettabladid.is



Barack Obama kynnti nýju reglurnar á blaðamannafundi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Aðgerðirnar

Aðgerðirnar, sem Obama kynnti í gær, snúast um að fá ýmsar stjórnstofnanir Bandaríkjanna til þess að herða eftirlit með skotvopnakaupum og -notkun á grundvelli núgildandi laga, þannig að engin ný lög þurfi að setja.

Þessar stofnanir eru einkum Skrifstofa áfengis, tóbaks, skotvopna og sprengiefna (The Bureau of Alcohol, Tobacco, Firearms and Explosives, skammstafað ATF), Alríkislögreglan FBI og embætti dómsmálaráðherra Bandaríkjanna.

Einna mest mæðir þar á ATF, sem á að gera öllum skotvopnasöllum ljóst að hvort sem þeir selja vopn í verslunum, á netinu eða í tengslum við vopnasýningar sé þeim skylt að hafa til þess leyfi og sjá um að kanna bakgrunn viðskiptavina sinna.

Einnig er ATF að móta skýrar reglur um að kanna eigi bakgrunn allra sem hyggjast kaupa skotvopn fyrir milli-göngu samtaka, fyrirtækja eða annarra lögaðila.

Til þess að sinna þessu fær ATF stóraukið fjármagn á fjárlögum ársins 2017, sem meðal annars á að gera

ATF kleift að ráða til sín hundruð nýrra sérfræðinga.

Þá hyggst FBI efla mjög bakgrunns-eftirlit með skotvopnakaupendum og meðal annars ráða hundruð manna til þess að sinna slíku eftirliti.

Obama hyggst einnig útvega 500 milljónir dala, jafnvirði um það bil 65 milljarða króna, til að bæta aðgang fólks að geðheilbrigðisþjónustu.

Gripið verður til ýmissa annarra ráðstafana sem eiga að tryggja betur öryggi í sölu og meðferð skotvopna í Bandaríkjunum, allt á grundvelli núgildandi laga.

PÉTUR JÓHANN ÓHEFLAÐUR

2JA TÍMA STANZLAUST HLÁTURSKAST!

SPRENGLÆGILEG SÝNING SEM SÝND HEFUR VERIÐ FYRIR KJAFTFULLU HÚSI SÍÐAN Í NÓVEMBER SL.

06. SÝNING..... UPPSELT

07. SÝNING..... LAU. 9. JAN (ÖRFÁ SÆTI LAUS)

08. SÝNING..... FÖS. 15. JAN

09. SÝNING..... FÖS. 22. JAN

10. SÝNING..... LAU. 23. JAN

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIDI.IS



galleri sauþján



Gæsluþyrla flytur jarðneskar leifar hinna látnu í land. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Háskaför yfir hafið

TYRKLAND Lík flóttamanna fundust á tyrkneskri strönd eftir að bátur á leið til grísku eyjarinnar Lesbos sökk í vondu veðri. Talið er að tuttugu og fjórir flóttamenn hafi druknað. Tíu lík rak á land við Ayvalik. Lík sjö flóttamanna til viðbótar fundust í grenndinni. Yfir milljón manns lagði á flotta til Evrópu á síðasta ári og hátt í fjögur þúsund flóttamenn drukkuðu á leið sinni yfir Miðjarðarhafið. Ekkert lát er á straumi flóttamanna, fjölgunin er mikil en árið 2014 komu 219 þúsund flóttamenn til Evrópu. Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að taka á móti fimmtíu og fimm flóttamönnum og eru þeir væntanlegir til landsins um miðjan janúar. Flóttamennirnir munu hefja nýtt líf á Akureyri, í Kópavogi og í Hafnarfirði. Meirihluti þeirra er á barnaldri. – kbg

55

sýrlenskir flóttamenn eru væntanlegir til Íslands í janúar

21

er fullorðinn og 34 eru börn yngri en sextán ára

Helmingur flóttamannanna fer til Akureyrar

Hinir fá heimili í Kópavogi og Hafnarfirði



DEBENHAMS

ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
ENN MEIRI
LÆKKUN

ALLT AÐ

70%
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

KONUR • *herrar* • BÖRN • *skór*

OPIÐ Í DAG 11:00 - 19:00

DEBENHAMS SMÁRALIND

 Finndu okkur á facebook

Villandi val



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Reykjavíkurborg hlaut Náttúru- og umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs árið 2014 fyrir starf sitt að umhverfismálum og framleiðslu sjálfbærrar orku. Á loftslagsráðstefnunni í París sem lauk fyrir áramót gaf borgin það út að hún stefni að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 35% fyrir árið 2020 og um 75% árið 2050. Þetta verður gert með því að breyta ferðavenjum, með þéttingu byggðar, plöntun trjáa til mótvægis og með bættri meðhöndlun úrgangs.

Á forsiðu Fréttablaðsins í gær var greint frá því að ákveðið hafi verið að hirða sorp á fjórtán daga fresti í stað tíu daga og að sorphirðugjöld verði hækkuð um allt að 38%. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Júlíus Vífill Ingvarsson, segir um að ræða skerðingu á þjónustu við íbúa á sama tíma og gjöld séu hækkuð. Þó hann fagni fleiri flokkunarmöguleikum og kostum segir hann ýmis vandamál óleyst, eins og yfirfullar sorpgeymslur fjölbýlishúsa, fjúkandi rusl í vöndum veðrum og fleira.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sá í kjölfarið ástæðu til þess að tjá sig um málið á Facebook-síðu sinni í gær. „Það er verið að auka val, auka flokkun og endurvinnslu, og auka fjölbreytni í þjónustunni í sorphirðunni í Reykjavík,“ sagði Dagur sem sagði þessa breytingu í takt við umhverfissjónarmið og breytta tíma.

Loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra eru stærsta verkefni mannkyns til næstu áratuga. Sú staðreynd ætti að vera flestum ljós. Hins vegar hefur afneitun vandans tafid eða komið í veg fyrir aðgerðir. Griðarlegt framfaraskref var tekið í París þegar skrifad var undir tímamóta-loftslagssamkomulag til þess að draga úr gróðurhúsalofttegundum. Ísland gerði enga fyrirvara við sitt framlag og þátttöku í samkomulaginu.

Starfsemi og mannlíf í þéttbýli skýrir um 80% orkunotkunar og koltvísyringslosunar í heiminum. Þátttaka og átak í þessum málum hjá Reykjavíkurborg og öðrum borgum heims verður því augljóslega að vera veruleg eigi markmið Parísarsamkomulagsins að nást.

Breytt sorphirða, með tilkomu nýrrar tunnu sem tekur á móti plasti, er liður í því að framfylgja stefnu borgarinnar samkvæmt samkomulaginu. Flokkunin verður því meiri og úrgangur ætti að minnka og þannig ef til vill, hægt að hirða sjaldnar. Það er ef allt gengur upp.

Málflutningur borgarstjóra um að verið sé að auka val er hins vegar villandi. Augljóslega er verið að skerða þjónustuna og rukka meira. Það er til lítils að setja það í einhvern valfrelsisbúning til að villa um fyrir fólk. Líkast til eru þeir margir sem eru hundleiðir á að flokka og hafa engan áhuga á því. Val þeirra er ekkert. Fyrir þá er þetta fyrirhöfn. Og það er rétt hjá Júlíusi að benda á að á sumum stöðum getur útfærslan orðið bagaleg og líklegt að í einhvern tíma verði hnókrar á framkvæmdinni með tilheyrandi fjúkandi rusli og yfirfullum tunnum. En það verður tímabundið.

Það sem er hins vegar kristaltært er að þessi aðgerð er nauðsynleg. Ísland hefur skuldbundið sig á alþjóðlegum vettvangi til að gera eitthvað í loftslagsmálunum og meðhöndlun úrgangs er skref í þá átt að uppfylla þær skuldbindingar. Flokkunin er fyrirhafnarinnar virði – alveg sama þó einhverjir verði hundfúlir.



Málflutningur borgarstjóra um að verið sé að auka val er hins vegar villandi. Augljóslega er verið að skerða þjónustuna og rukka meira.



Fáðu þér appið!

Halldór



Frá degi til dags

Skuldir lækka

Skuldastaða ríkissjóðs batnaði á árinu 2015. Fram kemur á vef fjármálaráðuneytisins að heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2015 hafi verið um 1.350 milljarðar króna og lækkað um 150 milljarða á síðasta ári. Það er fagnaðarefni ef hægt er nú eftir hrun að fara að ganga verulega á skuldastöðu ríkissjóðs. Vinstri stjórnin þurfti að gripa til mikillrar skuldaföfnunar eftir hrun. Það er því skýrt merki þess að við séum komin úr öldudal hrunsins. Það ættu allir að geta glaðst yfir þeim árangri. Líklegt þykir þó að sundraða fjölskyldan á Alþingi muni eitthvað rifast um hver eigi heiðurinn af þessu góða gengi.

Skrautleg kosningabaráttan Forsetakjör mun fara fram í lok júní. Á sama tíma verður þjóðin límd við sjónvarpsskjáina vegna Evrópumóts landsliða sem haldið verður í Frakklandi í þessum sama mánuði. Líkt og alþjóð veit mun íslenska karlalandsliðið taka þátt í móttinu. Margir hafa gert því skóna að líklegast verði kosningabaráttan í júnímánuði nokkuð skritin. Forsetaframbjóðendur þurfa því að ná að yfirgnæfa fréttalutning af „strákunum okkar“ til að fá athygli. Það væri því saga til næsta bæjar ef lokamánudur kosningabaráttunnar í eitt stærsta embætti stjórnsýslunnar skuli að einhverju leyti fara fram í kyrrþey vegna kappleikja í Frakklandi. sveinn@frettabladid.is

Hátíðarkveðjur úr Högum



Sindri Sigurgeirsson
formaður
Bændasamtaka
Íslands

Yfir hátíðarnar hefur landbúnaðurinn, rétt eins og fyrir ári síðan, fengið kaldar kveðjur frá Finni Árnasyni, forstjóra Haga, sem rétt er að bregðast við.

Nú standa yfir viðræður fulltrúa bænda og ríkisins vegna nýrra búvörusamninga. Þeim er ekki lokið og ekkert farið að ræða um fjárhæðir. Megininntak viðræðnanna er að treysta rekstrargrundvöll landbúnaðarins með samningi til tíu ára, en þó með endurskoðunarákvæðum. Meðal annars er rætt um að afleggja greiðslumarkskerfi í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt. Hugsunin er sú að stuðningurinn verði skilvirkari og skili sér betur til starfandi bænda fremur en þeirra sem eru á leið út úr greininni eða fjármálastofnana. Ef hugmyndir samningsaðila ná fram að ganga er um mestu breytingar að ræða um áratugabil á starfsumhverfi landbúnaðarins.

Beinn stuðningur við landbúnað er um það bil 12,7 milljarðar króna miðað við fjárlögin í ár eða 1,8% af útgjöldum ríkisins á árinu og hefur það hlutfall farið lækandi. Annar stuðningur er reiknuð markaðsvernd en ekki raunveruleg útgjöld og tekur upphæð hennar breytingum í takt við verð á mörkuðum og gengisbreytingar.

Er trúverðugt þegar forstjóri Haga segist með gagnrýni sinni á íslenskan landbúnað fyrst og fremst bera hag neytenda fyrir brjósti? Í tæplega árgamalli skýrslu Samkeppniseftirlitsins kemur fram að það ríkir fíkapenni í smásölu á dagvörumarkaði og að arðsemi stærstu íslensku verslunarsamstæðanna sé 35-40% samanborið við um 13% í Evrópu og um 11% í Bandaríkjunum. Þá hafa ýmsir efast um að verslunarfyrirtækin skili mögulegum ávinningi gjalda- og tollabreytinga til neytenda. Rannsóknir Alþýðusambands Íslands hafa staðfest þetta og ljóst er að verslunin vill taka til enn stærri hluta af kókunni á kostnað neytenda og íslenskra bænda.

Bændum er umhugað að reka sinn landbúnað í sátt við land og þjóð. Þeir hafa fært rök fyrir því að það er hagkvæmt að reka landbúnað á Íslandi og framleiða eins mikinn mat og okkur er unnt, m.a. vegna markmiða um samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda vegna flutninga og einnig matvæla- og fæðuöryggis.

visir.is Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Visi.

ÞSSÍ var Íslandi til sóma



Össur
Skarphéðinsson
alþingismaður

Um áramótin var Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) formlega lögð niður. Það kom mér stundum á óvart á fyrstu árum mínum sem utanríkisráðherra að evrópskir kollegar lögðu lykkju á leið sína til að hrósa ÞSSÍ. Sama upplifði ég síðar á fundum með sendiherrum Evrópuþjóða í Malaví. ÞSSÍ var hrósað fyrir nýmæli og frumkvæði, og fyrir að fara vel með fé. Hún áorkaði sannarlega miklu miðað við fjármagnið sem stofnunin hafði til umræða.

Mæður og börn

Í Malaví innti ég evrópsku sendiherrana sérstaklega eftir hvað þeir teldu lykilinn að velgengni ÞSSÍ. Þeir töldu mikilvægt að ÞSSÍ kappkostaði að veita heimamönnum sem mesta hlutdeild í ákvörðunum um hvaða verkefni ætti að ráðast í, og jafnframt að rekstri þeirra. Auk þess nefndu þeir sérstaklega áhersluna á konur og sögðu addunarvert hvernig ÞSSÍ einbeitti sér að mæðrum og börnum, heilsugæslu og menntun. Þessar áherslur, sögðu þau vanir sendimenn Evrópu í Afríku, skildu eftir varanlegan ávinning.

Þetta var kjarninn í starfsemi ÞSSÍ. Hún lagði áherslu á þátttöku heimamanna, vann með grasrótinni, og veitti íslenskum þróunarpeningum í skynsamleg verkefni sem skiluðu árangri strax, eins og öflun hreins vatns, sem útrýmdi kóleru á starfssvæðunum í Malaví. Hún studdi við menntun barna, kenndi fólki að lesa, og vann kraftaverk í að koma á varanlegri heilsugæslu. Spítalinn, sem Íslendingar reistu við Monkey Bay og gáfu heimamönnum, er talandi tákn þess. Fæðingardeildirnar í Mon-guchi verða um langa framtíð óbrotgjarn minnisvarði um vel útfærða og skynsamlega stefnu í þróunarsamvinnu.

Sjálfum er mér ógleymanleg heimsóknin í örllitla fæðingardeild í rjóðri inni í miðjum skógi, þar sem smávaxin forstöðukona með drifhvítan kappá lýsti fyrir mér þeirri gjörbreytingu sem hafði orðið á högum kvenna á svæðinu eftir að deildin tók til starfa. Tæplega 20 þúsund börn höfðu þá komið farsælega í heiminn með íslensku aðstoð. Hún sagði að konur kæmu tugir kílómetra til að fæða á þessum stöðum. Af tæplega fimm ára sögulegum ferli í utanríkisráðuneytinu standa mér ferskust í minni orð sem hún lét falla: „Börnin deyja ekki hjá okkur.“

Ógrunduð og óskiljanleg ákvörðun

Á sama tíma og skýrslur sýna að Ísland er orðið næstrikasta land í Evrópu er það Íslandi til vansæmdar að stjórnvöld hafa svarað vaxandi ríkiðæmi með því að draga beinlínis úr fjárveitingum frá því sem Alþingi samþykkti einróma 2011. Það breytir þó engu um að ÞSSÍ reisti íslenska flaggið með glæsilegum hætti. Í því ljósi er sorglegt að stjórnvöld hafi hrapað að þeirri ákvörðun, án sjáanlegra raka, að leggja stofnunina niður. Um langa hríð verður það skólabókardæmi um ógrundaða og örökstudda ákvörðun.

Á þessum tímamótum er óhjá-

kvæmilegt að undirstrika að faglegir sérfræðingar sem leitað var til lögðust gegn niðurlagningu ÞSSÍ. Félagsvísindasvið HÍ, þar sem mest fræðilegt atgervi er að finna um þróunarsamvinnu, taldi hana „bráðræði“ og lagði til að stofnunin yrði fremur efl. Í langri umræðu sem spannaði tvö þing voru að lokum hraktar allar fullyrðingar sem upphaflega voru settar fram sem rök fyrir að leggja ÞSSÍ niður, s.s. „tvíverknadur“, skortur á „hagræðingu“ og að

ÞSSÍ gengi ekki „í takt við utanríkisstefnuna“. Sjálft fjármálaráðuneytið lýsti skriflega yfir að ekki myndi sparast króna með aðgerðinni.

Samþykkt frumvarpsins var því miður dæmi um hvernig framkvæmdarvaldið er að snúa stjórnskipaninni á hvolf með því að taka yfir löggjafarvaldið og beittir flokksræði til að þrýsta í gegnum Alþingi ákvörðunum sem í reynd njóta þar ekki raunverulegs stuðnings.

Fyrirmyndarstofnun

Það sem aldrei deyr þó er góður orðstír. Það verður aldrei tekið frá ÞSSÍ, og starfsmönnum hennar, að þau hlutu fram á síðasta dag óskorað lof heima og erlendis fyrir góðan rekstur, nýmæli og frumkvæði í starfi. ÞSSÍ má óhikað telja til fyrirmyndarstofnana í íslenski stjórnsýslu. Þegar horft er yfir glæsilegan feril hennar er óhætt að kveðja hana og starfsmenn hennar með því að segja:

Þið voruð Íslandi til sóma!



Samþykkt frumvarpsins var dæmi um hvernig framkvæmdarvaldið er að snúa stjórnskipaninni á hvolf með því að taka yfir löggjafarvaldið og beittir flokksræði til að þrýsta í gegnum Alþingi ákvörðunum sem í reynd njóta þar ekki stuðnings.

BÍTT'Í SÚRAN PUNG

farretilleað

6.900

AÐRA LEIÐ MEÐ
SKÖTTUM

BÓKUNARTÍMABIL: FRÁ KL. 10.00 6. JAN. TIL MIÐNÆTTIS 7. JAN.

FERÐATÍMABIL: 20. JANÚAR – 20. FEBRÚAR 2016

SMELTU ÞÉR Á FLUGFELAG.IS

- GILDIR TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA INNANLANDS
- GILDIR EKKI Í TENGIFLUG
- TAKMARKAD SÆTAFRAMBOÐ
- GILDIR UM VALDAR BROTTFARIR
- SKILMÁLAR NETFARGJALDA



FLUGFÉLAG ÍSLANDS



ASUS

acer

steelseries

msi

Seagate

SanDisk



STÓRÚ

ALLT AÐ 70%

YFIR 1.000 TÖ

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁR
SSDDISKAR • MINNISLYKLAR • HARÐIRDISKAR • FARTÖLV
HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • V
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLU
HLJÓÐNEMAR • MÝS • FERÐAHÁTALARAR • DRÓNAR • HLJÓÐKO

0% VEXTIR Í 6 MÁNUÐI!

3,5% lántökugjald og 405 kr. færslugjald á mánuði



7 VERSLANIR UM ALLT LAND



TOSHIBA

SAMSUNG

RAZER

WACOM

PHILIPS



WD

TSAALA

AFSLÁTTUR

TÖLVUVÖRUR!

IR • BORDTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR
 VUTÖSKUR • MÓÐURBORD • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR
 IFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORD
 TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
 RT • TEIKNIBORD • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS • TURNKASSAR

OPIÐ 10 - 18



tl.is

SÝNISEINTÖK OG ÚTLITSGALLAÐAR
 FARTÖLVUR OG SPJALDTÖLVUR
 Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

TÖLVU
LISTINN

REYKJAVÍK
 SUÐURLANDSBRAUT 26
 Sími 414 1700

AKUREYRI
 GLERÁRGÖTU 30
 Sími 414 1730

HÚSAVÍK
 GARÐARSBRAUT 18A
 Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
 KAUPVANGI 6
 Sími 414 1735

KEFLAVÍK
 HAFNARGÖTU 90
 Sími 414 1740

SELFOSS
 AUSTURVEGI 34
 Sími 414 1745

AKRANES
 ÞJÓÐBRAUT 1
 Sími 431 3333

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT**Leið strákanna okkar inn á Ólympíuleikana í Ríó 2016****6. janúar 2016**
Staðan í dag

● Fjögur lönd hafa tryggt sér sæti á ÓL ● Átta sæti eru enn þá laus

Sætin í handboltakeppni Ólympíuleikana í Ríó 2016

1	Gestgjafi	Brasíla
2	Heimsmeistari	Frakkland
3	Ameríkumeistari	Argentína
4	Asíumeistari	Katar
5	Evrópumeistari	17.-31. janúar
6	Afríkumeistari	28. janúar til 6. febrúar
7	Riðill eitt í forkeppninni	6.-10. apríl
8		6.-10. apríl
9	Riðill tvö í forkeppninni	6.-10. apríl
10		6.-10. apríl
11	Riðill þrjú í forkeppninni	6.-10. apríl
12		6.-10. apríl

Röð þjóða inn í forkeppnina

- 3 Pólland
- 4 Spánn
- 5 Danmörk
- 6 Króatía
- 7 Þýskaland
- 8 Slóvenía
- 9 Makedónía

Verði einhver af þessum þjóðum Evrópumeistari eða tapi úrslitaleik á móti Frakklandi.

Þjóðirnar fyrir neðan Evrópumeistarann hækka um eitt sæti.

Makedónía dettur inn fyrir árangur sinn á HM 2015 og þjóðirnar fyrir aftan Evrópumeistarana hækka um eitt sæti.

6.-10. apríl Forkeppni handboltakeppni Ólympíuleikana í Ríó 2016**RÍÐILL EITT**

3. HM 2015	Pólland
8. HM 2015	Slóvenía
3. Ameríku	Síle
2. Afríku	Afríkukeppni 2016

Tvö efstu liðin í hverjum riðli forkeppninnar tryggja sér sæti á Ólympíuleikumum

**A-RÍÐILL**

Frakkland	Komið á ÓL HM 2015
Pólland	3
Makedónía	Næst inn í forkeppni 9
Serbía	

Liðin í A- og B-riðli lenda saman í milliriðli

C-RÍÐILL

Spánn	4
Svíþjóð	
Þýskaland	7
Slóvenía	8

Liðin í C- og D-riðli lenda saman í milliriðli

B-RÍÐILL

Króatía	6
Ísland	
Hvíta-Rússland	
Noregur	

D-RÍÐILL

Danmörk	5
Ungverjaland	
Rússland	
Svartfjallaland	

Nýjast**Domino's-deild kvenna****Grindavík - Keflavík 76-80****Stígahæstar:** Petrunella Skúladóttir 17, Hrund Skúladóttir 16, Sigrún Sjöfn Ámunda-dóttir 15 - Melissa Zornig 20, Sandra Lind Prastardóttir 16/9 fráköst/3 varin, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 16/10 fráköst.

Fyrsti útsigur Keflavíkurkvenna í deildinni í vetur og þær komust upp í þriðja sætið.

SÍÐASTI MÖGULEIKINN TIL AÐ SJÁ STRÁKANA FYRIR EM Íslenska karlalandsliðið í handbolta spilar síðasta heimaleikinn sinn fyrir EM í Póllandi í kvöld þegar strákarnir okkar mæta Portúgal í Kaplakrika. Þetta verður fyrsti landsleikurinn í Kaplakrika síðan 2012. FH-ingurinn Aron Pálmarsson spilar hundradasta A-landsleikinn sinn í kvöld og þetta verður jafnframt fyrsti A-landsleikur Arons á sínum gamla heimavelli í Krikanum. Aron var ekki með á móti Argentínu í júlí 2012.

**HELENA OG CRAION BEST**

Haukakonan Helena Sverrisdóttir og KR-ingurinn Michael Craion voru í gær valin bestu leikmenn fyrri hluta Domino's-deildanna í körfubolta. Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari kvennaliðs Snæfells, og Sigurður Ingimundarson, þjálfari karlaliðs Keflavíkur, voru valdir bestu þjálfararnir. Dugnaðarforkarnir voru Lilja Ósk Sigmarisdóttir hjá Grindavík og Ægir Þór Steinarsson hjá KR. Sigmundur Már Herbertsson var besti dómariinn.

Domino's-deild kvenna - Úrvalsið:

Helena Sverrisdóttir, Haukum Pálína Gunnlaugsdóttir, Haukum Haiden Palmer, Snæfelli Bryndís Guðmundsdóttir, Snæfelli Ragna Margrét Brynjarsd., Stjórnunni

Domino's-deild karla - Úrvalsið

Valur Orri Valsson, Keflavík Kári Jónsson, Haukum Haukur Helgi Pálsson, Njarðvík Michael Craion, KR Ragnar Nathanaelsson, Þór Þorl.

MÆTAST TVISVAR Á AÐEINS FJÓRUM DÖGUM

Valur og Snæfell mætast í kvöld í Valshöllinni að Hlíðarenda í fyrstu umferð ársins í Domino's-deild kvenna í körfubolta en þessi sömu lið mætast aftur á sama stað á sunnudaginn kemur í átta liða úrslitum Powerade-bikarsins. Snæfell vann leik liðanna fyrir jöl með 44 stigum. Einn annar leikur fer fram í kvöld þegar botnlið Hamars tekur á móti toppliði Hauka í Hveragerði.

Í dag

14.00 Juventus - Verona	Sport
17.00 Empoli - Inter	Sport
19.15 Valur - Snæfell	Sport 3
19.45 Napoli - Torino	Sport
20.00 Everton - Man. City	Sport

19.15 Valur - Snæfell	Valshöllin
19.15 Hamar - Haukar	Hveragerði
19.30 Ísland - Portúgal	Kaplakrika



Íslensku strákarnir fagna silfurverðlaunum á Ólympíuleikumum í Peking árið 2008. Margir leikmannanna spila með íslenska liðinu enn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leiðin á ÓL erfið en ekki ófær

Íslenska karlalandsliðið í handbolta byrjar árið 2016 á EM í Póllandi en berst um leið fyrir sæti á öðru stórmóti á árinu, Ólympíuleikumum í Ríó í ágúst. Fréttablaðið skoðar hvernig Ísland kemst þangað.

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is

HANDBOLTI Það eru liðin sextán ár síðan íslenska handboltalandsliðið missti síðast af Ólympíuleikumum og það þarf ýmislegt að ganga upp hjá strákunum okkar á EM ætli sagan frá 2000 ekki að endurtaka sig.

Átta sæti eru enn laus í handboltakeppni karla á Ólympíuleikumum í Ríó og Evrópuþjóðir eiga möguleika á sjö þeirra. Evrópumeistarinn fær sæti og sex sæti eru í boði í gegnum forkeppni í apríl.

Íslenska landsliðið gæti því komist beint á Ólympíuleikana

á EM í Póllandi með því að vinna Evrópumeistaratitilinn eða komast í úrslitaleik á móti heimsmeisturum Frakka. Raunhæfari möguleiki er að komast í forkeppnina með því að vera önnur tveggja efstu þjóða af þeim sem náðu ekki að tryggja sér sætið í gegnum HM í Katar í fyrra.

Sjö þjóðir hafa þegar komist í forkeppnina en Ísland verður að vera í 1. eða 2. sæti meðal hinna þjóðanna. Ísland er í B-riðli og fer í milliriðil eitt komist liðið upp úr riðlinum. Þjóðir í sömu stöðu og Ísland eru Makedónía, Serbía, Hvíta-Rússland og Noregur. Makedóníumenn standa óvenju vel að vígi því um leið og einhver þeirra þjóða, sem hafa þegar tryggt sér sæti í forkeppninni,

verður Evrópumeistari þá hoppa Makedóníumenn inn í forkeppnina sem níunda besta þjóðin á HM í Katar 2015. Í hinum milliriðlinum eru það Svíþjóð, Ungverjaland, Rússland og Svartfjallaland sem þurfa að fara sömu leið og Ísland til að komast í forkeppnina.

Íslenska landsliðið þarf að komast upp úr riðlinum og helst með tvö stig eða fleiri ætli liðið sér í forkeppnina. Úrslitin í öðrum riðlum ræður miklu um framhaldið því aðrar þjóðir í sömu stöðu gætu vissulega setið eftir í sínum riðli eða farið án stiga inn í milliriðilinn. Allt slíkt bætir stöðu íslensku strákanna og það gætu orðið margir „aðrir“ leikir undir smásjá íslensku

þjóðarinnar enda fullt af þjóðum sem mega ekki ná lengra en Ísland.

Hér fyrir ofan má sjá stöðu mála í dag og hvaða leið liggur fyrir íslenska landsliðinu nú þegar rúm vika er í Evrópumótið í Póllandi.

Margir reynsluboltar liðsins hafa þegar verið með á þrennum Ólympíuleikumum og unnu flestir silfurverðlaun á leikumum í Peking 2008. Þeir hinir sömu vita því hvað er í boði.

Evrópumótið snýst þó um núíð og að standa sig á þessu stórmóti. Bónusinn er þó af glæsilegri gerðinni enda eru það aðeins tólf þjóðir sem fá að taka þátt í handboltakeppni Ólympíuleikana í Ríó. Leiðin þangað er vissulega erfið en ekki ófær.



OYSTER PERPETUAL
GMT-MASTER II


ROLEX


MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 6. janúar 2016

1. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

»2

Forsetaframboð gætu orðið dýr
Friðjón R. Friðjónsson almannatengill segir tíu milljónir lágmarksupphæð fyrir kosningabaráttu næsta sumar.

»4

Gott ár hjá Kauphallarfélögum
Sérfræðingar segjast ekki sjá merki um hlutabréfabölu þrátt fyrir miklar hækkanir að undanförunu.

»8

Svipmyndin Jón Sigvaldason
Jón Ingi Sigvaldason hjá Landsbjörg segir flugeldasölu ekki hafa náð sömu hæðum og fyrir hrún.

»8

Landsliðshetja selur léttvín
Emil Hallfreðsson, leikmaður knattspyrnuliðsins, ætlar að flytja léttvín til landsins.

»10

Eru bankakreppur pólitískar?
Lars Christensen veltir upp hvort áhætta af bankakreppum aukist með auknum ríkisafskiptum.



10% Íslendinga spila golf

Heildarvelta
golfklúbbanna á Íslandi
er 2 milljarðar á ári

Íslenskum atvinnukylfingum
mun fjölga á næstu árum

Telur íslenska golfvelli
fyllilega samkeppnishæfa

»6

SKJÓÐAN



Forsetinn skiptir máli og á hann mun reyna

EFTIRMAÐUR Ólafur Ragnar Grímssonar verður kosinn á þessu ári. Það er ekki fyrir hvern sem er að fara í skóna hans. Í tíð Ólafur hefur eðli forsetaembættisins breyst verulega. Ekki síst hefur það verið fyrir tilstuðlan forsetans sjálfs, sem m.a. virkjaði málskotsréttinn. En fleira kemur til.

ÞJÓÐIN GERIR meiri kröfu um bein áhrif á stjórnarathafnir nú en áður. Sjálfsgagt hefur það eitthvað með internetið og samfélagsmiðla að gera, en staðreyndin er sú að stjórnálmenn geta ekki lengur hunsað kjósendur í þrjú og hálf ár af hverjum fjórum.

ÞAÐ FLOKKAST því fremur undir óskhyggju hjá forsætisráðherra en yfirvegaða skoðun að næsti forseti þurfi ekki að fara að forðæmi Ólafur Ragnar og skipta sér af pólitik líkt og Ólafur hefur gert m.a. með því að vísa þrennum lögum frá Alþingi í dóm kjósenda.

FRAMVEGIS verður forseti einungis ópólitískur ef ríkisstjórnarmeirihluti gætir þess vel og vandlega að reyna ekki að keyra umdeild mál í gegnum Alþingi í krafti meirihlutaræðis.

OG HVERSU líklegt er að t.d. núverandi ríkisstjórn geti haldið sér í sátt við kjósendur út kjörtímabilið? Ríkisstjórnin og þeir flokkar sem að henni standa hafa svikið loford um að þjóðin fái að kjósa um framhald aðildarumsóknarinnar að

ESB. Hún redbist eins og rjúpan við staurinn við að færa fiskinn í sjónum varanlega í hendur örfarra aðila gegn vilja þjóðarinnar. Henni hefur enn ekki tekist að ganga frá breytingum á stjórnarskránni sem tækju til auðlinda þjóðarinnar og beins lýðræðis. Þá vantreystir fólk ríkisstjórninni til að einkavæða ríkisbanka á sómasamlegan hátt.

MÖRG ÞAU atriði sem hér hafa verið talin til, og fleiri sem látin eru ónefnd, hafa mikil áhrif á viðskiptaumhverfið hér á landi til framtíðar. Á meðan ekki er búið að ganga frá breytingum á stjórnarskrá sem tryggja þjóðinni síðasta orðið í umdeildum málum er það forsetinn einn sem getur vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu standi ekki vilji til þess hjá meirihluta Alþingis.

ÞVI MUNU kjósendur velja þann frambjóðanda sem þeir treysta til að færa valdið til þjóðarinnar frá ríkisstjórnarmeirihlutanum hverju sinni sé gjá milli þings og þjóðar í mikilvægum málum. Greinilega stefnir nú í að framboð af frambjóðendum til forseta verði langt umfram eftirspurn. Enn hafa engar kanónur meldað sig til leiks en í ljósi þess aukna pólitíska mikilvægis sem embættið hefur öðlast í tíð Ólafur Ragnar Grímssonar er ákjósanlegt að sá forseti sem við tekur í sumar fái afgerandi umboð frá þjóðinni. Hann eða hún getur þurft að standa fast í lappirnar gegn ríkisstjórn á kosningavetri.

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson jonhakon@365.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Stefan Karlsson

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

40.000



fréttabýrstrir notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:



Friðjón telur líklegast að úrslit kosninganna ráðist í sjónvarpi og útvarpi sem hann kallar tilfinningamiðla. Á myndinni má sjá Andreu Ólafsdóttur, Þóru Arnórsdóttur og Ólaf Ragnar Grímsson taka þátt í kappæðum fyrir forsetakosningarnar árið 2012.

Forsetaframboð kostar minnst tíu milljónir

Friðjón R. Friðjónsson segir að verja þurfi að lágmarki tíu milljónum króna í forsetaframboð ef vel á að vera. Tugir manna þurfi að koma að baráttunni.

Kostnaður við forsetaframboð er að minnsta kosti tíu milljónir króna ef vel á að vera að sögn Friðjóns R. Friðjónssonar, almannatengils hjá Kom. Þetta sé algjört lágmark til þess að geta greitt starfsfólki laun, staðið fyrir viðburðum og ferðast um landið. Þá eigi eftir að taka mið af kostnaði við auglýsingar.

„Þú þarft að eiga fyrir bensíni á bílinn sem keyrir hringinn og eiga fyrir gistingu ef þú ætlar að ferðast um landið,“ segir Friðjón en hann aðstoðaði Þóru Arnórsdóttur við forsetaframboð hennar fyrir fjórum árum. Ekki sé hægt að ætlast til þess að fólk taki sér nokkurra mánaða frí frá annarri vinnu án þess að fá fyrir það greitt.

Friðjón bendir á að í framboði Þóru hafi tugir manna komið að kosningabaráttunni með einhverjum hætti. „Frambjóðandinn getur ekki haldið utan um dagskrána sína, það þarf alltaf einhver að vera búinn að skipuleggja næsta fund og fundinn þar á eftir,“ segir hann en framboð Þóru kostaði fimmtán milljónir króna.

Fyrsta framboð Ólafur Ragnar kostaði 102 milljónir

Forsetaframboð Ólafur Ragnar Grímssonar árið 1996 kostaði 102 milljónir króna að núvirði. Kosningarnar voru þær síðustu þar sem sitjandi forseti var ekki í kjöri. Friðjón efast um að hægt sé að safna svo hárra upphæð nú.

Núvirtur kostnaður við forsetaframboð 1996

Ólafur Ragnar Grímsson
102
milljónir

Ástþór Magnússon
98
milljónir

Pétur Kr. Hafstein
85
milljónir

Guðrún Agnarsdóttir
41
milljónir

Erfitt sé að safna mjög háum upphæðum í kosningabaráttunni vegna þess hve þröngar skorður séu á framlögum til framboðanna að sögn Friðjóns. Hver lögaðili megi ekki gefa meira en 400 þúsund krónur og gefa þurfi upp hver styrki hvern frambjóðanda. „Það er ekkert hlaupið að því að safna 15 milljónum,“ bendir Friðjón á. Því skipti gott skipulag mestu máli. „Ég held að það skipti máli að geta búið til gott skipulag og góða kosninga-

baráttu sem getur nýtt peninginn og vakið athygli og komið þér í fjölmiðla með einum eða öðrum hætti.“

Lítt þekktir aðilar eigi hins vegar litla von. „Ég held að það sé ekki hægt að auglýsa sig í embætti,“ segir Friðjón. Forsetar hingað til hafi allir verið landsþekktir áður en kosningabaráttan hófst. Hið sama hafi gilt um flesta þá sem náð hafi árangri í kosningum til stjórnlagaráðs og stærstu prófkjörum flokka. ingvar@frettbladid.is

Vikan sem leið

4,85 milljónir á Keflavíkurflugvelli

4,85 milljónir farþega fóru um Keflavíkurflugvöll árið 2015 samkvæmt tölum Isavia um farþegafjölda. Þetta er fjölgun um 25,5% frá fyrra ári. Árið 2010 fóru um tvær milljónir farþega í gegnum flugvöllinn.

6,9 prósentu lækkun

Vísitalan í Kauphöllinni í Sjanghæ lækkaði um 6,9 prósent og verðlækkunin í Shenzhen, þar sem mörg tækni-fyrirtæki eru skráð, varð átta prósent á mánuðaginn. Fyrsti viðskiptadagur ársins fór því illa af stað og ákveðið var að loka Kauphöllinni snemma.

0,2 prósentu verðbólga á evrusvæðinu

mældist í desember og var óbreytt milli mánaða. Orkuverð lækkaði um 5,9 prósent, samanborið við 7,3 prósent mánuðinn á undan samkvæmt tölum Eurostat. Matvæli, áfengi, og tóbak lækkaði um 1,2 prósent í desember samanborið við árið áður.

Á döfinni

Miðvikudagur 6. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
HAGSTOFA ÍSLANDS - Vöruviðskipti við útlönd, janúar–nóvember 2015
Fimmtudagur 7. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Gistinætur og gestakomur á hótelum í nóvember 2015
Föstudagur 8. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Trúfélagsbreytingar

HAGSTOFA ÍSLANDS - Vöruviðskipti við útlönd, desember 2015, bráðabirgðatölur
HAGSTOFA ÍSLANDS - Afli erlendra ríkja við Ísland 2013 og heimsaflinn 2013
Mánudagur 11. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Velta í virðisauka-skattskyldri starfsemi
HAGSTOFA ÍSLANDS - Efnahagslegar skammtímatölur í janúar 2016
Þriðjudagur 12. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Fjöldi þinglýstra

leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum
HAGAR - Hagar hf. - 3. ársfjórðungur
Föstudagur 15. janúar
HAGSTOFA ÍSLANDS - Fiskafli í desember 2015
Þriðjudagur 19. janúar
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS - Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu

keldan
dagatal viðskiptalífis

visir Allar markaðsupplýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ




Rétta umhverfið fyrir þitt fyrirtæki

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnu-
húsnæðis. Með vönduðu viðhaldi á eignum stuðla Reitir að fallettri
ásýnd, varðveita sögu húsanna og skapa ímynd sem er fyrirtækinu
þínu til sóma.

Reitir eru með yfir 130 eignir til leigu fyrir hvers kyns rekstur, á
höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og í fjölda annarra bæjarfélaga.

Finndu húsnæði sem hentar þínum rekstri. Hafðu samband
við Reiti í síma 579 9000 eða í reitir@reitir.is.

Próun hlutabréfaverðs stærstu félaganna í Kauphöll Íslands 2015



* Reitir skráðir á markað 9. apríl 2015

HB Grandi
ársbyrjun **62,87**
árslok **74,89**

Hagar
ársbyrjun **47,33**
árslok **52,48**

Icelandair
ársbyrjun **109,5**
árslok **177**

Marel
ársbyrjun **104,45**
árslok **186,47**

Össur
ársbyrjun **169,02**
árslok **211,99**

Reitir*
frá 9. apríl **48,15**
árslok **63,32**

» Úrvalsvisitala Kauphallarinnar hækkaði um 43,4 prósent á árinu.

Hlutabréf hækkuðu um tugi prósent

Hlutabréfavitölur hækkuðu yfir 40 prósent á síðasta ári. Greiningardeildir telja fyrirtækin þó ekki yfirverðlögð. Búist við öðru góðu ári.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



„Ávöxtun á innlendum hlutabréfmarkaði var frábær á síðasta ári og langt umfram það sem vænta má að jafnaði. Þar skiptir mestu máli ávöxtun tveggja af stærstu félögum, Marel og Icelandair,“ segir Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeilda Arion banka. Hann bendir þó á að mest hækkan hafi verið á bréfum Nýherja. Undir þetta tekur Jóhann Viðar Ívarsson, hjá greiningardeild IFS. „Við skulum ekki gleyma að hlutabréf í Nýherja, minnsta féluginu á aðallista, gáfu 260% ávöxtun á árinu og toppuðu alla aðra!“

Ávöxtun á íslenskum fjármála-markaði, mæld með Markaðsvísitölu GAMMA, var 18,2% á nýliðnu ári. Allar vísitölur GAMMA hækkuðu á árinu og bar hlutabréfavitatalan hæstu ávöxtunina yfir árið eða 49,9%. Úrvalsvisitala Nasdaq Ísland OMX18, sem lýsir verðpróun félaga með mestan seljanleika, hækkaði um 43,4 prósent.

Jóhann Viðar segir að heilt yfir sé verðmæti íslenskra fyrirtækja á eðlilegum nótum miðað við aðra þá kosti sem fjárfestum bjóðist nú. Arnar I. Jónsson, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans, telur líka að markaðsverðmæti sé frekar eðlilegt miðað við helstu kennitölur markaðarins. „Horft á helstu mælikvarða sem sýna eiga hvort um bólu-myndun sé að ræða kemur í ljós að íslenski hlutabréfamarkaðurinn í heild er ekki farinn að sýna merki um yfirverðlagningu. Góður gangur er í hagkerfinu og gangi spár um hagvöxt eftir má gera ráð fyrir því að nýhafið ár verði gott á hlutabréfamarkaði, þó svo að við gerum kannski ekki ráð fyrir 40-50% hækkan,“ segir hann.

Þrjú fyrirtæki voru skráð á markað á síðasta ári. Fyrri hluta árs voru það Eik og Reitir. Í haust bættist svo Síminn við. Spurður segist Stefán Broddi hafa í upphafi árs átt von á fleiri skráningum. „Ef horft er til baka þá hafa 12 félög verið skráð á markað frá árslokum 2011. Ég held að það sé harla gott. Mestu máli skiptir samt að félögin hafa staðið sig vel í upplýsingagjöf og fræðslu til fjárfesta og almennings,“ segir Stefán Broddi.

Jóhann Viðar segir að IFS hafi talið haustið 2014 að fyrrnefnd þrjú félög væru þau einu sem telja mætti nær öruggt að kæmu á markað á árinu 2015. „Svo það gekk eftir en við spáðum 3-5 skráningum á árinu. Venjan hefur verið sú á síðustu árum að nýskráningar hafa verið færri eða í neðri enda þess bils í fjölda sem greiningaraðilar hafa spáð. Svo þetta hefur gengið nokkuð hægt fyrir sig á Kauphöllinni,“ segir Jóhann Viðar.

●● Horft á helstu mælikvarða sem sýna eiga hvort um bólu-myndun sé að ræða kemur í ljós að íslenski hlutabréfamarkaðurinn í heild er ekki farinn að sýna merki um yfirverðlagningu.

Arnar I. Jónsson, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans

●● Ég hugsa að sala á eignarhlut í bönkunum þremur muni hafa heilmikil áhrif á íslenskan hlutabréfamarkað á næstu misserum.

Stefán Broddi Guðjónsson, forstöðumaður greiningardeilda Arion banka

Viðmælendur Markaðarins búast við góðu ári fram undan. Hafinn er undirbúningur á sölu 30 prósent hlutar í Landsbankanum. Talið er víst að sú viðbót muni hafa mikil áhrif. Verðmæti hlutar í bankanum muni hlaupa á tugum milljarða króna. Það sé nóg til að valda talsverðri breytingu á hlutfalli eftirspurnar og framboðs á markaðnum. Því þurfi að vanda söluferlið vel og passa að selja ekki of mikið í einu. „Hins vegar er vel heppnuð skráning bankans, sem og annarra banka, líkleg til að auka enn frekar áhuga á hlutabréfum sem fjárfestingu og efla markaðinn,“ segir Jóhann Viðar. Í sama streng tekur Stefán Broddi. „Ég hugsa að sala á eignarhlut í bönkunum þremur muni hafa heilmikil áhrif á íslenskan hlutabréfamarkað á næstu misserum og áhrifin verða ekki einvörðungu bundin við hlutabréfamarkaðinn.“

Hagnaður hjá IKEA á Íslandi

Eignarhaldsfélagið Miklatorg ehf., móðurfélag IKEA á Íslandi, hagnaðist um 530 milljónir á síðasta rekstrarári sem náði til ágústloka 2014.

Félagið rekur einnig verslun undir merkjum IKEA í Litháen. Félagið tapaði 258 milljónum á rekstrarárinu þar á undan en það skýrist helst af því að verslunin í Litháen var ekki opnuð fyrr en í lok þess rekstrarárs.

Tekjur félagsins námu 13,4 milljörðum króna og rekstrargjöld 11,9 milljörðum á síðasta rekstrarári. Eignir félagsins voru 15,4 milljarðar, skuldir 12,9 milljarðar og eigið fé 2,5 milljarðar í lok rekstrarársins.

Miklatorg hf., sem rekur verslun IKEA í Garðabæ, hagnaðist um 357 milljónir á rekstrarárinu. – ih

Árið sem leið var í takt við spár greiningaraðila

Árið sem leið var að mestu leyti í takt við spár greiningaraðila. Almenn var þó spáð meira atvinnuleysi, en raun bar vitni, meiri verðbólgu og sumir spáðu meiri húsnaðisverðshækkunum.

Verðbólga hélst undir flestum spám greiningaraðila fyrir árið, þrátt fyrir erfða kjarabaráttu og launahækkanir sem fylgdu á árinu. Verðbólga mældist tvö prósent í árslok, líkt og Íslandsbanki spáði í upphafi árs og nálægt 1,8 prósentu spá Arion banka á síðari hluta ársins.

Atvinnuleysi mældist minna á árinu en spáð var. Það mældist að meðaltali 2,97 prósent á fyrstu ellefu mánuðum ársins samkvæmt tölum frá Vinnuálastofnun. Hins vegar spáði stofnunin 4,1 prósent

atvinnuleysi á árinu í skýrslu í mars 2015. Nýtt vandamál tók við þar sem erfitt hefur verið að manna sum störf, sérstaklega í þjónustugeiranum.

Verð á íbúðarhúsnæði rauk upp á árinu og hækkaði um 8,2 prósent samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þetta var undir spá Landsbankans frá því í janúar 2015, en í takt við spá Íslandsbanka og Arion banka.

Enn liggja ekki fyrir lokatölur um hagvöxt á árinu. Seðlabankinn spáði fjögurra prósentu hagvexti á árinu og spáðu bankarnir hagvexti á bilinu 4,3 til 5,5 prósent. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni mældist hagvöxtur 4,5 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins. Lokatölur fyrir árið verða ekki ljósar fyrir en í mars. – sg

VERÐBÓLGA Í ÁRSLOK

Spár: Raunveruleiki:
Íslandsbanki:
1. spá, janúar **2%**
2. spá, mars **3%**
3. spá, sept. **2,7%**
Arion banki
október **1,8%**
2
prósent

ATVINNULEYSI YFIR ÁRIÐ

Spár: Raunveruleiki:
Vinnuálastofnun
mars **4,1%**
2,9
prósent
á fyrstu
11 mánuðum


HÚSNÆÐISVERÐSHÆKKUN

Spár: Raunveruleiki:
Landsbankinn
janúar **9,5%**
Íslandsbanki
október **8,1%**
Arion banki
Des. 2014 **7-8%**
8,2
prósent

HAGVÖXTUR

4,5%
á fyrstu 9 mánuðum ársins
frá sama tímabili 2014


ALLS KONAR BRÁÐNAUÐSYNLEGT FYRIR MATVÆLABRANSANN!



VIÐ HJÁ ODDA FRAMLEIÐUM
UMBÚÐIR OG PRENTVERK
SEM HENTA FYRIR TÆKJUM
ÚT UM ALLAR TRISSUR.
VIÐSKIPTAVINIR OKKAR ERU
TIL DÆMIS VERSLANIR, VEITINGAHÚS,
MATVÆLAIDNADUR, STÁVARÚTVEGUR
OG ALLS KONAR ÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI.
→ODDI.IS/515-5000



VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM FÍNERÍ.



© RÁN FLYGENING



Haukur Örn Birgisson var nýlega endurkjörinn formaður Gólfsambands Íslands og situr einnig í stjórn Evrópska gólfsambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Telur víst að atvinnukylfingum fjölgi

Fjöldi kylfinga á Íslandi samsvarar um tíu prósentum af þjóðinni. Forseti Gólfsambandsins segir að klúbbarnir á Íslandi velti samtals tveimur milljörðum á ári. Hann telur unnt að reka íþróttina án opinbers stuðnings. Kylfingar fjölskrúðugri hópur hér en annars staðar.

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Golfiþróttin er næst fjölmennasta íþróttin á Íslandi á eftir knattspyrnu. Skráðir félagsmenn í gólflúbbum eru tæplega 17 þúsund. Haukur Örn Birgisson, forseti Gólfsambands Íslands, segir að gerðar séu kannanir á hverju ári til þess að mæla þátttöku í golfi. Þær hafi sýnt undanfarin ár að annar eins fjöldi, sem ekki er skráður í klúbba, spilar golf á Íslandi. Heildarfjöldi kylfinga, fólks sem leikur golf fimm sinnum eða oftar á ári, hleypur því á bilinu 30-35 þúsund og segir Haukur að þessi tala hafi farið hækkandi undanfarin ár. „Ef við förum tíu til fimmtán ár aftur í tímann þá voru skráðir kylfingar á Íslandi um átta þúsund. Þannig að þeir hafa tvöfaldast á þessum fimmtán árum,“ segir Haukur Örn. Á sama tíma hafi kylfingum fækkað í Bandaríkjunum og Evrópu. Á síðustu tveimur til þremur árum hafi fjöldinn hér heima þó staðið í stað, þótt lítils háttar fjölgun hafi verið á síðasta ári.

Tækifæri til sóknar

Haukur segir sóknarfærin enn vera til staðar. „Við getum enn þá fengið fleiri kylfinga, sérstaklega hjá börnum og unglíngum og fólki á aldrinum 20-35 ára,“ segir Haukur. Kylfingar í dag séu upp til hópa fólks sem hefur lokið námi, er búið að koma sér fyrir á vinnumarkaðnum og kaupa fasteign. Fólki á aldrinum 20-35 ára hafi hingað til ekki gefið sér tíma til að sinna golfinu. „Það er brottfall þarna í golfinu eins og öðrum íþróttagreinum. Og þarna held ég að sé sóknartækifæri.“

160
milljónir
er velta Gólfsambandsins
á ári

3
milljónir
er velta minnstu
klúbbanna á ári.

Haukur segir líka sóknartækifæri með fjölgun í röðum kvenkylfinga. „Íslenskum kvenkylfingum hefur fjölgað úr tíu prósentum í þrjátíu prósent. En eðlilega þá ætti þetta bara að vera jafnt kynjahlutfall í þessari íþrótt. Þannig að ég held að það séu mikil sóknartækifæri á meðal kvenna.“

Haukur segir að ákveðnar kenningar séu um það hvers vegna kylfingum erlendis fari fækkandi. Ein ástæðan sé sú að samkeppni um tíma fólks sé að aukast. „Að leika golf getur tekið dálítið langan tíma. Ef fólk vill leika átján hólur gólfring, getur það tekið fimm eða sex klukkutíma ef ferðir til og frá gólfvelli eru teknar með. Auðvitað er hægt að stytta það og leika bara níu hólur þannig að það taki minni tíma. En þetta er ein af ástæðunum.“ Önnur ástæðan sé mistök við hönnun nýrra gólfvalla. Þeir hafi verið hannaðir með keppni þeirra bestu í huga þannig að þeir séu orðnir of erfiðir. „En það eru ekki vellirirnir sem almenningur vill leika golf á. Það á að vera markmiðið að það sé gaman að leika golf.“

400
milljónir
er velta stærsta klúbbsins, Golfklúbbs Reykjavíkur, á ári.

2
milljarðar
króna er samanlögð velta
gólflúbbanna.

Haukur segir að hér á Íslandi sé hópur kylfinga mun breiðari en erlendis, til dæmis í Evrópu. „Það spila allir golf, allir aldurshópar, þjóðfélagshópar, tekjuhópar, karlar og konur, ömmur og afar, börn og unglíngar. Það er ekki þannig í öðrum Evrópulöndum. Lengi vel var golfiþróttin stéttaskipt og er það enn þá víða í Evrópu. Þar er það efnadra fólk, efri millistéttin sem leikur golf eingöngu og þeir sem eru í lægri tekjubrepum hafa ekki möguleika til þess að spila golf. Það er dýrt,“ segir Haukur.

Allt þetta sé auðveldara hér á Íslandi. Hér sé tiltölulega auðvelt að leika golf, auðvelt að koma sér af stað, þátttökugjald í gólflúbbum sé ekki hátt og útbúnaður og valla-gjöld ekki dýr. „Það er aðalástæða þess að þetta er íþrótt sem allir spila, óháð hvar þeir standa í þjóðfélaginu. Þetta er íþrótt sem er einstök fyrir það að börn geta leikið golf við ömmur sínar og afa á sama gólfvelli og við sömu reglur. Bara út af þessu forgjafakerfi sem aðrar íþróttir hafa ekki. Það er einkum það sem gerir

Við eigum frábæra gólfvelli og eigum heimsmet í fjölda gólfvalla miðað við íbúa. Þeir eru um 65 talsins og þó að þeir séu ekki allir átján hólur gólvellir þá standast fremstu gólvellir á Íslandi fyllilega samanburð við bestu gólfvelli annars staðar í heiminum.

þessa íþrótt einstaka, sérstaklega sem fjölskrúðugri hópur,“ segir Haukur.

Borgar 90 þúsund í árgjald

Haukur segir að það sé hægt að komast af með frekar lítinn kostnað við gólfiðkun hérlendis. Til að byrja með þurfi 50 til 100 þúsund krónur. Fyrir það væri hægt að kaupa nokkrar gólfskylfur, gólfpoka, gólfskó og einhvern útbúnað. Svo megi kaupa staka gólfringi eða kaupa sér aðild að minni gólfvöllum, æfingavöllum eða þá 3 völlum á lágu verði. „Árgjald í klúbb á höfuðborgarsvæðinu er svona í kringum 90 þúsund krónur fyrir fulla aðild, fyrir fullorðinn kylfing. Börn og unglíngar fá afslátt og þeir sem eru komnir yfir ákveðinn aldur. En árgjald í klúbb utan höfuðborgarsvæðisins er svona 30-70 þúsund krónur eftir því hvort það er níu eða átján hólur völlum.“

Hvernig eru Gólfsambandið og klúbbarnir fjármögnuð? Fjármögnun Gólfsambandsins er aðallega þrenns konar. Félagagjöld, sem eru 4.400 krónur á mann og hver félagi greiðir í gegnum árgjöld

sín til klúbbsins, fjármagn frá samstarfsaðilum, þar sem Eimskip er stærst, og síðan styrkir frá Íþróttasambandi Íslands og R&A í Skotlandi sem styrkir ákveðin verkefni, sérstaklega fyrir börn og unglíngar eða í nýsköpun. Tekjur frá félagsmönnum og samstarfsaðilum eru þó um 90% af heildartekjum sambandsins. Stærstur hluti af fjármögnun gólflúbbanna er með félagsgjöldum og tekjum frá samstarfsaðilum. Í einhverjum tilvikum fá gólflúbbar svo styrki frá sveitarfélögum.

Mögulegt án opinberra styrkja

Gólfsambandið veltir um 160 milljónum á ári en stærsti klúbburinn, Gólflúbbur Reykjavíkur, veltir tæplega 400 milljónum á ári. Minnstu klúbbarnir velta um þremur milljónum á ári. Samtals velta gólflúbbarnir á Íslandi rúmum tveimur milljörðum. „Þetta er allur skalinn og fer eftir því hve margir félagsmenn eru. Þú ert með gólflúbb sem hefur bara 40 félagsmenn og þeir eru kannski bara að greiða 30-40 þúsund kall á ári.“ Eðli málsins samkvæmt séu tekjur þá ekki miklar. Kostnaðurinn sé hins vegar mikill óháð fjölda félagsmanna. Það er nánast jafn dýrt að reka völlum, hvort sem er fyrir 30 eða 300 manns.“

Væri hægt að reka þessa íþrótt án opinberra styrkja?

„Já, já, það held ég alveg örugglega,“ segir Haukur og bætir því við að margir klúbbar fái enga styrki frá ríki eða sveitarfélögum, sem sé jákvætt. „Klúbbar eiga að vera hreyknir af því að geta rekið sig á eigin fjármagni. Því fjármagni sem klúbbfélagarnir sjálfir eru að leggja til íþróttarinnar. Það fer vaxandi,“ segir Haukur. Hann segir að

FÓLK

KYNNINGARBLAD



Tær snilld


Fjallaskíðaiðkun nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi. Helgi Jóhannesson byrjaði að stunda fjallaskíðamennsku 2013 og segir hana tíu sinnum skemmtilegri en hann bjóst við.
BLS. 2

FJÁRFESTU Í HEILSUNNI ÞINNI

OFURFÆÐI í hylkjum

- 31 innihaldsefni
- hátt næringargildi
- aukin orka og úthald

Lífrænt vottað og framleitt eftir ströngustu gæðakröfum



FRUNSUPLÁSTUR SEM GRÆÐIR OG HYLUR

VISTOR KYNNIR Compeed® frunsuplástur er háþróaður gegnsær plástur sem byggir á svonefndri „hydrocolloid-“ eða vatnskvoðutækni. Innra lag plástursins er byggt upp af kvoðukenndu efni (hydrocolloid efni) sem inniheldur litlar rakadrægar agnir. Plásturinn verndar, græðir og hylur sárið.

Þessar agnir draga í sig raka úr sárinu og breytast við það í gel sem hylur og verndar sárið og styrkir eigið viðgerðarferli húðarinnar. Þetta kemur jafnframt í veg fyrir hrúðurmyndun í sárinu. Ytra byrði plástursins er úr hálfgegndræpu efni sem kemur í veg fyrir að vatn, óhreinindi og bakteríur komist að sárinu en „andar“ og viðheldur rakajafnvægi,“ segir Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor.



GÓÐ VARA

Jódís Brynjarsdóttir, markaðstengill hjá Vistor, segir að frunsuplásturinn sé mjög áhrifaríkur.

Compeed er fyrsti frunsuplásturinn sem klínísk gögn styðja að verki gegn öllum vandamálum sem fylgja frunsum. Má þarf nefna:

- Verkjum
- Kláða og sviða
- Roða, þrota og blöðrumyndun
- Smithættu
- Dregur í sig vökva úr sárinu og kemur í veg fyrir hreistur
- Sárið grær hraðar

Frunsur eða áblástur er veirusýking af völdum svokallaðra herpesveira (herpes simplex). Ef smit á sér stað losnar viðkomandi aldrei við veirurnar.

Lengst af eru veirurnar í dvala en við vissar aðstæður eins og til dæmis við líkamlegt eða andlegt álag eða vegna veikinda getur sýkingin blossað upp og viðkomandi fær áblástur eða frunsur. Vessinn sem kemur úr frunsunum í upphafi sýkingar inniheldur veirur og getur smitað. Það er því mikilvægt að sýna varúð og hreinlæti þegar frunsan er á þessu stigi.

SVONA NOTAR ÞÚ COMPEED®FRUNSUPLÁSTUR

Byrjaðu að nota Compeed® frunsuplástur um leið og fyrstu einkenni frunsunnar gera vart við sig (stingir eða kláði). Þegar plásturinn losnar skal strax setja nýjan plástur á frunsuna. Hafðu plástur á frunsunni allan sólarhringinn, alveg þar til sárið er gróið. Þannig viðheldur þú ákjósanlegu rakastigi í sárinu sem styður gróandann.

Þvoðu hendur. Fjarlægðu ytri pakkninguna og takið í sitthvorn endann á flipunum. Togið varlega í báða flipana. Fylgið örvinum og togið varlega þar til annar helmur plástursins með límhlíðinni er sýnilegur. Snertið ekki límhlíðina. Þrýstið límhluta plástursins varlega með fingri á frunsuna/sárið. Losið hinn flipann með því að toga hægt og varlega niður og frá húðinni (frá miðju og út) þangað til flipinn er laus frá plástrinum. Haldið létt við plásturinn með fingrunum á meðan. Þvoðu hendur á eftir. Þegar frunsuplásturinn er á sínum stað getur þú notað farða eða varalit yfir plásturinn.

FRUNSUPLÁSTURINN FJARLÆGÐUR

Takið ekki plásturinn af fyrr en hann er byrjaður að losna og setjið þá strax nýjan plástur á frunsuna. Takið plásturinn af með því að toga varlega í hann meðfram húðinni. Það á ekki að kippa plástrinum upp eins og gert er við hefðbundinn plástur.



7 KOSTIR COMPEED®FRUNSUPLÁSTURS

1. Græðir sárið fljótt
2. Hlífir sárinu
3. Línar verki
4. Dregur úr roða og bólgu
5. Dregur úr stingjum, kláða og sviða
6. Hægt að nota andlitsfarða yfir plásturinn

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát Stórt op > auðvelt að hlaða Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >



RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn.



365.is | Sími 1817

365

natures aid

Trim-It Fitubrennsla

FRÁBÆR BLANDA SEM ÖRVAR MELTINGU OG EYKUR BRENNSLU

Innheldur eplaedik sem hjálpar til við hreinsun eitrefna úr líkamanum, kelp (brúnþörungur) sem er sérlega steinefnaríkt og styður starfsemi skjaldkirtilsins, B-6 sem hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot kolvetna og fitu, lesítín og hveitíkím.

Fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum, stórmörkuðum og verslunum.



Viltu losna við jólakílóin?



SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.



SVO GAMAN „Mig grunaði þegar ég keypti græjurnar að þetta gæti verið gaman en þetta er tíu sinnum skemmtilegra en mig óraði fyrir,“ segir Helgi Jóhannesson lögmaður, sem hefur stundað fjallaskíðin í tæp tvö ár. MYNDIR/ÓLAFUR MÁR BJÖRNSSON

ALLT ÖNNUR OG BETRI UPPLIFUN

FJALLASKÍÐI Fjallgöngur og skíði sameinast í fjallaskíðum þar sem þátttakendur upplifa náttúruna, fjöllin og jöklana með öðrum hætti en áður.

Fjallaskíðaiðkun nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi eins og víða erlendis enda sameinast þar skíði og fjallgöngur og bjóða um leið upp á nýja upplifun á ferðalögum.

Margar gamlar skíðakempur hafa skipt yfir í fjallaskíðin og er ein þeirra Helgi Jóhannesson lögmaður. „Ég keypti mér allan búnað til fjallaskíðaiðkunar seint um vorið árið 2013 en ég hef verið á venjulegum skíðum alla ævi. Næsta vetur tók ég þátt í fjallaskíðahópi Íslenskra fjallaleiðsögumanna sem var frábær leið til að kynna þessu sporti. Þar lærði ég öll trixinn undir handleiðslu alvöru sérfræðinga en það er ýmislegt sem þarf að varast í þessu líka þó gleðin sé almennt við völd.“

SKEMMTILEGT FÓLK

Helgi segir að sig hafi alltaf grunað að fjallaskíðin væru skemmtileg en upplifunin fór fram úr björtustu vonum hans. „Fjallaskíðin eru tær snilld. Mig grunaði þegar ég keypti græjurnar að þetta gæti verið gaman en þetta er tíu sinnum skemmtilegra en mig óraði fyrir. Frelsið sem felst í þessari fjallamennsku er algert. Maður gengur upp á skinninum í fallettu umhverfi og fær svo adrenalínkikkid á leiðinni niður. Niðurfirðin er auðvitað það sem er ólíkt hefðbundnum gönguferðum en svo er líka auðveldara að ganga upp á skíðunum en á gönguskóm. Þess ber að geta að maður verður að hafa gaman af uppgöngunni í þessu sporti, því 80-90 prósent af tímum fer í að koma sér upp.“

Sjálfur hefur Helgi stundað fjallaskíðin víða sunnanlands, t.d. í Skálafelli, Botnssúlum, Móskaðshnjúkum og fleiri stöðum. Auk þess eru fjöllin í nágrenni Siglufjarðar frábær kostur þegar kemur að fjallaskíðum að hans sögn. „Það er þó erfitt að gera upp á milli þessara staða. Þetta er allt svo skemmtilegt og alltaf jákvætt og skemmtilegt fólk sem er með í för. Ég get samt nefnt langa og



GÓÐUR DAGUR Í fyrra gekk Helgi upp á Snæfellsjökul með góðum hópi í dásamlegu veðri. Útsýnið var einstakt og niðurfirðin frábær.



FRELSIÐ ER YNDISLEGT „Frelsið sem felst í þessari fjallamennsku er algert,“ segir Helgi sem hér er staddur uppi á Snæfellsjökli.

stranga ferð á Örfæfajökulsöskjuna sl. vor og svo fjallaskíðahelgarnar á Siglufirði þegar keppni fer þar fram í fjallaskíðun. Svo gaf konan mín mér í fimmtugsafmælisgjöf einn dag í þylruskiðun á Tröllaskaga. Það er ógleymanleg upplifun.“

ÖNNUR SÝN

Hann segist upplifa fegurð fjallanna á annan hátt en þegar hann er fótgangandi. „Eftir að ég kynntist fjallaskíðunum er maður miklu latari að fara fótgangandi á fjöll og jökla á veturna ef það er hægt að skíða þau frekar. Maður horfir öðruvísi á fjöllin á fjallaskíðum. Sléttar og langar brekkur toga í mann og allt snýst þetta um að finna góða

leið niður eftir skemmtilega og stundum mjög krefjandi uppgöngu.“

Í vetur hefur Helgi tekið að sér, ásamt Tómasi Guðbjartssyni lækni og Jóni Gauta Jónssyni, einum fremsta fjallamanni landsins, að sjá um fjallaskíðaferðir sem Ferðafélag Íslands býður upp á. „Það verður gaman að vera með í því. Ekki síst að læra enn meira í fræðunum af Jóni Gauta. Svo er ekki verra að hafa hjartalækinn með ef maður lendir í hjartastoppi af allri sælunni. Svo í lok apríl fer ég með góðu fólki í sex daga fjallaskíðaferð sem kallast Haute Route og liggur frá Chamonix til Zermatt. Ég get ekki beðið eftir þeirri ferð.“



ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allir virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



BMW X5 XDrive 40D 3.0D E70 11/2011 ek.77þús. Sjálfskiptur. M Pakki. 1 eigandi. Þjónustaður af B&L. Alanctara. Panorama og fl. TILBOÐSVERÐ 7.890.000.-



Land Rover Range Rover Supercharged árg 2006 ek. 144þús. 4.2L. 397 hð. Sjálfskiptur. Leður. Topplúga. STAÐGREIÐSLUVERÐ 3.590.000.- Rnr.311449



Toyota Land Cruiser 120 Gx Diesel 1/2003 ek.196þús. Sjálfskiptur. Ný húðaðar felgur. Ný ryðvarinn. Ásett verð 2.390.000.- Rnr.287920



VW Polo Trendline 1.4 Diesel 12/2014 ek.15þús. Beinskíptur. Ekki bílaleigubíll. Ásett verð 2.390.000.- Rnr.287903



VORTHEX heithúðun á allargerðir pallbíla og fleira upplýsingar í Bílaryðvörn sími 587-1390.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Nissan Murano, 5/2005, ek 164 þús km, ný Toyo harðskeljadekk, mjög gott eintak, 2 eigendur, Umboðsbíll, 100 % þjónusta, nýskoðaður 2017, ásett verð 1.790 þús, raðnr 152320.

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opið 10-18.00 virka daga og
laugardaga 11-15
www.100bilar.is


KRÓKUR



KRÓKUR

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélur á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



SPARÍGRÍSINN

HYUNDAI I10 comfort. Árgerð 2015 ekinn 26 P.KM, bensín, 5 girar. Besta Verðið 1.590.000. 100 % lánamöguleiki Rnr.450447.sími 580-8900



SKÓLABÍLINN

HYUNDAI I10 Árgerð 2011 ekinn 133 P.KM, bensín, 5 girar. Besta Verðið 890.000. 100 % fjármögnun í boði Rnr.450681.sími 580-8900



RENAULT Clio expression Árgerð 2015, ekinn 35 P.KM bensín, 5 girar. Besta Verðið 2.280.000. Rnr.470252. sími 580-8900

Borgarbilasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900



GMC Sierra denali 3500hd 35"dekk . Árgerð 2015, ekinn 5 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð án VSK 11.200. Rnr.115045.



SUBARU Legacy sport. Árgerð 2007, ekinn aðeins 86 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.790.fallegur og vel með farinn Rnr.211150.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2012, ekinn aðeins 39 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.1 eigandi Rnr.115075.

Nýja bílahöllin
Eirihöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 567 2277
www.nyja.is



TOYOTA LAND CRUISER 120 Árgerð 2008. Ekinn 128 P.KM. Verð kr. 4.290.000. tilboðsverð kr 4.290.000.- Rnr. 101376

Braut Bítasala
Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík
Sími: 587 6600
bilabraut@bilabraut.is
www.bilabraut.is

Bílar til sölu



Vw caddy 2005, 1.4L, Ek. 160þ. Nýleg tímar. Heddp, v-dæla. Bremsur og FL upp, s . 8979252 verð 530P.



Ford Econoline, 2004, ek 78þ km, Toppeintak. Ásett 2.590.- fæst á 2.190.- staðgreitt s. 8941920

250-499 þús.



SPARIBAUKUR TILBOÐ 490PÚS

SKODA FABIA COMFORT árg 2003 ek.138 þús, 5 dyra beinskíptur, heilsársdekk sk.16 Toppbíll sem eyðir mjög litlu, Tilboð 490 þús möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955


500-999 þús.



TILBOÐ 590 PÚS - 100% VISALÁN Í BOÐI

SKODA OCTAVIA AMBIENTE árg '04 ek.140 þús, bsk, sk.16 buið að skipta um tímareim, snyrtilegur bíll sem eyðir litlu, ásett verð 790 þús TILBOÐ 590 PÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

Bílar óskast



BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

ÓSKA EFTIR BÍL Á 150 TIL 500PÚS STGR

Fólksbíll eða jeppling eða jeppa Má þarfnast smávægilegra lagfæringa Skoða allt.. Upplís í síma 777 3077

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algjuggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



Við hreinsum allar gerðir loftæstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Smidur.com
s. 897 9933

LEKUR PAKIÐ ?

Pakpappalagnir / Pakviðgerðir. Á steypitímber þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnaskæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarólía. Indus ehf. Óseyrarbraut 2. Hf. Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun



Falleg og erótísk verslun
ÚTSALA - ÚTSALA
25-50% afsláttur af öllum vörum. Takmarkað magn. Margar okkar vinsælustu vörum. Millifærsla - netgíró - greiðslukort. www.hush.is

HEILSA

Nudd

NUDDSTOFA DÍSU (201)

Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á viðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opið frá kl. 10-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa P.

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Flug



VIÐ LÁTUM DRAUMINN RÆTAST!

Skráðu þig í nám. Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. 11.janúar. Kvöldskóli - nám með vinnu. Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgri fluginu. Kannaðu málið! Skráning á www.flugskoli.is

Spádómar

SPÁSÍMI 908 6116

Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sírrý.

SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. 15% afsláttur í janúar. www.myranaut.is s. 868 7204



ADSTÖDUHÚS/SKRIFSTOFA/ VINNUSKÚR

Til sölu, verð 1960þ. plús vsk. Bjart og hlýtt. uppl . 820-5181

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17,
Kringlan - 3. hæð
(Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

til sölu

Framleiðsla á Bio-Diesel olíu.

Til sölu ný tæki fyrir Bio-Diesel olíu, framleitt úr repju. Fullkomin sjálfvirk stöð með skilvindu og vatnshreinsibúnaði. Einnig fylgir 1000 lítrar af repjuolíu og 1000 lítrar af metanoli, auk fleira.

Verð aðeins 10 millj og ýmis skipti eru skoðuð.

Upplýsingar gefur Óskar Mikaelsson í síma 773-4700 & oskar@atv.is

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI**Húsnæði í boði****TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**

129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Stúdíóbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 92þ. Eldri en 30 ára, barnlaus. f. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

Til leigu bjart og snyrtilegt 30fm herb, vinnustofa, skrifstofa í 220 Hfj. Uppl. í s. 893 9678.

Atvinnuhúsnæði**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu mjög góð 50 m² atvinnubíl í Steinhellu 14. Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

Geymsluhúsnæði**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

ATVINNA**Atvinna í boði****CASTELLO PIZZERIA**

óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf. 18 ára eða eldri. Hafðu samband á castello@simnet.is & s. 692 3051

KAFFI KLASSÍK KRINGLUNNI

Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965.

Jón og Salvar fasteignafélag ehf. Iðnaðarmenn óskast. Smiðir/lærslingar í mótavinnu. Upplýsingar í síma: 8943343 eða jon@jonogsalvar.is

**HJÁ JÓA FEL HOLTAGARÐAR**

Óskum eftir að ráða manneskju í fullt starf hjá okkur í Jóa Fel Holtagörðum.

Vinsamlega sendið umsóknir á linda@joiifel.is

Starfsfólk óskast í fiskvinnslu í hafnarfirði. Góð aðstaða, sanngjörn laun. Umsóknir berist á atvinna@eriktheredseafood.com

Looking for people for fish factory in hafnarfjörður. Good facilities, fair pay. Send all applications to atvinna@eriktheredseafood.com

HOUSEKEEPERS

Apartment Hotel in 101 Reykjavík seeks full time and part time housekeepers. Please send applications to: jobs@apartmentk.is

Atvinna óskast**VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÄRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannabjónusta - Proventus.is S. 782-8800

fasteignir**JÖFUR ATVINNUHÚSNÆÐI****534 1020**

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

GOTT VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI

Til sölu samtals 2.011,4 fm verslunarhúsnæði á tveimur hæðum við Hverafold. LEIGUTEKJUR Á HLUTA HÚSNÆÐISINS. Á neðri hæð er 1.422,6 fm verslunarhúsnæði. Á efri hæð hússins, (jarðhæð Fjallkonuvegarmegin) eru 5 sérverslunar- og þjónusturými sem eru öll í útleigu. Næg bílastæði eru bæði ofan og neðan við húsnæðið. **Laust við kaupsamning.**

TIL SÖLU

Hverafold 1-3, 112 Reykjavík
Verslunarhúsnæði
Samtals 2.011,4 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:

**Helgi Már Karlsson**

Löggiltur leigumíðlari
Löggiltur fasteignasali

534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

atvinna**Ræstitæknir óskast**

Ræstitæknir óskast 2 klst á dag virka daga eftir kl. 17.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af ræstingum sem þó er ekki krafa. Reyklaus vinnustaður.

Upplýsingar um starfsreynslu, vinnufjarvistir, launakröfur, meðmælendur auk valupplýsinga eins og um veikindi sendist á starfsumsokn@gmail.com.

**Vinakot leitar að öflugum starfsfólki**

Vinakot ehf. rekur skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og unglinga með fjölþættan vanda. Um þessar mundir leitar Vinakot að öflugum starfsfólki í framtíðarstarf í nýtt úrræði. Um er að ræða vaktavinnu með ungling með fjölþættan vanda.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hvetja og styðja þjónustuþega til sjálfstæðis og virkni
- Umönnun, eftirlit og félagslegur stuðningur
- Fyrirmynd fyrir þjónustuþega
- Almenn heimilishald
- Þátttaka í einstaklingsáætlunum og teymisvinnu

Hæfniskröfur

- 20 ára eða eldri
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af því að starfa með fólki er æskileg
- Þekking á einhverfu er æskileg
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið.

Starfshlutfall 30-80 %

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2016 og umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 15. janúar 2016.

Upplýsingar gefur Ásdís Sigurjónsdóttir, deildarstjóri og þroskaþjálfari, á netfangið asdis@vinakot.is og í síma 659-3751

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÖÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Stigahlíð 20 - 3ja herbergja endaíbúð.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 - 17.45

**OPIÐ HÚS**

Mikið endurnýjuð 86,9 fm. endaíbúð með gluggum á þrjú vegu á 2. hæð (að meðtöldri 9,9 fm. geymslu í kjallara) í Hlíðunum. Vestur svalir útaf borðstofu. Búið er að endurnýja íbúðina mikið á undanförunum árum m.a. eldhús og gler ásamt gólfefnum. Hús að utan er í góðu ástandi og búið er að endurnýja þak. **Verð 33,9 millj. Verið velkomin.**

**Breiðás 9****OPIÐ HÚS**

miðvikudaginn 6. janúar kl 17:00-17:30

191 fm 5 herbergja

Mikið endurnýjuð

Stór lóð

Gólfhiti

Bílskúr

Verð: **48,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
Gunnar S. Jónsson
löggiltur fasteignasali
sími: 899 5856
gunnar@miklaborg.is

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

tilkynningar**Reykjavíkurborg**

Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um endurskoðun á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að endurskoðun á deiliskipulagi í Reykjavík.

Reykjavíkurflygvöllur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 5. janúar 2016 meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi í Reykjavík samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fallið verður frá lýsingu skv. 3. mgr. 40. gr. en heimilt er að falla frá gerð slíkrar lýsingar ef allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi.

Tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að deiliskipulagi Reykjavíkurflygvallar. Farið var í vinnu við nýtt deiliskipulag Reykjavíkurflygvallar í kjölfar samkomulags milli ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group frá 25. október 2013. Deiliskipulagstillagan byggir á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sem tók gildi með birtingu í B deild Stjórnartíðinda þann 26. febrúar 2014 en samkvæmt því verður flygvöllurinn lagður niður í áföngum frá 2015-2024. Núgildandi deiliskipulag fyrir flygvöllinn, sem samþykkt var í borgarstjórn þann 16. janúar 1986 ásamt síðari breytingum, þar á meðal heildarendurskoðun, samþykkt í borgarráði 15. júní 1999, fellur úr gildi fyrir það deiliskipulagssvæði sem sú tillaga sem nú er auglýst nær yfir. Deiliskipulagið frá 1986 með síðari breytingum mun áfram gilda fyrir svæði í kringum lóð Loftleiðahótel og hluta af Litla - Skerjafirði þar til annað deiliskipulag verður unnið fyrir þessi svæði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15, frá 6. janúar 2016 til og með 17. febrúar 2016. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Er þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagssviðs, b.t. skipulagsfulltrúa, eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 17. febrúar 2016.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 6. janúar 2016
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

stuðningurinn frá sveitarfélögum sé fyrst og fremst fólgin í afnotum af landsvæði. Annaðhvort þannig að klúbbur fær endurgjaldslaus afnot af landsvæði eða leigir það af sveitarfélagi á hagstæðum kjörum. „Og svo eru það styrkir til barna- og unglingsstarfs.“

Þroskuð íþrótt á Íslandi

Haukur segir að golfíþróttin sé mjög þroskuð á Íslandi, enda séu liðin um það bil 74 ár frá því að Gólf sambandið var stofnað. „Við erum með yfir sjötíu ára sögu og eigum heimsmet í fjölda þátttakenda og heimsmet í fjölda golfhóla á hvern íbúa.“ Golfið hafi þó byrjað að taka algjört risastökk fyrir svona fimmtán árum. Fullorðnum þátttakendum fjölgaði mikið og svo varð sprenging í barna og unglingsstarfi sem hófst fyrir um tíu árum. „Það var ekki tilviljun, heldur verkefni sem var ákveðið að fara í.“ Gólf sambandið og klúbbarnir ræðust í mikið verkefni í samstarfi við grunnskóla á Íslandi sem hét Skólagolf. Íþróttin var kennd í leikfimitímum grunnskóla. Hver einasti grunnskóli á Íslandi keypti sér golfkennslusett. „Haukur segir að mikið hafi breyst á þeim tíma og nú séu reknar tvær mótaröðir fyrir börn og unglunga.“

Aðalatvinnugreinin á Íslandi er ferðamennska. Hvaða þýðingu hefur golf fyrir ferðamenskuna? Haukur bendir á að talað sé um tuttugu til þrjátíu prósent fjölgun ferðamanna á ári. Aukning á hlutfalli erlendra kylfinga hljóti að vera í samræmi við það. „Það var tekið nokkuð föstum tókum árið 2008 að fara í markvissa vinnu við að auka komu erlendra ferðamanna á Íslandi í tengslum við golf,“ segir Haukur. Stofnuð voru samtökin Golf Iceland með það að markmiði að

kynna Ísland sem áfangastað fyrir kylfinga og hafa samtökin kynnt Ísland á ferðasýningum erlendis og segir Haukur það hafa borið árangur.

Haukur segir að undanfarin þrjú ár hafi verið um það bil 50 prósent fjölgun á spiludum golfhringjum milli ára hjá erlendum kylfingum. Það er meira en fjölgun ferðamanna. „Þetta skiptir íslenska golfklúbba verulegu máli. Þessir ferðamenn eru ekki einungis að greiða valla gjald heldur kaupa þeir veitingar af klúbbum, kaupa sér fatnað og útbúnað og eru að versla almennt meira við golfklúbbin en Íslendingar myndu gera. Þeir leigja golfsett og svo framvegis,“ segir Haukur. Hann bendir á kannanir á vegum Ferðamálastofu sem sýni að 3.000 ferðamenn leika golf á Íslandi á ári. Það segi þó ekki alla söguna því flestir af þessum 3.000 leika fleiri en einn golfhring á Íslandi. Líklegt sé að þeir leiki upp undir fimm hringi. „Samkvæmt þessum könnunum má slá því föstu að það séu leiknir 8.000 golfhringir á ári af erlendum ferðamönnum,“ segir Haukur.

Haukur segir íslenska golfvelli standast fyllilega samanburð við þá útlensku. „Við eigum frábæra golfvelli og eigum heimsmet í fjölda golfvalla miðað við íbúa. Þeir eru um 65 talsins og þó að þeir séu ekki allir átján hólur golfvelli þá standast fremstu golfvelli á Íslandi fyllilega samanburð við bestu golfvelli annars staðar í heiminum,“ segir Haukur. Máli sínu til stuðnings bendir hann á að Hvaleyrarvöllur hafi ratað inn á lista yfir 100 bestu golfvelli í Evrópu. „Sem er mikil viðurkenning og sýnir það að íslenskir golfvelli eru á heimsmælikvarða.“ Hann segir golfvelli hafa tekið miklum breytingum síðustu 10 árin.

Miklum peningum sé varið í rannsóknir á golfvöllum og það skili sér í betri völlum. Golfvalla starfsmenn séu betur menntaðir og það skili sér í því að vellirnir séu opnir lengur. „Núna er hægt að byrja að spila golf um miðjan apríl og allt fram í nóvember. Golfvellirnir voru að loka í byrjun nóvember á þessu ári. Tímabilið hefur lengst alveg gríðarlega, sem er þessari þekkingu að þakka.“

Fimm atvinnumenn á Íslandi

Haukur segir að fimm Íslendingar séu atvinnumenn í íþróttinni í þeim skilningi að þeir séu með markvissum hætti að reyna fyrir sér í atvinnukeppni. Þess utan sé fjöldi kylfinga sem hafi atvinnu af golfi. Til dæmis golfkennarar. Hann telur vist að atvinnukylfingum muni fjölga umtalsvert á næstu árum. „Við höfum aldrei átt eins marga kylfinga við nám í bandarískum háskólum og í dag. Og núna rétt fyrir jól eignuðumst við í þriðja sinn kylfing sem hefur unnið sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni í golfi, sem er næststerkasta mótaröðin í golfi. Hún Ólafía Þórunn Kristinsdóttir.“ Að vera kominn í Evrópumótaröðina sé þó ekki það sama og að sigla lygnan sjó. Það kosti tíma og peninga að taka þátt, enda fer mótaröðin fram víða um heim.

Haukur segir að líf atvinnukylfinga sé því enginn dans á rósum, nema þeirra sem eru komnir á allra hæsta stig. Þeir allra bestu hafi það ansi gott. En til að byrja með þurfi atvinnukylfingar að reyna að fjármagna sig með samstarfsaðilum og þurfi að greiða inngöngufé inn á mótin. „Það eru miklir peningar í þessari íþrótt, sem skýrist meðal annars af því að almennir þátttakendur í golfi eru fólk sem komið er yfir fertugt,“ segir Haukur. Það fólk

60

milljónum króna hefur verið úthlutað úr afreksjóðnum Forskoti til kylfinga. Markmiðið er að hjálpa þeim að hasla sér völl í atvinnumennsku í íþróttagreininni og taka þátt í mótum.

sé virkir neytendur og markhópur flestra fyrirtækja. Þetta geri það að verkum að golfíþróttin sé mjög stór fjárhagslega í heiminum.

Haukur segir að Gólf sambandið hafi ásamt Eimskip, Íslandsbanka, Valitor og Icelandair stofnað afreksjóð sem heitir Forskot. „Við leggjum allt af pening á hverju ári í þennan sjóð sem síðan sér um að útdeila fjármagni til þeirra kylfinga sem sjóðurinn hefur mesta trú á og vill styrkja þá og auðvelda þeim að komast þessa leið,“ segir Haukur. Á þeim tíma sem sjóðurinn hefur verið starfræktur er búið að útdeila um 60 milljónum til þessara kylfinga. Haukur segir það hafa gert þeim kleift að taka þátt í þeim mótum sem þeir vilja taka þátt í og láta drauma sína rætast.



Á meðan við prentum fyrir þig...

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar
Fjölóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR
PRENTSMÍÐJA



Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

BJÖRG EVA ERLENDSDÓTTIR



Stýrir starfinu hjá VG

Björg Eva Erlendsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Björg Eva hefur stýrt rekstri og framkvæmd samstarfs flokkahóps Vinstri grænna í Norðurlandaráði og formannasamstarfi sömu flokka undanfarin sex ár. Hún mun sinna því starfi áfram samhliða störfum fyrir VG til að byrja með.

Björg Eva vann lengst af sem fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu. Hún hefur lokið háskólaprófi í íslensku, norsku og blaðamennsku og stefnir að útskrift sem meistari í Norðurlandfræðum frá Háskóla Íslands. Björg Eva er formaður Norræna félagsins í Reykjavík og hefur setið í stjórn Ríkisútvarpsins síðustu ár.

INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR



Lögfræðingur í raðir SA

Ingibjörg Björnsdóttir hefur verið ráðin lögmaður á vinnu- og atvinnu- og samþykkingu Samtaka atvinnulífsins í stað Álfheiðar M. Sívertsen. Álfheiður hafði starfað hjá SA í 15 ár en tekur nú við starfi forstöðumanns áhafnadeildar Icelandair.

Ingibjörg er með embættispróf í lögfræði og málflytningu fyrir héraðsdómi auk þess sem hún er viðurkenndur bókari. Ingibjörg hefur áður starfað sem lögmaður hjá EMBLU lögmönnum og ACTIO ráðgjöf.

Þá hefur Hrafnhildur Stefánsdóttir verið ráðin skjalastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hún mun auk þess veita félögum í Húsi atvinnulífsins ráðgjöf við upplýsingastjórnun. Hrafnhildur er bókasafns- og upplýsingafræðingur. – ih

RÚN INGVARSDÓTTIR



Í markaðsdeild Landsbankans

Rún Ingvarsdóttir hefur hafið störf í markaðs- og samskiptadeild Landsbankans. Rún vann á fréttastofu RÚV frá árinu 2007 og sinnti einkum erlendum fréttum. Hún er með MA-gráðu í alþjóðafræðum frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu og BA-gráðu í mannfræði og bókmenntafræði. – sg



Jón Ingi Sigvaldason segir undirbúning fyrir flugeldasölu næstu áramóta þegar hafna enda þurfi að panta flugeldana í mars.

Hasarinn byrjar strax í janúar

Jón Ingi Sigvaldason hefur starfað hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg í ellefu ár, en í kringum flugelda í tuttugu og fimm ár. Hann segir flugeldasölu ekki farna að nálgast hápunktinn sem náðist fyrir hrun. Landsbjörg hefur nýverið breytt allri línunni sinni. Jón Ingi segir það nauðsynlegt að standa ekki í stað.

SVIPMYND JÓN INGI SIGVALDASON

„Ég er orðinn skrifstofubjörgunar-sveitarmaður,“ segir Jón Ingi Sigvaldason frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Hann hefur starfað hjá Landsbjörg í ellefu ár en er ekki lengur í útköllum. Hann hefur starfað í kringum flugelda í tuttugu og fimm ár. Þó að margir telji að flugeldatörnin sé senn á enda hjá Landsbjörg er það öðru nær því að hafist er handa við undirbúning sölnunar fyrir næsta desember strax í byrjun janúar.

„Farið er í ferð til Kína fyrst til að velja nýju vöruna, sem kemur í lín-

una, svo er þetta venjulega pantað í mars. Svo tekur við ferlið að koma þessu til landsins og útvega merkingar og annað slíkt,“ segir Jón Ingi og bætir við að allar vörurnar séu keyptar frá Kína.

Landsbjörg hefur selt flugelda allt frá árinu 1968. Tekjur af flugeldasölu eru allt frá sjöttu og upp til níutíu og fimm prósent af tekjum sveitanna. „Það fer eftir sveitunum. Fyrir sumar minni sveitirnar skiptir salan öllu mál. En hver eining hjá okkur er með sjálfstæðan fjárhag,“ segir Jón Ingi. Sveitirnar eru svo með aðrar tekjulindir eins og bakverði sem styrkja félagið í hverjum mánuði, auk sölutekna af neyðar- karlinum.

Jón Ingi segir söluna þessi áramót hafa verið svipaða og undanfarin tvö ár. „Það sem kemur á óvart í ár er að dreifingin á vörukaupunum er miklu meiri.“

Síðan 2013 er Landsbjörg búin að breyta allri línunni sinni. „Við erum búin að breyta innihaldinu í fjölskyldupökkunum og annað slíkt. Ég held að það sé nauðsynlegt að breyta til að standa ekki í stað.“ Hver einasti vöruflokkur er nú með mjög breitt verðbil. „Allir ættu því að geta fundið eitthvað í línunni og það er það sem við höfum reynt að halda.“

Önnur þróun á ferli hans er sala til erlendra ferðamanna. „Við erum að taka meira eftir því að útlend-

ingarnir eru að kaupa. Það er ekki í einhverju risamagni en það er sérstaklega hjá sveitunum sem eru með sölustaði nálægt hótélum,“ segir Jón Ingi.

Jón Ingi segir að flugeldasalan hafi náð hápunkti fyrir hrun og að hún sé ekki búin að ná þeim hæðum aftur. „Það liggur við að ég segi guð hjálpi mér að við förum ekki á þann stað aftur. Þá var það bara þannig að stóru kökurnar alveg ruku út, en sala á fjölskyldupökkum var mun minni. Nú erum við að sjá miklu meira af fjölskyldum koma saman og sprengja. Við höfum líka tekið eftir því að heilu göturnar eru að taka sig saman og kaupa þá einhverja flugelda saman.“ saeunn@frettabladid.is

Landsliðsmaður flytur inn léttvín frá Ítalíu til Íslands

„Vonandi kemur maður með eitthvað heim sem fólk kann að meta,“ segir Emil Hallfreðsson, landsliðsmaður í knattspyrnu, sem hefur ásamt Ágústi Reynissyni, Hrefnu Rósu Sætran og Guðlaugi Pakpum Frímanssyni stofnað fyrirtæki utan um innflutning á víni til Íslands. Þau þrjú síðastnefndu hafa rekið veitingastaðina Grillmarkaðinn og Fiskmarkaðinn.

Emil segir ætlunina að flytja inn ítölsk vín en hann hefur leikið með Hellas Verona á Ítalíu frá árinu 2010. „Ég hef komist í sambönd við nokkra aðila hérna úti, sérstaklega í Valpolicella-dalnum sem er hérna rétt fyrir utan Verona,“ segir Emil en Valpolicella-dalurinn er þekkt vínreктar-hérað.

„Ég held að það séu 200 mismunandi vínfyrirtæki bara hérna í Verona og Valpolicella-dalnum,“ segir hann.


Miðjumaðurinn knái segir vín-áhugann hafa kviknað eftir að hann hóf að leika á Ítalíu. „Ef ég á að segja eins og er þá drakk ég ekki einu sinni áfengi fyrr en ég flutti til Ítalíu. Ég hugsaði að ef ég ætla einhvern tímann að smakka áfengi, rauðvín og kaffi þá ætla ég að byrja að gera það á Ítalíu.“ Honum hafi verið boðið í vínsmakkanir og hann hafi látið til leiðast. „En maður drekkur þetta í hófi,“ segir landsliðsmaðurinn. „Svo er aldrei að vita nema maður fjárfesti í einni vín-ekru áður en maður flytur heim“ segir Emil léttur að lokum. – ih



Emil Hallfreðsson hefur verið fastamaður í landsliðinu síðustu ár. FRÉTTABLAÐID/VILHELM



Make it matter.



Kipptu kassanum með þér

HP MX-10 kassakerfisláusnin með Intel® Atom™ örgjörva Z2760

G8C31EA, F3K89AA



HP MX-10 kassakerfisláusnin ásamt HP strímlaprentara, stríkamerkjaskanna og peningakassa sem eru seldir aukalega.

Innbyggður stríkamerkjaskanni

Innbyggður kortaskanni

Kynntu þér MX-10 kassakerfisláusnina nánar á www.ok.is/mx10/

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is. Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Inside merkið, Intel Atom og Intel Atom Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

 **Opin Kerfi**
- allt er mögulegt



Verzlun

Emil B. Karlsson
forstöðumaður
Rannsóknaseturs
verslunarinnar

Ár endurnýjunar heimilisbúnaðar

Ímyndum okkur dæmigerða íslenska fjölskyldu sem virðir fyrir sér heimilið um nýliðin áramót: Hluti af húsgögnunum hefur verið endurnýjaður á árinu – meðal annars hefur verið fjárfest í nýjum rúmum fyrir einhverja fjölskyldumeðlimi. Gamla sjónvarpinu var skipt út á árinu, allir fjölskyldumeðlimir eru með nýlega snjallsíma og þeir fullorönu af allra nýjustu gerð. Þó ekki hafi verið bruðlað í matar- og drykkjarinnkaupum fyrir hátíðirnar er samt til nóg fyrir alla, sælkerá sem og þá sem kjósa grænt fæði eða lífrænt.

Fjárhagur heimilanna batnaði á síðasta ári og hefur almennt ekki verið betri frá hrúni. Eins og jafnan endurspeglast afkoma heimilanna í veltu verslana. Sem dæmi jókst sala á snjallsímum að raunvirði um yfir 30% á árinu. Velta í sölu húsgagna jókst jafnt og þétt á árinu, til dæmis jókst velta sérverslana með rúm um yfir 20%. Þá nutu raftækjaverslanir góðs af afnámi vörugjalda í byrjun ársins með umtalsverðri aukningu í sölu smárra og stórra tækja til heimilisnota.

Verslanir eru að ná vopnum sínum eftir kreppuna sem varð mörgum minni sérvörverslunum erfið. Ýmist hafa nýjar verslanir komið í stað þeirra sem fyrir voru eða þær sem lifðu af hafa styrkt stöðu sína. Á síðasta ári jókst kaupmáttur launa um líðlega 6% sem ýtti undir aukna einkaneyslu. Hluta af kaupmáttaraukningunni má rekja til kjarasamninga síðastliðið haust sem jók einnig á bjartsýni og væntingar neytenda sem aftur er mikilvægur þáttur í aukinni neyslu. Væntingavísitala Gallup hækkaði um 47% á árinu.

Verslun ferðamanna

Annar þáttur sem styrkti verslun á síðasta ári var aukinn straumur erlendra ferðamanna. Þó útlendingar komi ekki beinlínis hingað í verslunarhugleiðingum, nýtur verslun engu að síður góðs af komu þeirra. Erlendir ferðamenn greiddu fyrir vörur í íslenskum verslunum með greiðslukortum sínum árið 2015 um 23 milljarða kr. Þar af í matvörverslunum um 4,8 milljarða kr.

Skattabreytingar

Í byrjun síðasta árs var almennur virðisaukaskattur lækkaður úr 25,5% í 24%, virðisaukaskattur á matvæli færður úr 7% í 11% og svokallaður sykurskattur afnuminn. Meðaltalsverðlag á matvælum var um 2% hærra árið 2015 en árið áður. Í byrjun 2015 voru einnig felld niður vörugjöld af raftækjum, hluta byggingavara og varahlutum. Þessar skattabreytingar, ásamt styrkingu krónunnar, endurspeglast í lækkanandi verðlagi á þessum vörum.

Lagarde í heimsókn í Nígeríu



Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, kom í heimsókn til Nígeríu á mánudaginn. Kemi Adeosun, fjármálaráðgjafi Nígeríu, tók á móti henni ásamt Godwin Emefiele seðlabankastjóra. Í gær hitti Lagarde forseta Nígeríu og efnahagsráðgjafa hans. FRÉTTABLAÐID/EPA

„Brothætt skipulag“ – pólitískar orsakir bankakreppa



Lars Christensen

alþjóðahagfræðingur

Charles Calomiris er vafalaust einn helsti sérfræðingur í bankakreppum í heiminum. Árið 2014 skrifaði Calomiris, ásamt Stephen Haber, bókina *Fragile by Design: Banking Crises, Scarce Credit, and Political Bargains* (Brothætt skipulag: Bankakreppur, lánaskortur og pólitísk viðskipti).

Í bókinni er því haldið fram að

bankakreppa sé ekki eðlislægt einkenni fjármálakerfis hins frjálsa markaðar, heldur útkoman úr því sem Calomiris og Haber kalla „leik með bankaviðskipti“ á milli ríkisstjórnar og sérhagsmunahópa, og hvernig þessi leikur leiðir til mismunandi hvata til óhöflegar áhættusækni.

Mér finnst yfirlit þeirra yfir sögu bankakreppa gríðarlega áhugavert og mér finnst sérstaklega athyglisvert að Calomiris og Haber álykta að frumorsök bankakreppa sé að finna í þeim pólitísku stofnunum sem mismunandi lönd hafa. Með öðrum orðum: Aðalorsök bankakreppa er „pólitískt hönnuð“.

Calomiris og Haber leggja áherslu á að sumum löndum sé mun hættara við að lenda í bankakreppu en öðrum. Calomiris og Haber telja upp eftirfarandi ríki sem séu sérstaklega gjörn á að lenda í bankakreppu: Argentína, Austur-Kongó,

Eitt land vantar því miður í bókina – Ísland – en í mínum huga er það augljóst að „leikurinn með bankaviðskiptin“ á milli ríkisstjórnarinnar og sérhagsmunahópanna lék stórt hlutverk í óhöflegri áhættusækni íslenskra banka í aðdraganda bankakreppunnar 2008.

Tsjad, Mið-Afríkulyðveldið, Kamerún, Gínea, Kenía, Filippseyjar, Níkaragva, Brasilía, Bólívía, Kostaríka, Tailand, Mexíkó, Ekvador, Kólumbía, Úrúgvæ, Síle, Tyrkland, Spánn, Svíþjóð og Bandaríkin.

Sömuleiðis birta Calomiris og Haber lista yfir nokkur lönd sem hafa almennt verið laus við kreppur (þrátt fyrir kappnóg lánstraust):

Bahamaeyjar, Malta, Kýpur, Brúnei, Singapúr, Hong Kong, Makaó, Suður-Afrika, Ítalía, Austurríki, Nýja-Sjaland, Ástralía og Kanada.

Eitt land vantar því miður í bókina – Ísland – en í mínum huga er það augljóst að „leikurinn með bankaviðskiptin“ á milli ríkisstjórnarinnar og sérhagsmunahópanna lék stórt hlutverk í óhöflegri áhættusækni íslenskra banka í aðdraganda bankakreppunnar 2008. Þetta var vissulega ekki eina ástæða kreppunnar, en það er líklegt að það hafi gegnt mikilvægu hlutverki við að skapa aðstæðurnar fyrir kreppuna.

Áhugaverð ályktun sem við getum dregið af *Fragile by Design* er að við drögum ekki úr hættunni á bankakreppu með meiri afskiptum ríkisvaldsins af bankageiranum. Heldur er líklegt að meiri ríkisafskipti – bæði bein og óbein – auki hættuna á bankakreppu.

Áramótaheit strengd

Hin hliðin

Halldóra Gyða
Matthíasdóttir
útibússtjóri Íslandsbanka í Garðabæ og Dale Carnegie-þjálfari Brennidépsils.



Það er gamall íslenskur siður að strengja heit um áramót. Áramótaheitin eru oft tengd því að láta af ósiðum eða koma á góðum. Tilefnin geta verið ólík og efndir einnig.

SMART markmið

Áramótaheit eru ekkert annað en markmiðasetning. Til að ná árangri er gott að nota SMART-aðferðafræðina sem stendur fyrir: Sérstakt (e. Specific), Mælanlegt (e. Measurable), Ásættanlegt (e. Acceptable), Raunhæft (e. realistic) og Tímasett (e. Time Frame.)

Markmiðið verður að vera tengt einhverju sérstöku, til dæmis að kaupa sér árskort í ræktina og mæta þrisvar sinnum í viku. Gott er að markmiðið sé mikilvægt og

undir stjórn þess sem setur sér það.

Það verður að vera hægt að mæla árangur. Það er mjög auðvelt að mæla hvort maður hafi mætt í ræktina þrisvar sinnum í viku.

Markmiðið verður að vera aðlaðandi, þú verður að geta og langa til að ná markmiðinu. Þú verður til dæmis að gefa þér tíma og velja þér líkamsrækt við hæfi.

Það er mjög mikilvægt að setja sér raunhæft markmið. Það er til dæmis ekki raunhæft að ætla að mæta

fimm sinnum í líkamsrækt á viku, ef maður hefur ekki hreyft sig lengi.

Til að geta mælt árangur er nauðsynlegt að setja lokatíma til að mæla árangur. Í hversu marga mánuði ætlar þú að mæta þrisvar sinnum í viku?

Skrifa niður og deila

Það er gott að skrifa SMART-markmiðin og deila með þeim sem maður treystir. Það að sjá markmiðin skrifuð á blað hjálpar þegar sá tími kemur að við verðum löt. Þá

er bara að drífa sig út um húsdýrnar sem er oft erfiðasti þröskuldurinn.

Eftirfylgni og mat á árangri

Margir eru duglegir að setja sér markmið og fara af stað en svo gleymist eftirfylgni og mat á árangri. Það er gott að eiga góða að sem eru duglegir að fylgja manni eftir. Hvetjið endilega þá sem þið deilið markmiðunum með að fylgjast með ykkur og ýta við ykkur þegar þið þurfið á því að halda. Gangi ykkur vel og hafið gleðina að leiðarljósi.



FRANKFURT

frá 9.999kr.*



FRANKFURT – NÝR ÁFANGASTAÐUR Í JÚNÍ

Í júní fljúgum við á nýjan áfangastað í Þýskalandi, Frankfurt. Þessi miðstöð fjármála og fjörs er einstaklega vel staðsett í hjarta Evrópu. **Bókaðu flug strax í dag á fáheyrðu verði.**



Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

Dæmt eftir tíðarandanum

Jón Steinar Gunnlaugsson hefur skrifað athyglisverða grein um Stím-málið svokallaða. Í málinu voru Lárus Welding forstjóri og fleiri forráðamenn Glitnis dæmdir til fangelsisvistar, meðal annars fyrir umboðssvik.

Umboðssvik má skýra sem tilvik þegar maður sem fer með fjárreiður fyrir annan mann eða félag misnotar þá aðstöðu sína. Það er skilyrði fyrir beitingu ákvæðisins að háttsemin sem um er rætt hafi átt sér stað í auðg-unarskyni.

Málsatvik í Stím-málinu voru þau að Glitnir seldi bréf í bankanum til félags að nafni Stím. Kaupin voru að hluta fjármögnuð af Glitni, og í staðinn tók bankinn tryggingar, m.a. veð í bréfunum sjálfum.

Staða bankans var því sú eftir viðskiptin að bankinn losaði bréfin af eigin bók og eignaðist þess í stað kröfu á hendur Stím auk þess að fá greiðslu fyrir hluta bréfanna. Ekkert fé rann út úr bankanum.

Jafnframt liggur fyrir að hvorki forstjórinn né aðrir ákærðu höfðu fjárhagslegan ávinning af þessum viðskiptum, ekki annan en þann að afkoma þeirra var háð afkomu bankans. Því skyldi maður ætla að þeirra hagur væri að reyna að bæta stöðu bankans í einstökum viðskiptum.

Eins og Jón Steinar bendir á fæst ekki betur séð en að eina leiðin fyrir bankann til að verða fyrir tjóni í þessu tilviki sé ef bréfin hefðu verið seld á undirverði. Sú var ekki raunin og raunar héldu bréfin áfram að lækka eftir viðskiptin. Bankinn losaði því áhættu af eigin bók.

Dómurinn kemst þó að annarri niðurstöðu og sakfelli Lárus og féлага. Athyglisvert er einnig að dómurinn gerir itrekað lítið úr framburði aðalvitnis ákæruvaldsins í málinu, en veigrar sér þó ekki við að sakfella á grundvelli einmitt þess framburðar.

Sennilega kemur niðurstaðan ekki á óvart miðað við ummæli dómsformanns í fjölmiðlum um að dómstólar eigi að dæma eftir tíðarandanum. Vel getur verið að í dag séu menn þeirrar skoðunar að ákveðin háttsemi, t.d. lán banka fyrir kaupum á bréfum í sjálfum sér, eigi ekki að líðast.

Rétt nálgun í réttarríki er þá að beita sér fyrir lagabreytingum. Þetta var einmitt gert í Belgíu í kjölfar lánveitinga Dexia-bankans. Hér á landi virðist freistingin því miður sú að túlka lögina afturvirkta eftir tíðarandanum. Þess vegna er ekki ofsagt hjá Jóni Steinari að réttarríkið sé í hættu, eða hvernig eiga borgararnir annars að átta sig á því hvers konar háttsemi er bönnuð frá degi til dags?

15%

MEIRI AFLI HJÁ GRANDA

Afli skipa HB Granda var 15% meiri á nýliðnu ári en á árinu 2014 og munar þar mest um verulega aukningu á uppsjávarafli sem var 25%. Aflaverðmætið jókst á sama tíma um 9,5% eða um rúma 1,4 milljarða króna. Þetta kemur fram í samantekt á vef HB Granda. Afli skipanna var alls tæplega 176 þúsund tonn á árinu og aflaverðmætið tæpir 16,7 milljarðar króna. Meiri afli uppsjávarskipanna stafar af auknum lóðnukvóta milli ára.

50%

FJÖLGUN FARÞEGA FRÁ FYRRA ÁRI

Árið 2015 flutti WOW air um 740 þúsund farþega en það er 50% fjölgun farþega frá árinu áður. Þetta kemur fram í till kynningu frá WOW. Sætanyting WOW air árið 2015 var 88% en sätanyting árið 2014 var 84%. WOW air flutti 58 þúsund farþega til og frá landinu í desember eða um 80% fleiri farþega en í desember árið 2014. Sætanyting WOW air í desember var 89% en sätanyting í fyrra á sama tímabili var 87%.

05.01.2016

●● Að losa sorp sjaldnar er augljóslega skert þjónusta við íbúa, auk þess sem gjöldin eru að hækka. Á sama tíma auðvitað fögnum við því að það sé stefnt að því að fjölga flokkunarmöguleikum og kostum endurvinnslu með plastinu. Það er góð viðbót. Þetta virðist hins vegar ekki hafa verið skoðað með þeim hætti sem nauðsynlegt er.

Július Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi



... LIFUN

'TRÚBROT'

Tónlist hinnar godsagnakenndu hljómsveitar TRÚBROTS verður flutt á sviði Eldborgar þann 12. febrúar. Þar verður einnig eitt helsta meistaraverk íslenskrar tónlistarsögu, ...LIFUN, flutt í heild sinni, en verkið er 45 ára í ár. Meðlimir TRÚBROTS, þau Gunnar Þórðarson, Magnús Kjartansson og Shady Owens, skipa hljómsveitina ásamt þeim Eyþóri Gunnarssyni, Friðriki Karlssyni, Gunnlaugi Briem, Jóhanni Ásmundssyni, Pétri Grétarssyni, Stefáni Jakobssyni, Andra Ólafssyni og Stefaníu Svavarsdóttur. Ekki missa af sannkallaðri veislu í Hörpu þar sem tónlist TRÚBROTS fær að hljóma og andi hippakynslóðarinnar svífur yfir vötnum.

12. FEBRÚAR Í ELDBORG

Midasala á tix.is, midasölu Hörpu og í síma 528-5050.



HARPA

DÆGURFLUGAN

Grillað í janúar!

Tilboð mánaðarins er hálfur grillaður kjúklingur með frönskum, hrásalati og sósu

Bættu við okkar einstöku heimagerðu chilisósu á kjúklinginn fyrir 100 kr.

Nú á
enn betra
verði!



895,-

Verð áður ~~995,-~~



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - www.IKEA.is



TÍMAMÓT



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir og amma,

**Sigurlaug Jósefina
Steinþórsdóttir**

Lindargötu 57, Reykjavík,

lést þann 18. desember síðastliðinn
á Hjúkrunarheimilinu Grund.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hinnar látnu. Þökkum hlýhug og samúð
sem okkur hefur verið sýnd.

Guðsteinn Jónsson

Maria Guðsteinsdóttir

Klaus Jensen

Ingibjörg Guðsteinsdóttir

Mauro Lapalombella

og barnabörn.



Faðir okkar,
Helgi Kúld

Sólbackka 5, Breiðdalsvík,
andaðist 22. desember sl.

Útför hans mun fara fram í kyrrþey.

Guðný Kúld

Lilja Kúld

Þorsteinn Kúld

og fjölskyldur.



Útför okkar ástkæru móður,
Málfríðar Sigurðardóttir

frá Jaðri,

fer fram frá Akureyrarkirkju
7. janúar kl. 10.30.
Jarðsett verður að Einarstöðum
í Reykjadal sama dag.

Systkinin frá Jaðri og þeirra fjölskyldur.



Innilegar þakkir færur við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð
og hlýhug við andlát og útför
okkar ástkæru

**Magdalenu Bjarkar
Jóhannesdóttir**

Háengi 23, Selfossi,

sem andaðist 22. desember sl.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki lyflækningadeildar
Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi fyrir einstaka
umönnun, kærleika og hlýju.

Guðrún Schiöth

Inger Schiöth

Sólveig Róbertsdóttir

Jóhanna Róbertsdóttir

Matthildur Róbertsdóttir

Unnur Fjóra Róbertsdóttir

Harpa Jóhannesdóttir Möller og fjölskyldur

Sveinn Þórðarson

Grimur Bjarndal

Björn B. Jónsson

Jens Pétur Jóhannsson

Anders Köhler

og fjölskyldur



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
Sigmundur H.H. Hansen
(Simbi)

sem andaðist á dvalarheimilinu
Höfða, Akranesi, þann 28. desember
síðastliðinn, verður jarðsúnginn 7. janúar
næstkomaði frá Garðakirkju á Álftanesi kl. 13. Þeim sem
vilja minnst hans er bent á Blindrafélagið.

Dagbjört Jóns Sigurðardóttir (Birta)

Gísli Sigmundsson

Guðjón Sigmundsson

Gunnar Sigmundsson

Sigrún Sigmundsdóttir

barnabörn og fjölskyldur þeirra.

Hildur Einarisdóttir

Magnea Sigríður

Guttormsdóttir

Sólrun Ólafsdóttir

Grétar Kristinsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför

Önnu Jeppesen

kennara.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk
heimahlyningar og starfsfólk
líknardeildar LSH Kópavogi fyrir einstaka
umönnun.

Grimur Leifsson

Emil Grimsson

Leifur Grimsson

Sigríður Sif Grimsdóttir

Rikke Elkjær Knudsen

Elsa Hrönn Reynisdóttir

Árni Arnórsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Magnús
Jasonarson**

rafvirkjameistari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn
21. desember. Útförin fer fram frá
Háteigskirkju föstudaginn 8. janúar kl. 13.00.

Bjarney Guðrún Ólafsdóttir

Margrét E. Guðmundsdóttir

Kristín Guðmundsdóttir

Bjarni Guðmundsson

Þuríður Guðmundsdóttir

Rós Guðmundsdóttir

Jason Guðmundsson

Guðmundur Sophusson

Ólafur Jónsson

María G. Sigurðardóttir

Jonathan Wiedemann

Þorvaldur Ingimundarson

Tinna Sigurðardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún María Bjarnadóttir

Árskógum 6,

lést 29. desember. Útför Guðrúnar
Maríu fer fram frá Grafarvogskirkju á
morgun, 7. janúar og hefst athöfnin kl. 11.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim
sem vilja minnst hennar er bent á hjálparveitir eða
líknarfélög.

Hörður Guðmundsson

Vigdís Harðardóttir

Helga Harðardóttir

Guðmundur Bjarni Harðarson

Elisabet Guðrún, Sigrún Emma, Steinunn, Haukur,

Hörður Þór, Linda, Guðrún María, Eydís Freyja og

Björn Elí

Gestur Gíslason

Lárus Þór Svanlaugsson

Rut Hreinsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Valgerður Sigurðardóttir

meinataeknir,

Dalalandi 14, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi mánudaginn 28. desember.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi færur
við sérstakar þakkir fyrir alúðlega umönnun.

Haukur Sighvatsson

Ívar Hauksson

Kolbrún Hauksdóttir

Brynja Hauksdóttir

Ana Moltó Pelegrin

Egill Ragnars Guðjohnsen

Bjarki Pétursson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

Gunnar Karl Gunnarsson
(Kalli)

Gullsmára 7, Kópavogi,

lést 3. janúar síðastliðinn. Útför hans fer
fram frá Kópavogskirkju föstudaginn
8. janúar næstkomaði kl. 15.00.

Ingólfur Karlsson

Hulda Karlsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



G. Helga Jónsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Gústav O. Arnar

rafmagnsverkfræðingur,
Sléttuvegi 29, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir
30. desember síðastliðinn.

Elinóra Arnar

David O. Arnar

Páll G. Arnar

Birgir T. Arnar

Marteinn Þ. Arnar

Dagbjörg B. Sigurðardóttir

Kristín B. Magnúsdóttir

Vildís Bergþórsdóttir

S. Valdís Jóhannesdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 512 5000.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðni Magnússon

Skúlagötu 20, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans
28. desember sl.

Útför fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Bára Þorsteinsdóttir

Bryndís Guðnadóttir

Guðni Guðnason

barnabörn og barnabarnabörn.

Þorsteinn Marinósson

Sigurbjörg H. Hauksdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

ÚTRISA ÚTSALA

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MP3 SPILARAR
HÁTALARAR SJÓNVÖRP MYNDAVÉLAR
DVD SPILARAR BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL

HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPPVOTTAVÉLAR ELDVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR PVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR PURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

NOKKUR VERÐDÆMI

- Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti
- Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 300.000kr afslætti
- Frystikistur frá 24.995
- Philips bluetooth hátalarar með allt að 67% afslætti
- Blu-ray DVD spilarar með allt að 33% afslætti
- Örbylgjuofnar með allt að 50% afslætti
- Ofnar, háfar og helluborð á frábærum verðum
- Whirlpool þvottavélar frá 49.995
- Kæliskápar með allt að 46% afslætti
- Kaffivélar, brauðristar og önnur smátæki á miklum afslætti
- Philips heyrnartól með allt að 60% afslætti
- Pottar, pönnur og búsáhöld með allt að 75% afslætti

**Sjá allt
úrvalið
á ht.is**

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!


 **Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa -friete elna VESTFRÖST exDO MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Miðvikudagur



Í dag má búast við austan 13 til 23 metrum á sekúndu, hvassast syðst á landinu. Með fylgir dálítill snjókomu eða slydda, en síðan hlánar um kvöldið með rigningu um landið sunnan- og austanvert í kvöld.

Fimmtudagur

Reykjavík 4° $\leftarrow 19$	Ísafjörður 0° $\leftarrow 20$	Ákureyri 0° $\leftarrow 17$
Egilsstaðir 1° $\leftarrow 18$	Kirkjubæjarkl. 4° $\leftarrow 20$	Hveravellir -0° $\leftarrow 16$

Föstudagur

Reykjavík 2° $\leftarrow 17$	Ísafjörður -1° $\leftarrow 16$	Ákureyri -1° $\leftarrow 11$
Egilsstaðir -0° $\leftarrow 12$	Kirkjubæjarkl. 2° $\leftarrow 14$	Hveravellir -4° $\leftarrow 19$

Prautir

Krossgáta

LÁRÉTT

- andlegt áfall
- skammstöfun
- klampi
- klettasprungna
- öfug röð
- mælieining
- mögla
- tveir eins
- sódi
- eyrir
- karlkyn
- velta

LÓDRÉTT

- dúkur
- tveir eins
- tegund af brauði
- málmur
- líkn
- keraldi
- mælieining
- sót
- flan
- óreiða

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

Sudoku

LÉTT

3	1		5					
	9			4	8	6		
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4				8	7	
				7	1		5	
1								

MIDLUNGS

	6			9	5			
7			4					3
	9			1	4		7	
		9			7			
3			7		5		2	1
				2				
	1	4	8			5	9	
		5	2		4			6
8				6		3	4	

ÞUNG

		2		3					9
				6					7
				9	2	4			6
						5	3		
9			4	1	8				
7				9				8	2
			4					7	1
		7						8	
3	1								

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

8	1	3	7	2	4	9	6	5	9	1	8	6	7	3	5	2	4	1	3	9	7	8	4	2	6	5
4	5	2	6	3	9	8	7	1	5	6	3	1	2	4	9	7	8	2	4	6	9	5	1	7	3	8
9	6	7	5	8	1	2	3	4	7	2	4	5	9	8	6	1	3	7	5	8	3	6	2	1	4	9
3	7	6	1	9	8	4	5	2	8	5	6	4	1	9	7	3	2	3	7	1	6	9	5	4	8	2
1	8	5	2	4	7	6	9	3	1	7	9	2	3	5	4	8	6	5	9	4	8	2	3	6	1	7
2	9	4	3	5	6	7	1	8	3	4	2	7	8	6	1	9	5	6	8	2	1	4	7	5	9	3
5	2	9	4	6	3	1	8	7	6	3	1	8	4	7	2	5	9	4	6	3	2	7	9	8	5	1
6	4	1	8	7	5	3	2	9	2	8	5	9	6	1	3	4	7	8	1	7	5	3	6	9	2	4
7	3	8	9	1	2	5	4	6	4	9	7	3	5	2	8	6	1	9	2	5	4	1	8	3	7	6

Skák Gunnar Björnsson

Hér er kemur ein lítil og nett þraut. Hvítur á bráðsmellinn vinningsleik. Hvítur á leik

- Bh7!! Hótar
- Bxh6# auk þess sem drottning svarts hangir á b2. Svartur getur reynt 1...Ba3 en það dugur skammt vegna 2. Bxh6+ Ke7 3. Df3! og svartur ræður ekki við margvíslegar hótanir hvíts.

www.skak.is Skemmtilegur pistill Braga.



Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



GRÍN, HASAR OG RÓMANTÍK Á BÍÓSTÖÐINNI

Bíóstöðin er hluti af Skemmtipakkanum þar sem boðið er upp á kvikmyndir allan sólarhringinn. Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1 GB í GSM.

365.is | Sími 1817 **365**

ALLAR NÝJAR NÁMS BÆKUR

20% VILDAR AFSLÁTTUR



549 kr.
41% afsláttur

Fjölnotapappír Pennans

TILBOÐSVERÐ: 549.-

Verð áður: 938.-

40%
afsláttur

Fagskiptar stílabækur
(A4, A5)

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 929.-

Verð áður frá: 1.549.-

99 kr.
63% afsláttur

Skrúfblýantur 0,5 mm

TILBOÐSVERÐ: 99.-

Verð áður frá: 269.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildia til og með 6. janúar. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.

FRÉTTABLAÐIÐ **MENNING****Ætli við verðum ekki bara í lopapeysum**

Vínartónleikar Sinfóníunnar verða í Hörpu þrjá næstu daga. Þar hljóma valsar, marsar og polkar að ógleymdum Vínarljóðum, aríum og dúettum. Söngvarar eru þau Elmar Gilbertsson og Guðrún Ingimarsdóttir.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

S infóníuhljómsveitin er að æfa fyrir Vínartónleika í Eldborgarsal Hörpu þegar ég mæti til að hitta þau Elmar Gilbertsson tenór og Guðrúnu Ingimarsdóttur sópran sem ýmist syngja hvort um sig eða saman. Ég nýt þess að hlýða á undurfagra tónana og klappa einmanalega úr sæti mínu eftir hvert lag. Allt gengur smurt og hljómsveitarstjórinn, Ola Rudner hinn sænski, lætur ánægju sína í ljós eftir mestu hápunktana. Dónárvalsinn er á ástæru ylhýra málinu og söngvararnir bresta í dans.

Þegar Guðrún segir mér á eftir að þetta hafi verið fyrsta samæfing sveitar og söngvaranna ætla ég ekki að trúa mínum eigin eyrum. „Þetta bara small allt,“ segir hún. Við erum sestur, ásamt Elmari, út við gluggana sem snúa að höfninni og þar með Vesturlandinu sem þau reynast eiga sameiginlegt. „Það er svo fyndið að þó við séum að hittast í fyrsta skipti þá tengjumst við bæði Hvanneyri í Borgarfirði. Ég ólst þar upp og Elmar var þar í bændaskóla – eftir að ég var farin að heiman,“ segir Guðrún.

Dalamaðurinn Elmar staðfestir þetta. Kveðst þó aldrei hafa verið gefinn mikið fyrir hefðbundinn búskap enda klykkt út með loka-verkefni um kornrækt og bjórframleiðslu, eftir tveggja ára nám við bændaskólann, en þær hugmyndir hafi ekki verið hátt skrifaðar hjá



Stórsöngvararnir Elmar og Guðrún syngja ýmist hvort í sínu lagi eða saman með Sinfóníuhljómsveitinni á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÞAÐ ER SVO FYNDIÐ AÐ ÞÓ VIÐ SÉUM AÐ HITTAST Í FYRSTA SKIPTI ÞÁ TENGJUMST VIÐ BÆÐI HVANNEYRI Í BORGARFIRÐI. ÉG ER ALIN ÞAR UPP OG ELMAR VAR ÞAR Í BÆNDASKÓLA – EFTIR AÐ ÉG VAR FARIN AÐ HEIMAN.

kennurunum á þeim tíma. Það hafi hins vegar verið stuð á heimavistinni og svo hafi hann uppgötvað sjálfan sig í karlakórnum Söngbræðrum í Borgarfirði. „Ég var búinn að vera dálítið í bilskúrsböndum og graðhestarokki en heillaðist af karlakórshefðinni þegar ég var í Söngbræðrum

og þannig kviknaði áhuginn á klassískum söng.“

Bæði búa þau Elmar og Guðrún erlendis. Hann í Hollandi þar sem hann lærði og hún mest í Þýskalandi síðustu tuttugu árin. Alltaf nóg að gera? „Það er upp og ofan,“ viðurkennir Guðrún. „Ég hef valið að vera frjáls og sjálfstæð, hef ekki karakter sem þrífst í einu óperuhúsi að syngja það sem að mér er rétt. Listamannssál mín mundi visna fljótt þar. Þess vegna er ótrúleg breidd í verkefnum hjá mér, ég syng í kirkjum og mikið af óperettútonlist eins og ég er að gera hér núna.“

„Síðustu tvö ár hef ég verið víða,“ segir Elmar. „Það er erfitt að þróa sig sem óperusöngvara hér, uppsetningar eru ekki það margar. Því er maður til-

neyddur að vera erlendis ef maður vill leggja þessa grein fyrir sig. En það getur breyst eftir því sem maður er lengur í faginu og nær að skapa sambönd,“ segir hann og kveðst hafa sungið mikið í Maastricht-óperunni, Amsterdam-óperunni og líka í Frakklandi.“

Spurð hvernig þau ætli að vera klædd á sviðinu á tónleikunum líta þau hvort á annað. „Ætli við verðum ekki bara í lopapeysum í stíl við upprunann,“ segir Guðrún hlæjandi. Elmar list vel á það. „Jú, og háum sokkum.“ Spurð hvort dansinn sé partur af prógramminu svarar hann kankvís. „Já, já, við tókum valssving á sviðinu.“ „Hann er nefnilega hádramatiskur danstenór,“ tekur Guðrún fram og sú athugasemd vekur kátinu.

Ekki er hægt að sleppa þeim Guðrúnu og Elmari öðruvísi en forvitnast um fjölskylduhagi. Guðrún gefur þær upplýsingar að hún sé ógift og barnlaus en Elmar kveðst vera á föstu með söngkonunni Selmu Björns síðan í fyrrasumar. Það hafi gengið ágætlega þó bæði séu hlaðin verkefnum. „Það sem ég kalla heimili mitt er íbúð í Den Haag en árið 2014 var ég 288 daga fjarri því. Það varð til þess að ég kann svo vel að meta heimilislíf þegar það er í boði.“

Bæði sjá þau fyrir sér að skyldfólk þeirra flykkist á Vínartónleikana. „Það koma ábyggilega rútur úr sveitunum okkar. Jafnvel Soffían,“ segir Guðrún glæðlega. „Já,“ segir Elmar. „Fullar langferðabifreiðar.“

Rétta stemningin var til staðar

TÓNLIST

Söngtónleikar

★★★★★

Agnes Thorsteins flutti lög eftir Faure, Strauss, Rakmaninoff og fleiri. Agnes Löve lék á pianó.

Hannesarholti
Sunnudaginn 3. janúar.

Agnes Thorsteins mezzosópran vakti athygli með debúttónleikum sínum í Norræna húsinu fyrir tæpum tveimur árum. Hún sýndi mikinn listrænan þroska fyrir manneskju sem enn er í námi, en hún er um þessar mundir að ljúka BA-námi erlendis. Núna steig hún aftur fram á svið, að þessu sinni í Hannesarholti. Á dagskránni voru aðallega rómantísk lög. Rétt eins og á debúttónleikunum lék amma hennar, Agnes Löve, á pianó-ið.

Tónleikarnir hófust á tilkynningu. Söngkonan var nýstigin upp úr flensu og röddin ekki alveg í toppformi. Það var leiðinlegt. Vissu-

lega heyrði maður að söngurinn var ekki alveg í fókusi, sumir tónarnir voru örhlítid bjagaðir. Engu að síður var gaman á að hlýða. Agnes sýndi það enn og aftur að hún er listakona hvað sem tæknilegum atriðum leið. Túlkunin var yfirleitt sannfærandi.

Sérstaklega fallett var Les Berceaux eftir Fauré. Þetta er nokkuð drungalegt lag, en ákaflega hrifandi. Það er þrungið tilfinningu sem ekki er hægt að útskýra, en Agnes kom henni þrýðilega til skila. Amma hennar spilaði líka afskaplega fallega á pianó-ið. Leikurinn var blæbrigðaríkur og hástemmdur. Útkoman var mögnuð.

Einnig mætti nefna Draum op. 8 nr. 5 eftir Rakmaninoff, sem var hugljúfur. Aría úr La Clemenza di Tito eftir Mozart var jafnframt skemmtileg og Seguidilla úr Carmen var lífleg. Ávallt var pianóleikurinn mjúkur og fagaður og rann vel saman við sönginn.

Og þá að slæmu fréttunum. Va tacito e nascosto úr Júlíusi Sesari og

Sta nell' ircana úr Alcinu eftir Händel voru ekki fullnægjandi. Þetta er tónlist sem krefst gífurlega nákvæmra raddbeitingar, léttleika og jafnvægis. Þessum eiginleikum var ábótavant. Sennilega spilaði flensan bannsetta þarna inn í. Aðeins alheilbrigð manneskja getur komið svona krefjandi tónlist almennilega til skila.

Í lokin fáein orð um tónleikasalinn. Undirritaður hefur farið nokkrum sinnum á söngtónleika í Hannesarholti og það verður að segjast eins og er að einsöngur hljómar ekkert sérstaklega vel þar. Endurómunin er of lítil, söngurinn verður gjarnan þurr og stundum leiðinlega harður. Agnes hljómaði töluvert betur í Norræna húsinu, því er ekki að neita.

Þrátt fyrir þetta er óhætt að fullyrða að Agnes er spennandi söngkona og ég hlakka til að heyrja meira í henni er fram líða stundir. **Jónas Sen**

NIÐURSTADA: Agnes Thorsteins er glæsileg söngkona og hún gerði margt fallega á tónleikunum.

ÚTSALAN ER HAFIN!
20-80% AFSLATTUR!

ARGHILL 060116

rekkjan
HEILSURÚM

Vinnur með litaðan vefnað í snjóhvítu landslagi

Í dag kl. 17 verður opnaður fyrsti viðburður listárs Kaftfells á nýju ári þegar hollenski gestalistamaðurinn Lola Bezemer sýnir nýtt verk í Bókabúðinni – verkefnarými.

Lola Bezemer er fædd 1988 í Nijmegen í Hollandi en hún útskrifaðist úr myndlistardeild Gerrit Rietveld Academy í Amsterdam árið 2013. Á meðan á námi hennar stóð stundaði hún nám sem skiptinemi eina önn í Listaháskóla Íslands. Hún hefur sýnt í Þýskalandi, Íslandi, Hollandi, Rúmeníu, Svíþjóð og Sviss. Nýlega hlaut hún styrk fyrir unga

upprennandi listamenn úr Mondrian-sjóðnum.

Í verkum sínum einbeittir Lola Bezemer sér að upplifuninni á litum og ljósi í rýmum innanhúss. Við komu sína til Íslands tók hún með sér ógrynni af lituðum vefnaði í þeim tilgangi að vinna með hann í snjóhvítu landslaginu. Líkt og þegar maður varpar á hvítan vegg eða málar á hvítan striga er sömuleiðis hægt að nota hvítt landslagið í sama tilgangi.

Í Bókabúðinni verður sýnt myndbandsverk sem tekið var utandyra

» Í myndbandinu endurspeglar efnið ljósið og hreyfist kröftuglega.

og verður það fléttað saman við ljósaínnsetningu inni í rýminu. Bæði verkin samanstanda af lituðu fallhlífarefni og draga fram ólíka eiginleika efnisins. Innsetningin sýnir hvernig efnið geislar í ljósinu og virðist stöðugt en í myndbandinu endurspeglar efnið ljósið og hreyfist kröftuglega. – mg



Kátir trúðar á námskeiði.

Trúðar og samskipti

Næstkomandi laugardag verður sérstaklega skemmtilegt námskeið í Borgabókasafninu, menningarhúsi í Grófinni. Kennari á námskeiðinu er Virginia Gillard, kennari og framkvæmdastjóri, en hún treður gjarnan upp í hlutverki trúðsins.

Virginia heldur námskeið fyrir Söguhring kvenna til að kynna trúðatækni fyrir byrjendum sem langar að spreya sig á ögrandi og skemmtilegan hátt. Virginia notar leiki og æfingar til að kanna nýjar leiðir í jákvæðum samskiptum.

Eitt helsta einkenni listar Virginíu er að hún nýtir eingöngu rauða nefið, minnstu grímu í heimi, sem er grunnurinn í evrópskri trúðahefð. Og koma þá Charlie Chaplin og Lucille Ball gjarnan upp í hugann.

Um er að ræða opið námskeið fyrir alla áhugasama um sviðslistir og þá sem þora að prófa eitthvað öðruvísi og spennandi. Markmiðið er að finna leiðir til að leysa ímyndunarafll okkar úr læðingi með notkun trúðatækninnar. Þannig má styrkja sjálfstraust hvers og eins og efla andann í hópnum. Hugmyndin er að á námskeiðinu myndist notalegt og öruggt umhverfi þar sem hverjum og einum gefst tækifæri til þess að spinna sína sögu áfram með öllum þeim mistökum sem við gerum.

Virginia Gillard starfaði í upphafi ferils síns sem sviðsleikkona í Ástralíu og flutti síðan til Evrópu þar sem hún lærði trúðatækni í París 1991 hjá Philippe Gaulier og í Sviss 2001 hjá Pierre Byland. Hún stofnaði fyrstu trúðalæknaþjónustuna í Bretlandi, með aðsetur í Skotlandi, fyrir langveik börn á sjúkrahúsum og einnig fyrstu trúðaðþjónustuna fyrir eldri sjúklinga með andlega hrörnun. Virginia hefur 20 ára reynslu af því að leiða trúðatækninámskeið með þátttakendum á öllum stigum.

Virginia flutti til Íslands 2010 með íslenskum eiginmanni sínum og tveimur börnum. Hún hefur margoft kennt fullorðnum trúðatækni og rekur barnaleikhúsið Leikhús barnanna í miðbæ Reykjavíkur. Hún hefur komið fram í ótal uppfærslum hjá Gaflaraleikhúsinu og leikið í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, þ.á.m. Ófærð sem er sýnt á RÚV. Hún vinnur jafnframt að því að að leika og framleiða íslenska útgáfu af WHITE (HVÍTT) sem er leikhús fyrir yngstu áhorfendurna, 2-5 ára sem er góður aldur til að upplifa fyrstu leiksýninguna.

Kristín R. Vilhjálmssdóttir tekur á móti skráningum á námskeiðið á netfangið kristin.r.vilhjalmsdottir@reykjavik.is. – mg





Allt að verða vitlaust?

Omeprazol Actavis

– Við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur virka efnið ómeprazol sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhamlar“ og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábit).
Frábendingar: Ofnæmi fyrir ómeprazól eða öðru innihaldsefni lyfsins. Ofnæmi fyrir lyfjum sem innihalda aðra prótónpumpuhamla. Ef þú tekur lyf sem inniheldur neflinavír (við HIV sýkingu).
Varúð: Ekki taka Omeprazol Actavis lengur en 14 daga án samráðs við lækni. Ef einkennin minnka ekki, eða ef einkennin versna, skaltu ræða við lækinn. Omeprazol Actavis getur dulið einkenni annarra sjúkdóma. Því skaltu ræða strax við lækinn ef eitthvað af eftirfarandi kemur fyrir þig áður en þú tekur eða meðan þú tekur Omeprazol Actavis: Ef þú léttist að ástæðulausu og átt í erfðleikum með að kyngja, færð magaverk eða meltingartruflanir, kastar upp mat eða blóði, hefur svartar hægðir (blóðlitaðar hægðir), ert með alvarlegan eða langvarandi niðurgang (ómeprazol hefur verið tengt við lítillega aukningu á smitandi niðurgangi), hefur verið með magasár eða gengist undir skurðagerð á meltingarfærum, ert á samfelldri meðferð við einkennum meltingartruflana eða brjóstsviða (4 vikur eða lengur, þjáist stöðugt af meltingartruflunum eða brjóstsviða (4 vikur eða lengur, ert með gulu eða alvarlegan lífrarsjúkdóm, ert eldri en 55 ára með ný eða nýlega breytt einkenni. Sjúklingar skulu ekki nota ómeprazol í fyrirbyggjandi tilgangi. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga og brjóstgjöf:** Segðu læknum frá því ef þú ert barnshafandi eða ert að reyna að verða barnshafandi áður en þú tekur Omeprazol Actavis. Læknirinn mun ákveða hvort óhætt sé fyrir þig að nota Omeprazol Actavis ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti. **Skömmtun:** Sýrubolnu hylkin má taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Mælt er með að hylkin sé tekin inn að morgni dags. Venjulegur skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækinn ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfellt áður en einkennin réna. Hylkin á að gleypa með glasi af vökva. Ekki má tyggja eða mylja hylkin. **Aukaverkanir:** Hafðu samband við lækni strax ef eftirfarandi einkenni koma fram: Öndun verður skyndilega hvæssandi, þroti í vörum, tungu og hálsi eða líkama, útbrot, yfirlit eða kyngingaröðugleikar (alvarleg ofnæmisviðbrögð). Roði í húð með blöðrum og húðflögnum. Einnig getur verið um að ræða verulega blóðrúmyndun og blæðingar í vörum, augum, munni, nefi og kynfærum. Þetta getur verið „Stevens-Johnsons heilkenni“ eða „eitrundardrep í húðþekju“. Gul húð, dökkt þvag og þreyta sem geta verið einkenni lífrarsjúkdóms. **Algengar aukaverkanir:** Höfuð- verkur. Áhrif á maga eða þarma (niðurgangur, magaverkur, hægðatregða, vindgangur). Ogleði eða uppköst. Markaðsleyfishafi: Actavis Group PTC ehf. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Nöbember 2015.



Vnr 06 68 62

14 magasýruboln hörð hylki

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

16 THE HATEFUL EIGHT
THE 8TH FILM BY QUENTIN TARANTINO
★★★★★ - CHICAGO SUN-TIMES
★★★★★ - BIÖVEFURINN
★★★★★ - USA TODAY

L JOY
FRÁ LEIKSTJÓRA SILVER LININGS PLAYBOOK OG AMERICAN HUSTLE
★★★★★ - S.G.S. MBL

12 SISTERS
BIG SISTERS DON'T ALWAYS KNOW BEST.

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is
Miðsala og nánari upplýsingar

16 THE HATEFUL EIGHT

16 DADDY'S HOME

9 STAR WARS THE FORCE AWAKENS

12 SISTERS

L SNATI KALLI BJARNNA SMÁFOLKID

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

THE HATEFUL EIGHT	5, 9
DADDY'S HOME	8, 10:10
STAR WARS 2D	5
SISTERS	8, 10:30
SMÁFOLKID 2D	5:50

SAMBÍÓ NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAÐ MARGBORGAR SIG

Frábær grínmynd með Will Ferrell og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum.

Pökkum frábærar viðtökur 69.000 manns

NÝÁRSMYNDIN 2016
★★★★★
BOSTON GLOBE
HASARATRÍÐIN GERAST EKKI FLOTTARI MEIRIHÁTTAR ÁRAMÓTASPRENGJA

POINT BREAK
LUKE BRACEY
EDGAR RAMIREZ
TERESA PALMER
RAY WINSTONE

SAMBÍÓ ALFABAKKA

DADDY'S HOME	KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40
POINT BREAK	KL. 5:30 - 8 - 10:30 - 10:55
STAR WARS 3D	KL. 5 - 8 - 10:55
STAR WARS 2D	KL. 8
STAR WARS 2D VIP	KL. 5 - 8 - 10:55
SMÁFOLKID IS,TAL,2D	KL. 6
IN THE HEART OF THE SEA 2D	KL. 8
GÓÐA RISAEDLAN IS,TAL,2D	KL. 5:50

SAMBÍÓ EGILSHÖLL

DADDY'S HOME	KL. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK	KL. 5:30 - 8 - 10:30
STAR WARS 3D	KL. 7 - 10
STAR WARS 2D	KL. 5:10 - 8 - 10:50

SAMBÍÓ KEFLAVÍK

DADDY'S HOME	KL. 8 - 10:10
POINT BREAK	KL. 10:55
STAR WARS 3D	KL. 8

SAMBÍÓ KRINGLUNNI NÚMERUD SÆTI

DADDY'S HOME	KL. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK	KL. 8 - 10:30
STAR WARS 3D	KL. 6 - 9
GÓÐA RISAEDLAN IS,TAL,2D	KL. 5:50

SAMBÍÓ AKUREYRI

DADDY'S HOME	KL. 5:50 - 8 - 10:10
POINT BREAK	KL. 10:55
STAR WARS 3D	KL. 8
GÓÐA RISAEDLAN IS,TAL,2D	KL. 5:50

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

6. JANÚAR 2016
Námskeið

Hvað? Bjórákademían
Hvenær? 18.00 og 20.00
Hvar? Bryggjan Brugghús, Grandagarði 8
Bjórskóli starfræktur í samstarfi við Bjórákademíuna. Hægt er að skrá sig í Bjórskólann án matar eða með sérstökum matseðli sem yfirmatreiðslumaður Bryggjunnar, Margrét Ríkhardsdóttir, og bruggmeistarinn Bergur Gunnarsson hafa sett saman. Verð 7.900 krónur eða 12.500 með matseðli.



Tónlist

Hvað? Mr. Silla í Bliktrommuni
Hvenær? 20.00
Hvar? Kaldalón, Hörpu
Mr. Silla er sólóverkefni tónlistarkonunnar Sigurlaugar Gísladóttur sem þekkt er úr hljómsveitunum Múm, Low Roar og Míce Parade en hún gaf nýverið út sína fyrstu breiðskífu undir nafninu Mr. Silla. Bliktromman er tiltölulega ný tónleikaröð í Hörpu þar sem boðið er upp á fjölbreytta flöru sitjandi tónleika í Kaldalóni. Meðal þeirra sem koma fram á árinu á Bliktrommuni eru Högni Egilsson, Benni Hemm Hemm og Davíð Þór Jónsson. Miðaverð er 3.500 krónur.

Hvað? Anna Sóley og Daniel Helgason
Hvenær? 20.00
Hvar? Björgarðurinn, Borgartún
Anna Sóley og Daniel leika notalegan djass í Björgarðinum í kvöld.

Hvað? Dj Arnar Petersen
Hvenær? 22.00
Hvar? Prikið
Arnar Petersen þeytir skífum á Prikinu í kvöld.

Hvað? Prettándaball Ojba Rasta
Hvenær? 20.00
Hvar? Húrra, Naustunum
Hljómsveitin Ojba Rasta slær botninn í jólahátíðina og efnir til þrettándadansleiks í kvöld. Hljómsveitin mun leika nýtt efni í bland við gamalt. Á svæðinu verða einnig sérstakir heidursgestir sem stíga munu á svið með sveitinni en þar má meðal annars nefna allsherjar-góðann Hilmar Örn

Arnlfjótur Sigurðsson verður ásamt hljómsveit sinni Ojba Rasta með Prettándadansleik á Húrra í kvöld.



Mr. Silla verður á Bliktrommuni í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIELRÚNARSSON

og Gnúsa Yones úr hljómsveitinni AmabAdamA. Húsið opnað 20.00 og hefjast tónleikarnir um klukkan 21.00. Miðaverð er 2.000 krónur.

Uppákomur

Hvað? PubQuiz
Hvenær? 20.30
Hvar? Stofan, Vesturgötu 3
Þessa barsvarsins er árið 2015, allt sem fram fór á liðnu ári og fólkið sem því tengdist. Hámark fjórir saman í liði. Ekkert þátttökgjald.

Uppistand

Hvað? Make THIS Funny #2
Hvenær? 20.30
Hvar? Gaukurinn, Naustunum
Spuna uppistandskvöld á Gauknum. Uppistandarar þurfa að spinna upp á staðnum eftir að hafa fegnið handa-höfskenndar uppástungur um umfjöllunarefni. Aðgangseyri er 1.000 krónur.



Jólabáttur um ævintýri spæjarans snjalla Sherlock Holmes með þeim Benedict Cumberbatch og Martin Freeman. Að þessu sinni eru þeir félagar staddir í London á nítjándu öld. Miðaverð er 1.400 krónur.

Sýningar

Hvað? Paris, Róm og Skuggasker
Hvenær? 10.00
Hvar? Menningarhús Grófinni, Tryggvagötu 15
Sýningar á verkum Sigrúnar Eldjárn sem hún vann í Róm og París á árunum 2014 og 2015. Svipmyndir frá Trastevere-hverfinu í Róm og Marais-hverfinu í París auk þess sem fuglatískan verður kynnt. Einnig kemur staðurinn Skuggasker við sögu. Sýningin stendur yfir til 10. janúar næstkomandi.

Hvað? Portrett og landslag
Hvenær? 10.00

BÍÓ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Youth	18:00	Sherlock Christmas Special	20:00
Glænýja Testamentið	17:45	Þrestir	20:00
45 Years	18:00	Magic in the Moonlight	22:00
A Perfect Day	20:00, 22:00	Fúsi	22:00

Smátriðin skipta máli

TÓNLIST

Mr. Silla

★★★★★

12 tónar, 2015

Það eru smátriðin sem skipta máli. Þessir litlu núansar í popptónlist sem skera hið sérstaka frá meðalmennskunni. Taktur kemur inn á vitlausum stað, endurtekið viðlag þegar þú hélt að allt væri búíð eða einfaldlega hvernig Iggy Pop segir orðið „fun“. Það eru smátriðin sem skipta máli og þegar Sigurlaug Gísla-

dóttir syngur orðin „now I'm calling out your name“ í lagiinu One Step, þá kemur allt heim og saman. Þetta augnablik sem röðdin er við það að brotna og augnablikið sem fylgir þegar allt verður betra. Fegurðin felst í einlæginni, varnarleysinu gagnvart því fólki sem stendur okkur næst og að alltaf er hægt að taka eitt skref í einu í rétta átt.

Sigurlaug er konan að baki Mr. Silla og er þetta fyrsta breiðskífan sem gefin er út undir því nafni. Það kann ef til vill að hljóma furðulega miðað við hve áberandi hún er og

hefur verið í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár, meðal annars sem einn meðlima tilraunarafsveitarinnar Múm. Þessi fyrsta samnefnda skífa hefur að geyma þróaðan hljóðheim þar sem má greina nokkur rafpopp-element, nýrómantíska synþa og vandaðar uppbyggingar. Sáandið er frekar dimmt en á sama tíma einkar fágað. Alltaf má þó greina von og jafnvel gleði rétt handan við hornið, ef svo má komast að orði.

Þessa gleði má sérstaklega greina í síðasta lagi plötunnar, I want all, án



þess þó að allt hitt sé einhver sálumessa Morrissey. Röðdin er eftir sem áður trompið sem Silla má spila út sem oftast og nú vantar tilfinnulega svipað íslenskt lýsingarorð og enska orðið „angelic“. Auk áður nefndra laga má benda á fyrsta lagið, Dressed Lightly, og einnig Holding On, sem dæmi um afburða laga-smíðar. Þetta er bara allt svo „ekta“!
Björn Teitsson

NIÐURSTADA: Silla er á heimavelli í dimmum hljóðheimi þar sem vonin og gleðin eru aldrei langt undan.

EKKI MISSA AF

Jólabáttur Sherlock Holmes
Bíó Paradís

Klukkan 20.00

Nú þegar við kveðjum hátíðarnar væri ekki úr vegi að slá botninn í þær með því að skella sér á Jólabáttinn um ævintyri Sherlock Holmers.



Opið í dag fyrir þrettándann kl. 14-20

Alvöru
FLUGELDAR

ALLT Á AÐ SELJAST!

ALLT Á
HÁLFVIRÐI!!!

FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ!

SÖLUSTADUR OKKAR ER:

SKOÐAÐU VIDEO AF FLUGELDUNUM Á HEIMASÍÐU OKKAR WWW.FLUGELDAR.COM

Skeifan 19

(við hliðina á Myllunni)

Einar ☎ 899 6005

Hvar? Galleri Grótta, Seltjarnarnesi
Sýningin Portrett og landslag með verkum eftir listamanninn og leiðsögumanninn Kristján Jónsson lýkur þann 8. janúar næstkomandi.

Hvað? Margrét H. Blöndal
Hvenær? 15.00
Hvar? Flóra, Hafnarstræti, Akureyri
Sýning Margrétar H. Blöndal í Flóru á Akureyri lýkur þann 8. janúar næstkomandi.

Hvað? Gunnar Rúnar Ólafsson - Yfirlitssýning
Hvenær? 12.00
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15
Yfirlitssýning á ljósmyndum Gunnars Rúnars Ólafssonar en á sýningunni má sjá nýjar handstækkaðar ljósmyndir sem teknar eru á árabílinu 1947-1964. Einnig eru sýnd valin myndbrot úr kvikmyndum Gunnars frá Kvikmyndasafni Íslands. Sýningunni lýkur þann 10. janúar næstkomandi.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.25 Anger Management
08.50 Weird Loners
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Doctors
10.20 Spurningabomban
11.05 Mindy Project
11.30 Sullivan & Son
11.50 Grey's Anatomy
12.35 Nágrannar
13.00 Lóa Pind: Örir íslendingar
13.45 Hið blómlega bú 3
14.15 White Collar
15.05 Project Greenlight
15.40 Impractical Jokers
16.05 Baby Daddy
16.30 Big Time Rush
16.55 Raising Hope
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.20 Vikingalottó
19.25 The Middle
19.50 Heimsókn
20.10 Covert Affairs
20.50 Flesh and Bone
21.50 Catastrophe
22.20 Bones
23.05 Atvinnumennirnir okkar
23.35 Stalker Magnaður spennuþáttur um Jack Larsen og Beth Davies en þau vinna í sérstakri deild innan lögreglunnar í Los Angeles og rannsaka mál sem tengjast eltihrellum en þau mál eru jafn ólík og þau eru mörg. Með aðalhlutverk fara Dylan McDermott úr Hostages og American Horror Story og Maggie Q sem áhorfendur þekkja úr sjónvarpsþáttunum Nikita.
00.20 Beautiful Boy
02.00 Silent Hill Revelation
04.05 Redemption

SPORT

07.30 Stoke - Liverpool
10.10 Genoa - Sampdoria
11.50 Espanyol - Barcelona
13.25 Spænsku mörkin
13.55 Juventus - Verona BEINT
16.05 NBA - Bill Russell þáttur frá NBA um Bill Russel.
16.55 Empoli - Internazionale BEINT
19.00 Gary Lineker's FA Cup Film
19.55 Everton - Man. City BEINT
22.00 Stoke - Liverpool
23.40 Valur - Snæfell
01.10 Napoli - Torino

SPORT 2

07.30 Stoke - Liverpool
10.10 Sunderland - Aston Villa
11.55 Everton - Tottenham
13.35 Premier League World
14.05 Crystal Palace - Chelsea
15.45 Watford - Man. City
17.25 Premier League Review
18.15 Stoke - Liverpool
19.55 Everton - Man. City BEINT
22.00 Arsenal - Newcastle
23.40 WBA - Stoke

GOLFSTÖÐIN

09.00 PGA Tour
13.05 2015 Champions Tour Year in Review
13.55 US Open
18.55 PGA Tour
21.20 2015 Presidents Cup Official
22.10 Golfing World
23.00 Inside The PGA Tour
23.25 Samsung Unglingaevígið

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

17.55 Fresh Off the Boat
18.20 Sullivan & Son
18.40 Top 20 Funniest
19.30 One Big Happy
19.50 Schitt's Creek
21.00 Last Ship
21.45 American Horror Story: Freak Show
22.40 Discovery Atlas
00.25 One Big Happy
00.45 Schitt's Creek
01.55 Last Ship
02.40 American Horror Story: Freak Show
03.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Rasmus Klumpur
07.55 UKI
08.00 Lukku-Láki
08.23 Kalli á þakinu
08.47 Ævintýraferðin
09.00 Hvellur keppnisbill
09.13 Brunabilarnir
09.38 Ljótí andarunginn og ég
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.45 Doddi litli og Eyrnastór
10.55 Tommi og Jenni
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Rasmus Klumpur
11.55 UKI
12.00 Lukku-Láki
12.23 Kalli á þakinu
12.47 Ævintýraferðin
13.00 Brunabilarnir
13.24 Ljótí andarunginn og ég
13.46 Hvellur keppnisbill
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.25 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.46 Doddi litli og Eyrnastór
14.56 Tommi og Jenni
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Rasmus Klumpur
15.55 UKI
16.00 Lukku-Láki
16.23 Kalli á þakinu
16.47 Ævintýraferðin
17.00 Brunabilarnir
17.24 Ljótí andarunginn og ég
17.46 Hvellur keppnisbill
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.45 Doddi litli og Eyrnastór
18.55 Tommi og Jenni
19.00 Surf's Up

Doddí litli og Eyrnastór
KL. 10.45, 14.46
OG 18.45



GULLSTÖÐIN

18.40 The Big Bang Theory
19.05 Friends
19.25 The New Girl
19.50 Modern Family
20.15 Tekinn 2
20.45 Chuck
21.30 Klovn
22.00 Cold Case
22.45 Cold Feet
23.35 The Sopranos
00.25 Tekinn 2
00.55 Chuck
01.40 Klovn
02.05 Cold Case
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

BÍÓSTÖÐIN

11.45 Tammy
13.25 To Rome With Love
15.15 Ghosts of Girlfriends Past
16.55 Tammy
18.30 To Rome With Love
20.20 Ghosts of Girlfriends Past
Frábær, rómantísk gamanmynd með úrvalsleikurunum Matthew McConaughey, Jennifer Garner og Michael Douglas í aðalhlutverkum. Sagan er lauslega byggð á jólasögu Charles Dickens þar sem gamlar kærustur kvennabósans Connors Meads (McConaughey) birtast honum hver á fætur annarri í brúðkaupi bróður hans.
22.00 Sex Tape
23.35 Special Forces Spennumynd frá 2011 með Diane Kruger og Djimon Hounsou í aðalhlutverkum. Elsa Casanova er fréttaritari í Afganistan. Henni er rænt af talibönunum og hennar biður ekkert nema dauðinn, nema sérsvait nái að bjarga henni úr höndum hryðjuverkamannanna.
01.25 Blue Ruin
02.55 Sex Tape

RÚV

17.15 Rætur
17.45 Táknafréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Finnbogi og Felix
18.18 Sigildar teiknimyndir
18.26 Finni kostur
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikingalottó
19.00 Fréttir
19.20 Veður
19.25 Ísland - Portúgal Bein útsending
21.15 Neyðarvaktin
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.20 Charlie Hebdo: Atlagan að Paris
23.15 Glæpasveitin
00.15 Fréttir
00.30 Dagskrárlök

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 Kitchen Nightmares
09.45 Minute To Win It
10.30 Pepsi MAX tónlist
13.25 King of Queens
13.50 Dr. Phil
14.30 Black-ish
14.55 The Good Wife
15.40 America's Next Top Model
16.20 Solsidan
16.40 Life In Pieces
17.05 Grandfathered
17.30 The Grinder
17.50 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon
19.10 The Late Late Show with James Corden
19.50 The Millers
20.15 Survivor
21.00 Complications
22.05 The Tonight Show with Jimmy Fallon
22.45 The Late Late Show with James Corden
23.25 Sleeper Cell
00.10 Agents of S.H.I.E.L.D.
00.55 Zoo
01.40 Complications
02.45 The Tonight Show with Jimmy Fallon
03.25 The Late Late Show with James Corden
04.05 Pepsi MAX tónlist



19:50

HEIMSÓKN

Sindri Sindrason heimsækir hjónin Bryndísi Schram og Jón Baldvin Hannibalsson á fallegt og sjarmerandi heimili þeirra í Reykjadal.

FRÁBÆRT
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:15

COVERT AFFAIRS

Skemmtileg þáttaröð um CIA fulltrúana Annie og Auggie og samband þeirra bæði innan og utan vinnunar.



21:00

FLESH AND BONE

Dramatískir þættir um Claire sem er ungur og hæfileikarík dansari í New York. Hún lifir og hrærist í kröfuhörðum dansheiminum og á ekki alltaf sjö dagana sæla.



22:00

CATASTROPHE


Önnur þáttaröðin um þau ameríska Rob og hina írsku Sharon sem hófu kynni sín á skemmtistaði í London og upp frá því réðust örlög þeirra.



22:00

SEX TAPE

Cameron Diaz og Jason Segel leika hjón sem verða fyrir því óhappi að kynlífsmyndband sem þau taka upp heima hjá sér ratar á netið.



21:30

KLOVN

Fjórða þáttaröðin um þá félaga Frank og Casper og þeirra ótrúlegu ævintýri sem oft á tíðum eru meira en lítið neyðarleg.



18:00

DÓRA LANDKÖNNUÐUR

Skemmtilegur þáttur með vinsælustu vinkonu allra barna, Dóru og apanum hennar Klossa.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



ÚTSALAN

OKKAR HEFST Í DAG

ALLT AÐ

70%

AFSLÁTTUR



FRÁBÆRT
ÚRVAL!

FRÁBÆR
VERÐ!



EKKI MISSA AF ÞESSU - VERIÐ VELKOMIN
Í HOLTAGARÐA OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR
DÝRIN YKKAR

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini


♥ GÆÐIN SKIPTA MÁLI

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins

Sími 568 66 68

Opið 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

Næg bílastæði á efra plani



Taka þetta í litlum skrefum

Ég hætti ekkert minni rútínu þegar ég fer í jólafrí, því ég finn að ef ég hætti að hreyfa mig og fá frískt loft, þá er ekki von á góðu. Þetta er bara lífsmunstur sem ég hef komið mér í og ávani. Maður þarf að aga sig í að fara út að ganga þó maður sé ekki að fara slá Íslandsmet í spretthlaupi í þeirri göngu," segir Friðrika Hjördis Geirsdóttir fjölmiðlakona, betur þekkt sem Rikka, um sínar lífsstílsbreytingar yfir hátíðarnar.

Hún hvetur fólk til þess að finna sér einhverja hreyfingu sem það hefur áhuga á. „Með því að hreyfa sig fer maður að hlusta betur á líkama sinn. Mér finnst líka skipta gríðarlega miklu máli að finna eitthvað sem maður hefur áhuga á að gera þegar maður er að hreyfa sig. Það er gott að gera eitthvað í góðum félagsskap, þá skapast góð orka," segir Rikka. Hún nýtir hreyfingu einnig til þess að hlusta á uppbyggjandi hljóðbækur. „Ég hlusta auðvitað á góða tónlist en einnig hlusta ég á góðar og uppbyggjandi hljóðbækur þegar ég hreyfi mig.“

Hún er með ýmis plön fyrir árið og er til að mynda að hefja gönguskíðaferil sinn í vikunni. „Ég er byrja á gönguskíðanámsskeiði á fimmtudaginn. Ég ætla taka Landvættinn, sem er mikil áskorun. Til þess að geta kallast Landvættur þarf ég að ljúka fjórum íþróttakeppnum í fjórum landshlutum innan ákveðins tímaramma.“

Hún hvetur fólk sem er að byrja í líkamsrækt til að byrja í litlum skrefum. „Fólk sem er að byrja að hreyfa sig á að taka þetta í litlum skrefum, það er bara að byrja einhvers staðar eins og að hlaupa á milli ljósa-staura, þetta skilar sér allt í betra líkamlegu og andlegu ástandi. Þeir sem eru lengra komnir ættu endilega að setja sér markmið.“

Rikka hvetur fólk til þess að hugsa vel um líkama sinn. „Maður verður að byrja á sjálfum sér því maður fær bara einn líkama. Ef þú hugsar vel um hann getur þú gefið meira af þér. Það eru litlu skrefin sem skipta svo miklu máli því það er svo auðvelt að gefast upp. Hreyfing gengur ekki út á það að ná sixpakk eða vöðva-massa, heldur bara að láta sér líða vel.“



Kaldur hversdagsleikinn tekur við

Mörgum þykir erfitt að takast á við hinn svekkjalda hversdagsleika og koma sér í sína rútínu á nýjan leik eftir hátíðarnar. Fólk er þó misjafnt og tekst á við áskoranir sínar með misjöfnum hætti. Fréttablaðið ákvað að kanna hvernig nokkrir einstaklingar takast á við lífsstílsbreytingarnar sem oft á tíðum fylgja hátíðunum.

Þýðir ekkert að setja neinar reglur

Ég er kannski ekki besti maðurinn til þess að spyrja út í hvernig maður kemur sér aftur í rútínu eftir hátíðarnar, því mitt líf býður ekki upp á mikla rútínu, þetta er meira endalausar tarnir. Aðalatriðið er að ljúga því að sér á morgnana, að nú sé daginn farið að lengja og passa að skammta ofan í sig kaffið, þ.e.a.s. að fá sér ekki kaffisopa þegar manni dettur í hug heldur á ákveðnum tímum," segir þingmaðurinn og tónlistarmaðurinn Óttarr Proppé um það hvernig hann hyggist takast á við amstur

dagsins eftir hátíðarnar. Hann segist ekki vera með nein sérstök plön á nýju ári. „Nei, ég er löngu vaxinn upp úr því að gera plön fyrir sjálfan mig. Ég reyni að vera hollur en fyrir mig þá þýðir ekkert að setja neinar reglur um þetta," segir Óttarr léttur í lundu.



Rokkarinn segist ekki luma á neinu sérstöku heilræði fyrir landsmenn en vill þó meina að góðir göngutúrar séu allra meina bót. „Nei, ég hef engin heilræði þannig séð, bara að það er hollt að reyna að horfa út á sjóinn og taka sér reglulega göngutúra, það hefur þau áhrif að heilinn gerir hlutina sjálfur.“

Hvernig tæklum við hina rútínuna?


Flestum þykir gott að komast aftur í rútínu eftir lengra frí. Jólafríð er þar engin undantekning og í upphafi nýs árs setja margir sér markmið eða strengja áramótaheit. Vissulega eru áramót tímamót þar sem gagnlegt er að líta til baka, þakka fyrir það sem árið veitti okkur, hvaða krefjandi verkefni eða hindranir sem við máttum yfirstiga eða takast á við. Þá er líka ágætt svona í upphafi árs að hugsa með sér hvernig vil ég minnast ársins 2016," segir Kristín Leifsdóttir, sálfræðingur hjá Heilsustöðinni, en hún tók saman nokkra punkta sem gott getur verið að hafa í huga þegar barist er við að komast aftur í rútínuna.

» Í upphafi árs getur verið ágætt að hugsa hvernig maður vill minnast ársins í lok þess.

- Nauðsynlegt er að hafa markmiðin skýr og raunhæf, setja sér markmið sem fela í sér áskorun sem við treystum okkur til að takast á við. Einnig er mikilvægt að átta sig á tilgangi markmiðsins, hvað á það að gefa okkur? Betri heilsu eða meiri tíma með okkar nánustu?
- Mörg markmið og áramótaheit snúa að heilsu og lífsstíl. Flestir

vilja öðlast betri heilsu og bættan lífsstíl. En hvernig, hvaða athafnir eru líklegar til að stuðla að bættri heilsu? Eins er mikilvægt að skilgreina, hvað er góð heilsa, hvenær verð ég sátt/-ur og finnst ég hafa öðlast góða heilsu?

- Markmið geta verið til lengri eða skemmri tíma. Áramótaheit eru til heils árs. Við þurfum ekki að ná þessu markmiði í lok janúar, heldur er mikilvægt að gefa sér tíma. Sérstaklega þegar við viljum koma á nýjum venjum og síðum sem við viljum halda fast í til lengri tíma þurfum við að leyfa okkur að aðlagast breyttu mynstri. Það gerist ekki á einum degi eða tveimur.



Aldrei of seint að breyta til

Vanalega leyfi ég mér nú alveg rosalega mikið og sukka því ekkert mikið meira yfir hátíðarnar heldur en dags daglega! Ég er lítið fyrir kjöt þannig að ég er ekki mikið að borða þetta salta og reyktu kjöt. Hins vegar er ég sjúk í smákökur og isinn sem mamma býr til og það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim frá Malasíu um daginn var að borða hálfan litra af ís. Þetta er því ekkert svo mikil breyting eftir hátíðarnar," segir Tanja Ýr Ástþórsdóttir, ungfrú Ísland árið 2013 og bloggari, þegar hún er spurð hvernig hún komi sér aftur í rútínu eftir hátíðarnar.

Hún segist ekki vera mikið fyrir það að taka stórar ákvarðanir fyrir nýtt ár. „Ég set mér venjulega ekki ákveðin markmið á nýju ári heldur tek ég yfirleitt einn dag í einu sem mitt markmið. Það skiptir ekki máli að komast í besta form lífs síns, heldur finnst mér betri hugmynd að gera eitthvað sem manni finnst gaman að gera," segir Tanja Ýr.

Hún segir þó að rútínukennin sé tiltölulega ný af nálinni hjá sér. „Ég var algjör „rollercoaster“ fyrir svona ári en er talsvert rútínukennari í dag. Fólk á að gera það sem lætur því líða vel og ef því líður illa, þá er gott að skoða hverju það getur breytt. Það er líka gott að hafa einhvern féлага eða vin með sér í því, til dæmis að mæta í ræktina, mér finnst það vera mikil hvatning að hafa ræktarféлага og það getur hjálpað fólk sem vill byrja að hreyfa sig.“

Það helsta í hennar plani er að byrja í fitness-boxi. „Mig langar mest að fara að æfa eitthvað, það er mitt helsta plan. Ég byrjaði í fitness-boxi í Hnefaleikastöðinni áður en ég fór út til Malasíu en þurfti að hætta. Mig langar mikið að fara þangað aftur. Það er svo gaman æfa í hóp þar sem maður kynnist fólki.“

Hennar heilræði til fólks á nýju ári er að það er aldrei of seint að breyta til og hugsa jákvætt. „Þegar fólk er að borða óhollt eins og til dæmis snakk, þá hugsar það oft, ég held bara áfram í snakkinu og að það taki því ekkert að breyta til. Mér finnst að fólk eigi frekar að hugsa, hvað á ég að gera næst og hugsa um hvernig það langi að verða. Fólk á ekkert að vera að horfa til baka heldur frekar að hugsa jákvætt og horfa fram á veginn. Það er aldrei of seint að breyta til, byrja að hugsa jákvætt og hugsa um hvað maður geti gert betur.“

Tilboðið gildir til
25. janúar 2016

Ókeypis prufutími

GYM heilsa hefur ánægju að bjóða þér í ókeypis prufutíma í tækjasal og sund á eftir.



Nauðsynlegt er að hringja og panta tímann sem fer fram undir leiðsögn þjálfara GYM heilsu.



Kveðja, GYM heilsa
Sundlaug Kópavogs - 570 0470
Salalaug - 570 0480

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS **39.990 KR.** (EINGREIÐSLA)

Það gera aðeins **3.333 kr.** á mánuði.

ÖRYRKJAR OG ELDRI BORGARAR GREIÐA AÐEINS **23.990.-**



Íþróttamiðstöðin Versalir



Sundlaug Kópavogs



Frítt er í alla hóptíma fyrir korthafa

GYM heilsa

Sundlaug Kópavogs / sími 570 0470
Íþróttamiðstöð Versalir / sími 570 0480

www.gymheilsa.is

DORMA

Láttu drauminn ræstast

**NÝTTU
TÆKIFÆRIÐ**
Komdu í Dorma



ÚTSALAN
í fullu fjöri
ALLT AÐ
{60%}
AFSLÁTTUR



20%
AFSLÁTTUR

BOGGIE 3ja sæta

Slitsterkt áklæði. Margir litir.
Stærð: 186 x 77 cm, H: 85 cm.

Verð: 99.900 kr.

Aðeins **79.920 kr.**



20%
AFSLÁTTUR

BOGGIE Stóll

Slitsterkt áklæði. Margir litir.

Verð: 54.900 kr.

Aðeins **43.920 kr.**

**NATURE'S
COMFORT**
heilsurúm

Nature's Comfort heilsudýni
með Classic botni.
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 164.900 kr.



Aðeins **123.675 kr.**



Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á botni.

25%
AFSLÁTTUR

O&D dúnsæng

STÓRI BJÖRN

-50% dúnn & 50% smáfiður

Fullt verð: 19.900 kr.

30%
AFSLÁTTUR



Aðeins **13.930 kr.**

Holtagörðum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafjörður

Afgreiðslutími Rvk.
Mán. til fös. kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17
www.dorma.is

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Varist kokteilkjólana og geðvonskuköstin

Janúarútsölnurnar í öllu sínu veldi herja á Íslendinga um þessar mundir og það er ansi margt sem gott er að hafa í huga áður en farið er í slíkar svaðilfarir sem oftast en ekki einkenna frumskóg útsalanna.

Þungt loft og fólk með krónumerki í augum troðfyllir verslanir og verslunarkjarnana þegar brestur á með janúarútsölnunum, þar sem markmiðið er að gera bestu kaup ársins, allavega fram að næstu útsölu. Þórunn Ívarsdóttir og Lína Birgitta Camilla Sigurðardóttir eru hoknar af reynslu þegar kemur að útsöllum, og hafa ráð undir rífi hverju varðandi hvernig hægt er að gera gott úr slíkum aðstæðum. gudrun@frettabladid.is

NEYTENDASTOFA

Fimm góð ráð frá Daða Ólafssyni, sérfræðingi á neytendasviði Neytendastofu.

1. Veltu fyrir þér hvort raunverulega sé um gott tilboð að ræða. Fordastu að einblína bara á afsláttinn og veltu heldur fyrir þér hvort verðið sé gott.
2. Veltu fyrir þér hvort þú hafir þörf fyrir vöruna og hvort varan sé úrelt eða hafi lítið notagildi þegar hún er keypt.

3. Mundu að verslanir eru ekki skyldugar til að bjóða upp á skilarett á ógölluðum vörum.
4. Bjóði verslun upp á skilarett þá gilda skilarettarskilmálar verslunarinnar um hann.
5. Það er tveggja ára lögbundin ábyrgð á gölluðum vörum. Það er þó yfirleitt ekki hægt að bera fyrir sig galla eftir á ef sérstök athygli var vakin á honum við kaupin.

Passa sig á kokteilkjólum sem aldrei fara í boð

„Ég fer á hverju ári með vinkonu minni á janúarútsölnurnar og hef gert í mörg ár. Þetta er ómissandi partur af nýju ári fyrir okkur,“ segir Lína Birgitta sem segir íslenskar verslanir standa sig sífellt betur í þessum efnunum, en ekki sé langt síðan vart hafi verið þverfótað fyrir arfaslökum útsöllum. „Ég er þó ánægðust með að komast á útsölur erlendis, en er ánægð með hvernig þetta er að þróast hér heima.“ Lína segir grundvallaratriði að fólk sé meðvitað um hvað það virkilega þarf í fataskápinn áður en það leggur af stað í leiðangurinn.

„Það munar auðvitað miklu í verði, og þó maður sjái eitthvað sem kostar ótrúlega lítinn pening, þarf maður að spyrja sig hvort maður komi raunverulega til með að nota vöruna. Er varan að fara að hanga mestmegnis inni í skáp? Að kaupa vöru sem manni finnst sæmileg, eða svona „lala“ eiginlega bara af því að hún er á svo miklum afslætti, fellur um sjálft sig ef maður notar hana ekkert og því hefði verið sniðugra að kaupa frekar dýrari vöru, og nota hana,“ útskýrir Lína. Hún hvetur kynsystur sínar jafnframt til að skilja réttlætningar á borð við „ég mun bókað nota þennan kjól í kokteilkjöli“ eftir heima. „Það kannast



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

örugglega flestar við þetta. Að finna geggjadan kjól, sem passar stórkostlega og spyrja sig svo hvenær maður gæti mögulega notað hann. Og þá sannfærir maður sig um að hann sé fullkominn kokteilkjöll. Ég á fullan skáp af þessum kjólum, og hef á minni tuttugu og fimm ára ævi farið í eitt kokteilkjöli. Maður fer aldrei í neitt kokteilkjöli, og ef maður gerir það, þá fer maður ekki í svona kjól,“ bendir Lína á og skelli-hlær.

GÁTLISTI LÍNU

1. Finna út hvað virkilega vantar í skápinn. Er það skór? Buxur? Gott að spyrja sig hvort maður muni í alvöru nota vöruna. Hreinskilni borgar sig.
2. Gott að hugsa: „Myndi ég kaupa þessa flik fyrir upprunalegt verð?“ Ef svarið er já, er óhætt að skella sér á kassann, ef svarið er nei, eru allar líkur á að hún endi aftast í skápnum þegar heim er komið.
3. Er líkur á að þessi guðdómlegi kjóll muni koma sér vel í kokteilkjölinu sem þér verður líklega ekki boðið í? Sleptu honum.
4. Skipulagið skiptir máli. Gott er að ákveða í hvaða búðir skuli fara til að koma í veg fyrir að enda með spirál í augunum í rangölum verslunarmiðstöðvarinnar.
5. Passa sig á að kaupa ekki vöru sem eru við það að detta úr tisku. Fólk á auðvitað að kaupa það sem þau langar í, en fyrir þá sem þæla í svona hlutum er gott að hafa þetta bak við eyrað.

Þarf ekki að kaupa þó verðið sé ótrúlega gott

„Alltaf þegar ég fer á útsölu, nota ég nánast aldrei það sem ég kaup. Ég er ekki að tala illa um útsölur, en þær virðast ekki henta mér sérstaklega þar sem ég enda alltaf í nýju vörum,“ segir Þórunn og hlær. Hún segir öllu skipta að fólk vandi valið, og kaupir ekki eitthvað bara vegna þess að varan kosti minna en hún gerði einhvern tíma.

„Það er ekki sniðugt að láta freistast af því að varan kostar bara þrjú þúsund kall, eða eitthvað. Þetta eru enn þá peningar, sem þú gætir til dæmis notað í tvær, þrjár máltíðir.“ Þórunn segist þó hrifnust af að detta á útsölur erlendis, og nefnir þar Bandaríkin. „Það er frábært að komast á vetrarútsölur í Flórída til dæmis, þá getur maður fengið góðar úlpur, skó og þykkar peysur á góðu verði. Þetta gildir vissulega hér heima líka að einhverju leyti, og verður að segjast að janúarútsölnurnar eru betri en sumarútsölnurnar, þar sem það er alltaf kalt hérna á Íslandi,“ bendir hún glaðlega á. „Það sem skiptir líka



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

miklu máli þegar fólk fer á útsölur er, að vera ágætlega upplagður í þetta. Aldrei fara í vondu skapi, eða pirraður inn í mátunarklefa. Að máta eitthvað í brjáluðu skapi er ekki sniðugt, þá bara passar ekkert og allt verður ómögulegt.“

GÁTLISTI ÞÓRUNNAR

1. Kaupa beisik flikur, svo sem rúllukragaboli, yfirhafnir, góð vesti og leðurjakka. Þeir eru alltaf dýrir, svo það er gott að fá þá á útsöluverði.
2. Það er óhætt að kaupa góða skó, með alvöru vetrarsólum. Þeir munu nýtast. Ég mæli með Vagabond-útsöllum.
3. Passa sig á trendum, þau safnast upp á útsöllum.
4. Ekki kaupa eitthvað bara vegna þess að það er ódýrt.
5. Biðja um aðstoð starfsfólks, það veit alveg hvað það syngur.
6. Fara ekki að versla í fölu skapi. Ekki kaupa eitthvað sem er þakið rennilásnum.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Guðastaf Bjarnason guðastaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigrún Órn Einarsson sigrun@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansil@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


2016

JUSTIN BIEBER PURPOSE WORLD TOUR

ÁSAMT SÉRSTÖKUM GESTUM

2

DAGAR Í MIÐASÖLU



AUKATÓNLEIKAR

8. SEPTEMBER • KÓRINN

MIÐASALA HEFST Á FÖSTUDAG KL. 10!



MIÐASALA Á TIX.IS · NÁNAR Á SENA.IS/BIEBER
#PURPOSEWORLDTOUR | JUSTINBIEBERMUSIC.COM

concerts west



SB PROJECTS



Bakþankar

Mariu Elísabetar
Bragadóttur



Æðruleysi 2016

Hingað til hafa tímamót einkennst af svæsum aðskilnaðarótta hjá mér. Kaupi hugmyndir um breytingar treglega. Mér fannst gamla árið fint og ætti því að vera á varðbergi gagnvart 2016. Engin trygging er fyrir því að leiðin liggji ekki niður á við. Lengi getur vont versnað. Hef auðvitað verið gunga frá fyrstu tíð. Óttaðist allt sem barn. Flugelda, grasorma, ryksugur, afturgöngur og vatnsrennibrautir. Með árunum vitkaðist ég og ótti minn margfaldaðist og dýpkaði.

Óttaðist unglunga, svifryksmengun, krabbamein, teflonpönnur, náttúruhamfarir og örbylgjuhitadán mat. Heyrði því fleygt að það væru eittraðar plastagnir í tannkremi. Skemmst er frá því að segja að nóturleg leikslok verða eflaust ekki umflúin. Hef ævinlega stigið varlega til jarðar því ég veit að tilveran er jarðsprengjusvæði. Hvar svo sem ég drep niður fæti blasa hætturarnar við. Nú hefur óttinn hins vegar þrýst mér að endimörkum sínum.

Með heimsendaþefi vitunum. Kemst ekki lengra og útiloka því ekki að hin frumstæða hræðsla víki fyrir einhverju öðru. Til dæmis auðmýkt og æðruleysi gagnvart hnignandi siðmenningu og endalokum alls. Áður fyrr hefði ég verið friðlaus af ótta yfir geigvænlegri þróun. Á nálum yfir því að allir flytu hraðbyri sofandi að feigðarósi með engar vekjaraklukkur stilltar.

En nú yppi ég öxlum. Dælið svifryki í lungun mín og mokið eitruðu tannkremi í augun á mér! Stingið mér í örbylgjuna þess vegna! Ég teygdi mig þá bara í fiðluna. Munda bogann og nýt þess að finna hitann frá eldhafinu verma kinnarnar. Fylgist með logunum sleikja húsveggina og horfi á gervalla borgina brenna. Á meðan sarga ég fiðluna af einhverju sem enginn myndi kalla list en einhver myndi kannski kalla æðruleysi.

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
Vesturbergi og
Arnarbakka



Iceland

Póst dreifing

við komum því til skila

VIÐ ELSKUM SNJÓ EN...

værirðu til í að
hafa útiljósinn kveikt
og stéttina auða
... fyrir okkur?

www.postdreifing.is

Framtíðin er full af möguleikum

Öllum þykir gaman að velta fyrir sér hvað framtíðin muni færa þeim af spennandi viðfangsefnum og áskorunum.

Okkar hlutverk er að auðvelda þér að leggja grunn að farsælli framtíð með traustri fjármálaráðgjöf.

Kynntu þér það sem við höfum að bjóða á arionbanki.is eða komdu við hjá okkur til að ræða þína framtíð.

 **Arion banki**
- fyrir framtíðina

